

2022 – 2023

Ársskýrsla Grunnskólans á Ísafirði



Grunnskólinn á Ísafirði

Austurvegur 6

400 Ísafjörður

Efnisyfirlit

INNGANGUR	3
ÝMSAR UPPLÝSINGAR	4
STJÓRNENDUR GRUNNSKÓLANS Á ÍSAFIRÐI 2022-2023	4
NEFNDIR RÁÐ OG TEYMI 2022-2023	4
STJÓRNENDUR OG STARFSFÓLK GRUNNSKÓLANS Á ÍSAFIRÐI 2022-2023	6
NEMENDAFJÖLDI SKÓLAÁRIÐ 2022-2023	8
FJÖLDI KENNSLUSTUNDA	8
SAMSTARF HEIMLIS OG SKÓLA	9
SKÝRSLUR UMSJÓNARKENNARA 1.- 7. BEKKJA	9
1. BEKKUR.....	9
2. BEKKUR.....	13
3. BEKKUR.....	17
4. BEKKUR.....	20
5. BEKKUR.....	23
6. BEKKUR.....	25
7. BEKKUR.....	29
SKÝRSLUR 8. – 10. BEKKJA	33
SKÝRSLA DEILDARSTJÓRA UNGLINGASTIGS	33
8. BEKKUR.....	34
9. BEKKUR.....	36
10. BEKKUR.....	40
STOÐÞJÓNUSTA	42
SKÝRSLA DEILDARSTJÓRA STOÐÞJÓNUSTU	42
NÁMSVER.....	44
ÍSLENSKA SEM ANNAD MÁL.....	44
SÉRKENNSLA OG ÍSAT.....	44
NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF	50
SÉRGREINAR	51
HEIMLISFRÆÐI	51
ÍÞRÓTTIR	56
HÖNNUN OG SMÍÐI	57
TEXTÍLMENNT.....	60
MYNDMENNT	62
ÝMSAR VALGREINAR	62
FAGTEYMI	64
ÍSLENSKUTEYMI	64
UPPBÝGGINGARTEYMI	65
SJÁLFBÆRNITEYMI.....	65
HEILSUEFLINGARTEYMI	66
TEYMI ALMANNATENGLA OG NÝSKÖPUNAR.....	67
TEYMI UM BYRJENDALÆSI	68
TEYMI UM LEIÐSAGNARNÁM.....	70
TEYMI UM INNRA MAT 2022 – 2023	70
ÝMSAR SKÝRSLUR	71
BÓKASAFN GRUNNSKÓLANS Á ÍSAFIRÐI	71
SKÓLARÁÐ	72
FJÁRHAGSÁÆTLUN SKÓLANS	72
STARFSMARKMIÐ 2022-2023	73
SAMRÆMD PRÓF.....	74
FORFÖLL NEMENDA	74

FORFÖLL STARFSFÓLKS.....	75
SAMSTARF GRUNNSKÓLANS OG LEIKSKÓLANNA	75
STARFSMANNASAMTÖL	75
AÐKEYPT ÞJÓNUSTA.....	75
SKRIFSTOFA GRUNNSKÓLANS Á ÍSAFIRÐI	75
SAMVINNA OG TENGLI VIÐ AÐILA UTAN SKÓLANS	76

Inngangur

Ársskýrsla Grunnskólans á Ísafirði (GÍ) kemur nú út í átjándi skipti. Sumarið 2004 var fyrstu skýrslu um skólahald GÍ skilað til Skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar og fræðslunefndar. Tilgangurinn með ritun hennar er að halda til haga helstu upplýsingum um starfsemi nýliðins skólaárs. Henni er dreift til stjórnar foreldrafélagsins, nemendaráðs, Skóla- og tómtundasviðs Ísafjarðarbæjar, fræðslunefndar, bókasafns skólans og stjórnenda skólans. Skýrslan liggur frammi á kaffistofu starfsfólks GÍ og er vistuð á heimasíðu skólans <http://grisa.isafjordur.is>

Skýrslan er sett saman með það í huga að gefa upplýsingar um allt það góða og fjölbreytta starf sem unnið hefur verið á þessu skólaári í Grunnskólanum á Ísafirði. Skólaárið var viðburðarríkt og einkenndist sem fyrr af gróskumiklu starfi. Í aðalnámskrá grunnskóla er birt viðmiðunarstundaskrá sem sýnir áætlaða tímaskiptingu og fjölda kennslustunda í tilteknum námsgreinum/árgöngum. Í GÍ leggja stjórnendur allt kapp á að uppfylla lög og reglur varðandi lágmarkstímafjölda í bekkjum. Yfirlit yfir flest það sem unnið er í bekkjum má sjá í skýrslum umsjónarkennara og sérgreinakennara og hér verður aðeins tæpt á nokkrum atriðum til viðbótar.

Skólinn nýtir sér meðal annars sjálfsmatsaðferðina *How good is our school*, sem á íslensku er nefnt *Gæðagreininir*, til innra mats á starfi skólans. Um er að ræða skoskt matskerfi var þýtt og staðfært af starfsfólki hjá Skólaskrifstofu Skagfirðinga. Gæðaramminn er hjálpartæki, þar sem m.a. eru sett fram dæmi um gæðaviðmið og gagnlegar spurningar um skólastarf. Kjarni sjálfsmats-aðferðarinnar er að sem flestir í skólastarfinu taki þátt í samræðum um skólastarfið út frá skilgreindum viðmiðum og styðjist við samræmda einkunnagjöf. Þessi aðferð er notuð í öllum skólum Ísafjarðarbæjar og eru þeir nú með samræmda matsáætlun til fimm ára.

Stóra upplestrarkeppnin var á sínum stað sem og litla upplestrkeppnin, þemadagar voru haldnir undir yfirskriftinni *Pláss fyrir alla*. Árhátíð var í mars og fór vel fram og heppnaðist mjög vel. Vorferðir nemenda og uppbrotsdagar með útinámi voru með ýmsu móti í maí. Áfram var haldið með innleiðingu leiðsagnarnáms og ýmis teymi kennara voru starfrækt á skólaárinu.

Skólaárinu lauk með hátíðlegri athöfn í Ísafjarðarkirkju þar sem skólanum var slitið í 149. sinn fimmtudaginn 8.júní og nemendur í 10. bekk útskrifaðir.

Kristján Arnar Ingason, skólastjóri

Ýmsar upplýsingar

Stjórnendur Grunnskólans á Ísafirði 2022-2023

Skólastjóri	Kristján Arnar Ingason
Aðstoðarskólastjóri	Helga S. Snorradóttir
Deildarstjóri stoðþjónustu	Sóley Veturliðadóttir
Deildarstjóri unglíngastígs	Guðbjörg Halla Magnadóttir
Náms- og starfsráðgjafi	Inga Bára Þórðardóttir
Húsvörður	Ralf Trylla

Nefndir ráð og teymi 2022-2023

Heimasíða Helga S. Snorradóttir

Fulltrúar í skólaráði Kristín Ólafsdóttir
Harpa Henrysdóttir

Nemendaverndarráð Kristján Arnar Ingason, skólastjóri
Helga S. Snorradóttir, aðstoðarskólastjóri
Guðbjörg Halla Magnadóttir, deildarstjóri
Sóley Veturliðadóttir, deildarstjóri
Inga Bára Þórðardóttir, náms- og starfsráðgjafi
Helena Hrund Jónsdóttir, skólahjúkrunarfræðingur
Dagný Sif Snæbjarnardóttir, deildarstjóri barnaverndar
Guðrún Birgisdóttir, frá skóla- og tómstundasviði

Skólahjúkrunarfræðingur Helena Hrund Jónsdóttir

Eineltisvarnarteymi Inga Bára Þórðardóttir, náms- og starfsráðgjafi, umsjón
Kristján Arnar Ingason, skólastjóri
Helga S. Snorradóttir aðst.skólastjóri
Sóley Veturliðadóttir, deildarstjóri stoðþjónustu.
Guðrún Birgisdóttir, skóla- og tómst.sviði

Áfallaráð Kristján Arnar Ingason, skólastjóri
Helga S. Snorradóttir, aðst. skólastjóri
Elmar Björgvin Skúlason, ritari
Inga Bára Þórðardóttir, náms- og starfsráðgjafi
Helena Hrund Jónsdóttir, skólahjúkr.fræðingur
Magnús Erlingsson, sóknarprestur

Trúnarðarmaður kennara Bjarnveig Jakobsdóttir

Trúnaðarmaður VerkVest	Elmar Björgvin Skúlason
Trúnaðarmaður Kjölur	Ólöf Anna Benediktsdóttir
Öryggistrúnaðarmenn	Eiríkur Gísli Johansson Elva J. Jóhannsdóttir Magnúsína L. Harðardóttir
Stjórn starfsmannafélags	Arna Sæmundsdóttir, formaður Elva Jóhannsdóttir, gjaldkeri Sóley Veturliðadóttir, ritari Alma Björk Sigurðardóttir, meðstjórnandi, Sigríður Guðjónsdóttir, meðstjórnandi, Helga S. Snorradóttir og Jón Heimir Hreinsson skoðunarmenn reikninga
Sjálfbærni	Sóley Veturliðadóttir Salka Gústafsdóttir Kristrún Halla Gylfadóttir Jón Heimir Hreinsson Axel Sveinsson Guðlaug Jónsdóttir
Innra mat	Helga S. Snorradóttir Magnúsína L. Harðardóttir Inga Bára Þórðardóttir
Heilsuefling	Auður Yngvadóttir Katrín Björnsdóttir Berglind Árnadóttir Atli Freyr Rúnarsson Salóme Elín Ingólfssdóttir Sigurrós Eva Friðþjófsdóttir Árni Heiðar Ívarsson Sigríður Guðjónsdóttir Katrín Sif Kristbjörnsdóttir
Íslenska	Guðlaugur Viðar Valdimarsson Jón Ólafur Eiríksson María Lárusdóttir Iwona Maria Samson Bergþóra Sveinsdóttir
Uppbygging	Guðbjörg Halla Magnadóttir Harpa Sjöfn Friðfinnsdóttir Guðný Stefanía Stefánsdóttir

Leiðsagnarnám	Arna Björk Sæmundsdóttir Árný H. Herbertsdóttir G. Harpa Henrysdóttir Jóhanna Ása Einarsdóttir Ástrún Jakobsdóttir Bergljót Halldórsdóttir
Byrjendalæsi	Marzena Glodkowska Kristín B. Oddsdóttir Helga E. Aðalsteinsdóttir Karen Sóley Jóhannsdóttir Bjarnveig S. Jakobsdóttir
Almannatengsl og nýsköpun	Jón Hallfreð Engilbertsson Kristín Ólafsdóttir Harpa Henrysdóttir Kristján Arnar Ingason Jón Halfdán Pétursson

Stjórnendur og starfsfólk Grunnskólans á Ísafirði 2022-2023

Við skólann störfuðu 76 starfsmenn í misstórum stöðuhlutföllum. Stjórnendur eru í 3,25 stöðugildum og kennarar eru í samtals 35 stöðugildum, 1 tómsunda- og félagsmálafræðingur, stuðningsfulltrúar í 9,5 stöðugildum, skólaliðar í 6 stöðum og aðrir starfsmenn í 6,66 (þar af 2,56 í mötuneyti) stöðugildum alls. Alls voru 61,41 stöðugildi við skólann. Skólastjóri þetta skólaár var Kristján Arnar Ingason og aðstoðarskólastjóri Helga S. Snorradóttir.

Alma Björk Sigurðardóttir	Stuðningsfulltrúi
Anwar A. Okab Al Sadoon	Skólaliði
Arna Björk Sæmundsdóttir	Grunnskólakennari
Atli Freyr Rúnarsson	Grunnskólakennari
Auður Yngvadóttir	Grunnskólakennari
Axel Sveinsson	Íþróttakennari
Álfheiður Elín Bjarnadóttir	Stuðningsfulltrúi
Árni Heiðar Ívarsson	Íþróttakennari
Árný Hallfríður Herbertsdóttir	Grunnskólakennari
Ásdís Birna Gylfadóttir	Leiðbeinandi
Ástrún Jakobsdóttir	Leiðbeinandi
Berglind Árnadóttir	Sérkennari
Berglind Ósk Aðalsteinsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Bergljót Halldórsdóttir	Grunnskólakennari
Bergþóra Kristín Borgarsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Bergþóra Sveinsdóttir	Tómsunda- og félagsmálafræðingur
Bjarnveig S Jakobsdóttir	Grunnskólakennari
Carolin Ursula Kraus	Bókavörður
Chisa Joy Ohiri	Skólaliði
Dorota Kozłowska	Skólaliði
Dorota Maria Krawczyk	Skólaliði

Eiríkur Gísli Johansson	Matráður
Elín Sveinsdóttir	Grunnskólakennari
Elísabet Una Jónsdóttir	Aðstoðarmatráður
Elmar Björgvin Skúlason	Skólaritari
Elva Jóhanna Jóhannsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Fríða Rúnarsdóttir	Grunnskólakennari
Guðbjörg Halla Magnadóttir	Deildarstjóri
Guðlaug Jónsdóttir	Grunnskólakennari
Guðlaugur Viðar Valdimarsson	Grunnskólakennari
Guðmundur Grétar Friðriksson	Stuðningsfulltrúi
Guðný Harpa Hilty Henrysdóttir	Leiðbeinandi
Guðný Stefanía Stefánsdóttir	Grunnskólakennari
Guðrún Birgisdóttir	Sérkennslufulltrúi
Harpa Sjöfn Friðfinnsdóttir	Grunnskólakennari
Heiðrún Björk Jóhannsdóttir	Leiðbeinandi
Helena Hrund Jónsdóttir	Skólahjúkrunarfræðingur
Helga Elísabet Aðalsteinsdóttir	Grunnskólakennari
Helga Sigfríður Snorradóttir	Aðstoðarskólastjóri
Helgi Hrannar Guðmundsson	Stuðningsfulltrúi
Inga Bára Þórðardóttir	Námsráðgjafi
Iwona Maria Samson	Sérkennari
Jóhanna Ása Einarsdóttir	Grunnskólakennari
Jón Hallfreð Engilbertsson	Grunnskólakennari
Jón Hálf dán Pétursson	Grunnskólakennari
Jón Heimir Hreinsson	Grunnskólakennari
Jón Ólafur Eiríksson	Leiðbeinandi
Jóna Björk Brynjarsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Katrín Björnsdóttir	Grunnskólakennari
Katrín Sif Kristbjörnsdóttir	Leiðbeinandi
Kjartan Elí Guðnason	Skólaliði
Kolbrún Guðjónsdóttir	Bókavörður
Kristín Haraldsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Kristín Berglind Oddsdóttir	Grunnskólakennari
Kristín Ólafsdóttir	Grunnskólakennari
Kristjana Þrastardóttir	Sérkennari
Kristján Arnar Ingason	Skólastjóri
Krístúr Halla Gylfadóttir	Leiðbeinandi
Magnúsína L Harðardóttir	Sérkennari
María Friðgerður Lárusdóttir	Grunnskólakennari
Marko Jurica	Skólaliði
Marzena Glodkowska	Grunnskólakennari
Ólöf Anna Benediksdóttir	Ritari
Qamar Firas Sultan Alsadoon	Stuðningsfulltrúi
Ralf Trylla	Húsvörður
Rannveig Halldórsdóttir	Bókasafnsfræðingur
Salka Gústafsdóttir	Grunnskólakennari
Salóme Elín Ingólfisdóttir	Leiðbeinandi
Sigríður Guðjónsdóttir	Íþróttakennari
Sigríður Jónsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Sigrún Waltersdóttir	Stuðningsfulltrúi
Sigurrós Eva Friðþjófsdóttir	Danskennari
Sigbór Snorrason	Stundakennari
Soffía Ásrún Ingimarsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Sonia Ewelina Mazur	Stuðningsfulltrúi
Sóley Veturliðadóttir	Deildarstjóri stoðþjónustu
Sveinfríður U Halldórsdóttir	Stuðningsfulltrúi

Telma Björk Sörensen
Teresa Maria Richter
Póra Steinunn Gunnarsdóttir

Hjúkrunarfræðingur
Skólaliði
Stuðningsfulltrúi

Nokkur starfsmannavelta litaði skólastarfið á þessu ári. Tveir starfsmenn voru í langtímaveikindum allt skólaárið og tveir tæplega hálfan veturinn. Tveir kennarar og skólaritari fóru í fæðingarorlof. Nokkrir starfsmenn voru í nokkrar vikur í veikindaleyfi.

Nemendafjöldi skólaárið 2022-2023

Nemendur í lok skólaársins voru 382.

Bekkir	Alls	Umsjónarkennari
1.BJ	21	Bjarnveig S. Jakobsdóttir
1.KO	19	Kristín Oddsdóttir
2. HA	15	Helga Aðalsteinsdóttir
2. MG	14	Marzena Glodkowska
2. KSJ	16	Harpa Sjöfn Friðfinnsdóttir
3. ÁH	16	Árný Herbertsdóttir
3. KG	15	Kristrún Halla Gylfadóttir
4. ÁJ	25	Ástrún Jakobsdóttir
5.SG	23	Salka Gústafsdóttir
5.JE	24	Jón Ólafur Eiríksson
6.AY	24	Auður Yngvadóttir
6. ÁE	20	Jóhanna Ása Einarsdóttir
7. GS	22	Guðný Stefanía Stefánsdóttir
7. KB	22	Katrín Björnsdóttir
8. HS	33	G. Harpa Henrysdóttir / Salóme Elín Ingólfsdóttir
9. AK	39	Atli Freyr Rúnarsson / Katrín Sif Krisbjörnsdóttir
10. AJ	33	Arna Björk Sæmundsdóttur / Jón Halfdán Pétursson

Samtals 383 nemendur

Fjöldi kennslustunda

Árið 2022-2023 var Grunnskólanum á Ísafirði úthlutað 907 kennslustundum á viku. Kennslustundirnar sem nýttar voru til kennslu voru um 907.

Samstarf heimilis og skóla

Grunnskólafélag Ísafjarðarbæjar hefur það að leiðarljósi að skólastarf sé samvinnuverkefni nemenda foreldra og starfsfólks skólanna. Grunnskólinn á Ísafirði leggur áherslu á að stuðla að virku samstarfi við foreldra. Gefin er út skólahandbók á hverju hausti og birt á heimasíðu skólans. Heimasíða skólans er uppfærð reglulega og allar upplýsingar og fréttir er varða skólastarfið birtast þar. Foreldrar hafa aðgang að upplýsingum um börn sín í Mentor.is. Nemendur í 1.-7. bekk fá heimavinnuáætlanir í hverri viku en á unglingastiginu er oft sendur tölvupóstur til foreldra um heimavinnu og upplýsingar um heimavinnu, verkefni og námsmat birtist jafnóðum á mentor.

Í ágúst voru allir nemendur í 1. bekk boðaðir í viðtal, ásamt foreldrum, við umsjónarkennara.

Sérstakur kynningarfundur var haldinn í lok maí fyrir nemendur og foreldra í 9. bekk um væntanlegt starf næsta vetrar sem hefst að vanda með tveggja daga gönguferð í Hornstrandafriðlandið. Foreldrar eru ætíð hvattir til að hafa samband við kennara barna sinna um leið og áhyggjur vakna og skólinn gerir slíkt hið sama ef einhver mál þarf að ræða sérstaklega.

Í stjórn félagsins eru: Axel Överby, Fanney Pálsdóttir, Sveinbjörn Magnason, Sædis María Jónatansdóttir og formaðurinn Þórunn Sigurbjörg Berg.

Skýrslur umsjónarkennara 1.- 7. bekkja

1.bekkur

Nemendur árgangsins voru 41, en einn nemandi flutti erlendis í febrúar. Nemendur skiptust þannig; 21 nemendur voru í 1. BJ, umsjónarkennari Bjarnveig S. Jakobsdóttir og 20 nemendur í 1. KO, umsjónarkennari Kristín B. Oddsdóttir. Sérkennari með ÍSAM var Magnúsína Harðardóttir með einn nemanda. Sérkennsla var af skornum skammti meginhluta vetrar. María Lárusdóttir var með sérkennslu og Sóley Veturliðadóttir þroskaþjálfari hitti nokkra nemendur hluta vetrar (hljóðkerfisvitund o.fl.). Sigþór Snorrason hitti nokkra nemendur hluta vetrar (samskipti, hegðun o.fl.).

Kennt var í stofum 102 og 103. Aðrir kennarar voru Axel Sveinsson og Árni Heiðar Ívarsson kenndu íþróttir. Árni Heiðar Ívarsson kenndu sund. Kristín B. Oddsdóttir kenndi dans og Eva Friðþjófsdóttir kenndi dans og heimilisfræði. Bjarnveig S. Jakobsdóttir kenndi hönnun og smíði, Jón H. Engilbertsson kenndi myndmennt (sjónlistir) og Kristín B. Oddsdóttir kenndi textílmenn. Stuðningsfulltrúar í 1. BJ voru Soffía Á. Ingimarsdóttir og Qamar Firas Sultan Alsadoon. Stuðningsfulltrúar í 1. KO voru Sigrún Waltersdóttir og Qamar Firas Sultan Alsadoon. Axel Sveinsson sá um útivist í 1. KO og Bjarnveig S. Jakobsdóttir í 1. BJ. Rúna Esradóttir var með söngstundir (söngur og tónfræði) 1 sinni í viku í Tónlistarskóla Ísafjarðar. Auður Yngvadóttir kenndi tónmennti í 1. BJ og Krístrún H. Gylfadóttir í 1. KO.

Bekkjunum var kennt í eigin bekkjarstofum að mestu leyti. Eftirfarandi fög voru kennd: Stærðfræði 6 stundir, byrjendalæsi 14 stundir (íslenska, samfélags- og náttúrufræði, lífsleikni), útivist 1 stund, íþróttir 2 stundir, sund 1 stund, tónmennt 1 stund, heimilisfræði 1 stund, hönnun og smíði 1 stund, textílmenn 1 stund, myndmennt 1 stund, upplýsingatækni 1 stund og dans 1 stund. Í skólanum er kennt samkvæmt kennsluhugmyndum byrjendalæsis

og þar er íslensku-, náttúrufræði-, samfélagsfræði- og lífsleiknikennsla samþætt. Meginmarkmiðið er að börnin nái góðum árangri í lestri sem allra fyrst á skólagöngunni. Aðferðin gerir ráð fyrir því að hægt sé að mæta börnum með ólíka þekkingu og færni þar sem áherslan er á hópvinnu um leið og einstaklingsþörfum er mætt.

Íslenska

Í 1. bekk var aðal áherslan í íslenskukennslu á bókstafi og lestur. Vinnan í lestarkennslunni var mjög fjölbreytt og voru tveir bókstafir lagðir inn í hverri viku. Nemendur fengu að spreyta sig á mörgum og ólíkum verkefnum sem áttu að stuðla að færni og skilningi þegar kom að lestri og að hafa ánægju af því að lesa. Áhersla á heimalestur var mikil og unnu nemendur einnig hljóðsögu heima í tengslum við stafi vikunnar ásamt því að skrifa 15 orð í hverri viku. Byrjendalæsisvinnan í íslensku, samfélagsfræði og náttúrufræði var samþætt og unnið í þemaverkefnum. Í skrift var lögð áhersla á að nemendur héldu rétt á skriffæri og drægju rétt til stafs. Nemendur unnu skriftaræfingar, bæði frjálst og eftir forskrift í tengslum við stafi vikunnar, frjáls ritun auk fjölda annarra skriftarverkefna.

Stærðfræði

Undirstöðuhugtök stærðfræðinnar voru áhersluatriðin í 1. bekk. Áhersla var lögð á að nemendur ynnu með og þekktu tölur frá 0 og upp í 20, plús, mínus, talnaröð, talnalestur, talnalínu og talnaskilning o.fl. Nemendur fengu einnig þjálfun í að ræða og rökstyðja svör sín og niðurstöður. Hlutbundinni vinnu var gert nokkuð hátt undir höfði og notuðu nemendur t.a.m. kubba og talnagrindur þegar unnið var að úrlausnum.

Samfélags- og náttúrufræði

Í skólabyrjun var nemendum kynnt nánasta umhverfi skólans. Mikilvægi fjölskyldu og mismunandi fjölskyldumynsturs, vina og skólafélaga var einnig tekið fyrir og það að tilheyra hópi og hvernig maður ber sig að í hóp. Í tengslum við þetta var farið í gönguferðir um skólann og nánasta umhverfi hans. Farið var í fjallgöngu upp í Stóruvöð. Við fórum mikið um nærumhverfi skólans, m.a. í fjöruna, Jónsgarð og Neðsta Kaupstað. Hefð er fyrir því að fara í heimsókn í fiskvinnsluna Íslandssögu og Klofning á Suðureyri í tengslum við fiskaþema í Byrjendalæsi.

Lífsleikni

Verkefni samkvæmt Uppbyggingarstefnu voru unnin. Áhersla var lögð á að nemendur temdu sér virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum. Kynnt voru fyrir nemendum áhersluatriðin í Uppbyggingarstefnunni og bekkjarsáttmáli gerður. Einnig var farið vel í hlutverk nemenda og kennara. Unnið var mest með þarfir hvers og eins og mikilvægi þess að virða mörk annarra. Litahegðun var stór partur vetrarins, þar sem kennarar og nemendur nýttu sér hugmyndafræði þess í samskiptum og hegðun.

Tónmennt

Nemendur lærðu ýmis sönglög og þjálfuðust í að syngja þau saman. Einnig fóru nemendur í Tónlistaskólann 1x í viku til Rúnu Esradóttur í söngstund.

Myndmennt, textílmennnt, heimilisfræði og hönnun og smíði

Áhersla var lögð á að þjálfra hug og hönd nemenda og örva sköpunargleði þeirra. Mörg verkefni voru unnin í hverju fagi fyrir sig.

Útivist

Farið var í útivist einu sinni í viku og var lögð áhersla á frjálsan leik og hreyfingu.

Sund

Nemendum var skipt í 3 hópa sem hver um sig fékk 1 kennslustund í viku í sundi. Farið var í alla helstu þætti sem koma fyrir í námskrá.

Dans

Nemendum var skipt í 2 hópa og fóru í dans einu sinni í viku. Nemendur lærðu almennar dansreglur, að bjóða upp, taka upp hald, grunnspar í dansi, hliðar saman hliðar, hæll, tá, fram og aftur, barnadansa, tvo latin dansa, línudans, leik- og tískudansa. Farið var í hlustun á takt í tónlist.

Námsgögn

Íslenska: Ýmsir gæðatextar úr barnabókum var lagður til grundvallar í lestrarnáminu. Líttlestrarbækur af Skólavef og ýmsar lestrarbækur við hæfi nemenda. Ýmis fjölbreytt verkefni búin til af kennurum í anda Byrjendalæsis. Unnið var með bókina Góður – betri – bestur 2A. Lestrarlandið 1+ og 2+ og Við lesum A vinnubók. Mest voru notuð þemaverkefni frá kennurum sem voru samþætt við samfélagsfræði, náttúrufræði og lífsleikni.

Stærðfræði: Sproti 1a,1b ásamt æfingabókum og fyrstu tveir kaflarnir í 2a nemenda- og æfingabók. Aukaefni: Stærðfræðispæjarar 1, Viltu reyna? og ljósrituð hefti útbúin af kennurum.

Námsmat

Íslenska: Lesferill- lestrarskimun fyrir 1. bekk grunnskóla sem Menntamálastofnun gefur út í október og niðurstöður hennar notaðar til að skipuleggja stuðningskennslu fyrir þá sem þurftu. Í september, janúar og maí var lögð fyrir lesfimiskimun frá Menntamálastofnun. Við mat á lesfimiprófum var stuðst við viðmið um lesfimi frá MMS. Aðrir þættir í Byrjendalæsi voru metnir með símati. Stærðfræði: Nemendur tóku reglulegar lotukannanir yfir veturinn. Í öðrum greinum sem umsjónarkennarar kenndu var vinna nemenda metin með símati.

Viðburðir og vettvangsferðir

Í september var farið í fjallgöngu í Stóruð.

Nemendur tóku þátt í norræna skólahlaupinu í september. Hjúkrunarfræðingur sá um skólaskoðun og kom með fræðslu.

Í september var einnig haldinn haustfundur með foreldrum nemenda í 1. bekk. Þar var lögð áhersla á að kynna fyrir foreldrum þær aðferðir sem notaðar eru við lestrarkennslu og þau meginatriði sem unnið er eftir í Uppbyggingarstefnunni ásamt litahegðun. Einnig var farið yfir námsefni vetrarins. Foreldraviðtöl voru í upphafi skólaársins, 22. ágúst, 13. október, 1. febrúar og 8. júní. Í vetur færðum við okkur í átt að nemendastýrðum foreldraviðtölum í anda leiðsagnarnáms þar sem foreldrar og nemendur mættu saman.

Á bolludag 20. febrúar var maskaball og mættu ýmsar furðuverur í skólann. Mikill metnaður var lagður í búningana. Árshátíð skólans var haldin 29. og 30. mars. 1. bekkur söng frumsamið lag og texta um íþróttir með aðstoð Rúnu Esradóttur. Í maí byrjun gáfu Kiwanismenn nemendum reiðhjólahljálma að gjöf og var mikil ánægja með hjálmana. Þann 16. maí var náttúrudagur og fór 1. bekkur í fjöruferð við Fjarðarstræti. Nemendur týndu rusl, fóru í fjörubingó og unnu listaverk úr efnivið fjörunnar. Þann 17. maí voru tónleikar með vinabekk (8. bekk) í Hömrum, þar sem eldri nemendur spiluðu og sungu og þau yngri sungu nokkur lög. Þann 25. maí var svo ratleikur í Jónsgarði. Þann 30. maí lögðum við land undir fót og heimsóttum fiskvinnsluna Íslandssögu, Klofning og Litla Klofning á Suðureyri í tengslum við fiskapema í Byrjendalæsi.

Íþróttadagur 1.-4. bekkjar var haldinn 1. júní á Torfnesi og tókst mjög vel. Fyrsta og öðrum bekk var blandað í hópa. Í júní heimsóttum við Bæjarbókasafnið og fengum kynningu á sumarlestri auk þess sem 1. bekkur og 8. bekkur saman í fjöruna í Neðstakaupstað. Við fórum mikið út undir lok skólaársins og undum okkur vel við leik og störf. Afhending vitnisburðar og foreldraviðtöl voru svo þann 8. júní.

Skólastarf vetrarins hjá 1. bekk gekk rosalega vel og samvinna kennara var mjög góð.

Bjarnveig S. Jakobsdóttir og Kristín B. Oddsdóttir





2. bekkur

Nemendur árgangsins voru 46. Umsjónarkennarar voru Helga Elísabet Aðalsteinsdóttir, Harpa Sjöfn Friðfinnsdóttir/Karen Sóley Jóhannsdóttir og Marzena Glodkowska. Karen Sóley tók við sem umsjónarkennari þegar Harpa Sjöfn fór í fæðingarorlof í lok október. Aðrir kennarar voru: Axel Sveinsson og Árni Heiðar Ívarsson sem sáu um leikfimi og útivist. Jón Hálf dán Pétursson sá um sund. Sigurrós Eva Friðþjófsdóttir og Katrín Björnsdóttir kenndu dans. Katrín Björnsdóttir kenndi einnig útivist í 2. HA. Sigurrós Eva Friðþjófsdóttir sá um heimilisfræði. Ásdís Birna Gylfadóttir sá um tæknimennt, Marzena Glodkowska sá um textílmennnt. Jón Hallfreð Engilbertsson kenndi myndmennt. Karen Sóley Jóhannsdóttir sáu um sérkennslu þar til hún tók við af Hörpu sem umsjónarkennari og þá tók og María Lárusdóttir við sérkennslunni. Rúna Esradóttir kenndi tónmennt.

Stuðningsfulltrúar voru Bergþóra Kristín Borgarsdóttir í 2. HA og Jóna Björk Brynjarsdóttir í 2.HF/KSJ. Kennt var í stofum 104, 107 og 108.

Eftirfarandi fög voru kennd: Stærðfræði 6 stundir, Byrjendalæsi 14 stundir (íslenska, samfélags- og náttúrufræði, lífsleikni), útivist 1 stund, íþróttir 2 stundir, sund 1 stund,

tónmennt 1 stund og dans 1 stund. Heimilisfræði, tæknimennt, textílmenn og myndmennt var kennt í hringekjuformi 4 stundir í viku, nemendum 2. bekkjar var skipt í 4 hópa sem þar sem hver nemandi fékk 4 stundir í viku í hverju fagi í ¼ af vetri.

Í skólanum er kennt samkvæmt kennsluhugmyndum Byrjendalæsis og þar er íslensku-, náttúrufræði-, upplýsingatækni, samfélagsfræði- og lífsleiknikennsla samþætt. Meginmarkmiðið er að börnin nái góðum árangri í lestri sem allra fyrst á skólagöngunni. Aðferðin gerir ráð fyrir því að hægt sé að mæta börnum með ólíka þekkingu og færni þar sem áherslan er á hópvinna um leið og einstaklingsþörfum er mætt.

Stærðfræði

Námsgögn: Sproti 2A og 2B nemendabók og æfingahefti, ljósrituð vinnuhefti . Sproti (Multi á vefnum), Stærðfræðispæjarar 1 og 2.

Námsmat: Kannanir eftir hvern námsþátt og annarpróf.

Íslenska

Námsgögn: Ýmsar lestrarbækur, ýmist valdar af kennurum eða nemendum.

Skriftabækur; Góður, betri, bestur 2 A og 2B og ýmsar vinnubækur.

Vinnubækur. Ritrún, Litla Lesrún, Könnum kortin 1 og Halló Heimur1.

Námstilhögun: Unnið var samkvæmt Byrjendalæsi þar sem íslenska, lífsleikni, samfélagsfræði og náttúrufræði voru samþætt og því mismunandi námsefni. Kennarar unnu auk þess æfingaverkefni með áherslu á skrift, lestur, lesskilning og stafsetningu.

Mikil áhersla var á lesturinn og nemendur látnir lesa fyrir kennara og stuðningsfulltrúa eins oft og kostur var. Yndislestur daglega þar sem nemendur lásu í 15 mínútur úr frjálislestrarbókum. Nemendur unnu ýmist í hópum- eða einir og sér.

Námsmat: Prófað var í lesskilningi í maí. Símat var yfir skólaárið og vinnubækur metnar og skriftin út frá þeim. Þrjú hraðlestrarpróf voru lögð fyrir, í september, janúar og í maí. Læsismarkmið að vori voru 40 (lágmark) lesin orð á mínútu. Á vorönn voru gefnar einkunnir fyrir veturinn.

Náttúrufræði

Námsgögn: Könguló, Halló heimur – námsefni útbúið af kennurum. Fuglaþema.

Námstilhögun: Samþætt Byrjendalæsi.

Námsmat: Símat, einkunn gefin í bókstöfum að vori.

Samfélagsfræði

Námsgögn: Halló heimur.

Námstilhögun: Samfélagsfræði var samþætt Byrjendalæsi.

Námsmat: Símat, einkunn gefin í bókstöfum að vori.

Upplýsingatækni

Námstilhögun: I-pad í bekkjarstofum. Nemendur notuðu öpp sem þjálfar íslensku, stærðfræði og náttúrufræði. Einnig fóru nemendur reglulega á bókasafnið.

Námsmat: Ekkert formlegt námsmat.

Tónmennt

Hver bekkur fór í Tónlistarskólann 1x í viku og sá Rúna Esradóttir um kennslu í samvinnu við umsjónarkennara. Nemendur lærðu ýmis sönglög, tónfræði og þjálfuðust í að syngja þau saman.

Verklegar greinar

Myndmennt, textílmennt, heimilisfræði og tæknimennt var kennt í hringekju þar sem hver nemandi fékk 4 stundir í viku í hverju fagi í ¼ af vetri.

Áhersla var lögð á að þjálfar hug og hönd nemenda og örva sköpunargleði þeirra. Mörg verkefni voru unnin í hverju fagi fyrir sig.

Námsmat: Símat, einkunn gefin í bókstöfum að vori.

Útivist

Farið var í útivist einu sinni í viku og var lögð áhersla á frjálsan leik og hreyfingu.

Sund

Nemendum var skipt í 4 hópa sem hver um sig fékk 1 kennslustund í viku í sundi. Farið var í alla helstu þætti sem koma fyrir í námskrá.

Lífsleikni

Uppbyggingarstefnan var rauður þráður í gegnum lífsleiknina í vetur og skólastarfið í heild. Farið var yfir hlutverk nemenda og kennara, þarfirnar, skýru mörkin. Bekkjarsáttmáli gerður. Nokkrir bekkjarfundir voru haldnir þar sem rædd voru líðan og samskipti í skólanum. Rætt var um einelti. Tekið var á málum sem upp komu í amstri dagsins. Lífsleikni var oft samþætt Byrjendalæsi.

Viðburðir og vettvangsferðir

22. ágúst	Skólaasetning
7. september	Fjallganga – Gengum upp Hafrafellsháls.
16. september	Tónlist fyrir alla, orgelkynning í Ísafjarðarkirkju.
21. september	Norræna skólahlaupið.
28. september	Haustrfundur fyrir foreldra, þar sem starf vetrarins var kynnt.
13. október	Foreldraviðtöl
18.-19.október	Vetrarfrí
7. nóvember	Dýratónar á vegum lista- og barnamenningarverkefnisins Þykjó
8.-9. nóvember.	Þemadagar – Pláss fyrir okkur öll.
1. desember	Opinn dagur í GÍ
20. desember	Litlu jólin
25. janúar	Sólarpönnukökur í boði vinarbekkjarins (9. bekkjar).
1. febrúar	Foreldraviðtöl, nemendastýrð.

16.-17. febrúar	Vetrarfrí
20. febrúar	Maskadagur/grímuball
29.-30. mars	Árshátíð
1.- 11. apríl	Páskafrí
27. apríl	Opinn dagur hjá 2. bekk. Foreldrum og forráðamönnum boðið í heimsókn.
16.maí	Náttúrudagur í GÍ. 2. bekkur fór í skóginn fyrir ofan Urðarveg og Skoðaði m.a. köngulær.
24. maí	Fuglaskoðunarferð. Hjólað inn að Seljalandi og gengið meðfram Tunguánni og upp í hlíð þar sem fuglar í umhverfinu voru skoðaðir.
31.maí	Ferð í Súðavík með vinabeknum okkar, Raggagarður og Melrakkasetrið
1.júní	Íþróttadagur yngsta stigs á Torfnesi.
5. júní	Fjöruferð í Neðstakaupstað.
6. júní	Heimsókn á Bæjarbókasafnið og kynning á sumarlestrarleiknum.
8.júní	Skólaslit.

Helga Elísabet Aðalsteinsdóttir, Karen Sóley Jóhannsdóttir og Marzena Glodkowska



3.bekkur

Nemendur árgangsins voru 31. Árgangnum var skipt í tvo hópa og voru 16 nemendur í öðrum en 15 nemendur í hinum. Umsjónarkennarar voru Árný Herbertsdóttir og Krístrún Halla Gylfadóttir. Stuðningsfulltrúi var Berglind Ósk Aðalsteinsdóttir í 3. ÁH og eftir áramótin kom Kolbrún Guðjónsdóttir í 3. KG. Sérkennari árgangsins var María Lárusdóttir. Sérkennslan féll niður á vormánuðum vegna veikinda í öðrum bekkjum á yngsta stigi. Umsjónarstofur árgangsins voru stofa 211 og 216 auk þess að hafa aðgang að lítilli stofu við hlið stofu þar sem Berglind Ósk stuðningsfulltrúi tók nemendur í lestrarþjálfun eftir því sem á þurfti að halda.

Kennarar í verkgreinum og íþróttagreinum:

- Guðlaug Jónsdóttir kenndi heimilisfræði.
- Jón Heimir Hreinsson kenndi tæknimennt/smíði.
- Krístrún Halla Gylfadóttir sá um textílmennt.
- Alex Sveinsson kenndi íþróttir og sund.
- Umsjónarkennarar sáu um dans og myndmennt.
- Guðlaugur Valdimarsson sá um samfélagsfræði í 3. KG.

Námsgreinar hjá 3. bekk skiptust á eftirfarandi hátt:

Byrjendalæsi, þar sem íslenska og náttúrufræði var samþættað að þessu sinni, skipaði 10 kennslustundir á viku. Samfélagsfræði var kennd 3 stundir á viku. Stærðfræði var kennd í 6 kennslustundir á viku. Upplýsingatækni var 1 kennslustund á viku eins og enska og tónmennt. Lífsleikni var kennd eftir þörfum. Íþróttir voru 2 kennslustundir á viku. Sund var 1 sinni í viku og sama á við um útivist og dans. Heimilisfræði, tæknimennt/smíði og textílmennt voru kenndar samhliða 3 kennslustundir í viku. Nemendur voru samtals í 6 til 7 vikna lotum í hverri námsgrein.

Kennsluhættir í hverri námsgrein:

Stærðfræði

Námsgögn: Sproti 3A og 3B nemendabók og æfingahefti. Síðan var fjölbreytt ítarefni frá kennurum. Ýmis námsgögn úr stærðfræðistofu sem notuð voru í verklega kennslu, t.d. kubbar, mælistukur, tví- og þrívíðform, teningar með formerkjum.

Námstillöggun: Innlagnir, bekkjarkennsla, hópavinna, verkleg verkefni og útinám.

Námsmat: Verkefni, kannanir eftir námsþætti og vorkönnun.

Íslenska

Námsgögn: Ýmsar lestrarbækur ýmist valdar af kennurum eða nemendum. Lesrún, Ritrún 3 og Könnum kortin, Ítalúskrift, 2a-3a, Komdu og skoðaðu hafið, Komdu og skoðaðu himingeiminn, Litlu landnemarnir. Þétt upprifjun á stöfum og orðavinna. Auk ýmissa verkefna frá kennurum.

Námstillöggun: Unnið var út frá aðferðinni byrjendalæsi þar sem námsgreinarnar íslenska, samfélagsfræði og náttúrufræði voru samþættaðar og námsefnið ýmist kennt samþættað eða sjálfstætt. Nemendur unnu í misstórum hópum, ýmist í hópa- eða einstaklingsvinnu. Áhersla var lögð á frjálstan lestur, á hverjum morgni var lestrarstund í 11-12 mínútur. Þá

völdu nemendur sér sjálfir lestrarbækur. Þann tíma notuðu kennari og stuðningsfulltrúi til að hlusta á nemendur lesa og aðstoða þá við velja nýjar lestrarbækur fyrir heimalesturinn. Heimanám var einstaklingsmiðað skv. heimanámsstefnu skólans, ásamt heimalestri allan veturinn.

Námsmat: Prófað var í lesskilningi (Orðarún), orðaskilningi en símat kennara í málfræði og skrift. Þrjú hraðlestrarpróf voru lögð fyrir yfir veturinn. Markmið var að vori gætu 10 % nem. gætu lesið a.m.k. 55 orð á mín. 50% læsu 100 orð á mín. og 25% læsu 120 orð á mín. Á vorönn var gefið fyrir lykilhæfni í íslensku, náttúrufræði.

Samfélagsfræði

Námsgögn: Komdu og skoðaðu landnámið, Komdu og skoðaðu landakort. Samfélögin okkar: Skólasamfélagið og Ísafjarðarbær. Umferðareglur og hjólareglur.

Námstilhögun: Verkefni unnin á ýmsan máta, bæði einstaklings- og hópavinna.

Náttúrufræði

Námsgögn: Komdu og skoðaðu himingeiminn, Komdu og skoðaðu hafið og byrjuðum á þemabókinni Refnum.

Námstilhögun: Samþætt byrjendalæsi. Skrif- og teikniverkefni, kortavefsjár.

Lífsleikni

Uppbyggingarstefnan var rauður þráður í gegnum lífsleiknina í vetur og skólastarfið í heild. Farið var yfir hlutverk nemenda og kennara, þarfirnar og skýru mörkin. Í framhaldi af því var gerður bekkjarsáttmáli þar sem allir nemendur lögðu eitthvað af mörkum. Áhersla var lögð á þarfir og sérstöðu hvers og eins einstaklings, styrkleika og veikleika. Bekkjarfundir voru haldnir öðru hvoru þar sem nemendur tjáðu sig um ýmis málefni tengd samskiptum við aðra. Farið var í ýmsa leiki þar sem markmiðið var að efla samkennd, traust og öryggi hvers og eins innan hópsins.

Enska

Nemendur unnu verkefni sem miðuðu að því að bæta við orðaforða þeirra og styrkja orðaskilning. Einnig var notast við námsmyndbönd á ensku þar sem var æfð hlustun og framburður. Stuðst var við efnið Speak out. Ekkert formlegt námmat.

Upplýsingatækni

Fingrafimi var æfð allan veturinn með æfingaleikjum á mms.is. og typing.com. Nemendur unnu verkefni sem tengdust ýmiskonar annarri vinnu inná mms.is. Þeir æfðu sig í að skrifa texta í word og nota 3vídd til að teikna myndir út frá textanum. Nemendur æfðu sig í forritinu Scratch og notuðu kortavefsjár í tengslum við náttúrufræði.

Tónmennt

Unnið var með ljóð og þekkta söngva. Fjallað um textann og nemendur teiknuðu hughrif út frá texta og lagi. Lögin lærð og sungin. Áhersla var lögð á jákvæð áhrif tónlistar, sköpun, söng og gleði.

Heimilisfræði, tæknimennt/smíði og textílmenn

Áhersla var lögð á að þjálfa hug og hönd nemenda og örva sköpunargleði þeirra. Mjög mörg verkefni voru unnin í hverju fagi fyrir sig. Í byrjun og lok skólaárs var samþættað útinám þar sem allur árgangurinn var saman ásamt kennurum hverrar greinar.

Íþróttir

Nemendur voru í útileikfimi í september og maí. Farið var í margskonar leiki og unnið með þol. Eftir að inn var komið var unnið áfram með þol og svo allskonar leiki, boltaleiki og fimleika.

Útivist

Farið var í útivist 1 sinni í viku og var lögð áhersla á frjálsan leik og holla hreyfingu.

Sund

Nemendum var skipt í tvo hópa í sundinu. Farið var í alla helstu þætti sem koma fyrir í námskrá.

Viðburðir og vettvangsferðir

- 1. sept.- Fjallganga á Hnífa.
- 21. sept.- Ólympíhlaup ÍSí.
- 13. okt.- Haustfundur með foreldrum
- 20. okt.- Brúðuýningin, Krakkarnir í hverfinu (skimun).
- 21. okt.- Rithöfundar í heimsókn.
- 30. nóv.- Heimsókn frá slökkviliðinu.
- 16. maí- Náttúrudagur, ferð í fjöruna við skipasmíðastöðina.
- 31. maí- Hjólaferð inn í Tunguskóg.
- 1. júní- Íþrótt- og leikjadagur á Torfnesi fyrir 1. – 4. bekk.
- 2. júní- Heimsókn á slökkviliðstöðina.
- 5. júní- Gönguferð á varnargarðana og í skógræktina við Stóruð.
- 8. júní- skólaslit.



Árný Herbertsdóttir og Krístrún Halla Gylfadóttir



4.bekkur

Nemendur árgangsins voru 24 talsins í upphafi skólaárs en 25 í lok skólaárs. Árgangurinn var í einni stofu, 217, umsjónarkennari var Ástrún Jakobsdóttir og stuðningsfulltrúi Þóra Steinunn Gunnarsdóttir. Sérkennari árgangsins var María Lárusdóttir, Kristjana Prastardóttir og Sigbór Snorrason komu einnig að félagsfærniþjálfun í hópnum.

Kennarar í árganginum:

- Guðlaug Jónsdóttir kenndi heimilisfræði.
- Jón Heimir Hreinsson kenndi tæknimennt/smíði.
- Ástrún Jakobsdóttir kenndi textílmenn.
- Árni H. Ívarsson kenndi sund.
- Axel Sveinsson og Sigbór Snorrason kenndu íþróttir.
- Árni H. Ívarsson kenndi útivist.
- Ástrún Jakobsdóttir og Eva Sigurrós Friðþjófsdóttir kenndu dans.
- Árný Herbertsdóttir kenndi tónmennt.
- Ástrún Jakobsdóttir og Árný Herbertsdóttir kenndu myndmennt.
- Atli Freyr Rúnarsson kenndi tvo íslenskutíma á viku.
- Umsjónarkennari sáu um aðra kennslu.

Námsgreinar hjá 4. bekk skiptust á eftirfarandi hátt:

Byrjendalæsi, þar sem íslenska, náttúrufræði, samfélagsfræði er samþættað, skipaði 13 kennslustundir á viku. Stærðfræði var kennd í 6 kennslustundir á viku. Upplýsingatækni var 1 kennslustund á viku eins og enska og tónmennt. Lífsleikni var kennd eftir þörfum. Íþróttir voru 2 kennslustundir á viku. Sund var 1 sinni í viku og sama á við um útivist og dans. Nemendur skiptust í heimilisfræði, tæknimennt/smíði og textílmenn eftir tímabilum og hver grein var kennd 3 sinnum í viku. Nemendur voru samtals í 6 til 7 vikna lotum í hverri námsgrein.



Kennsluhættir í hverri námsgrein:

Stærðfræði

Námsgögn: Að hausti var farið í upprifjun í síðustu köflunum í Sprotu 3B. Sproti 4A og 4B nemendabók og æfingahefti, ásamt fjölbreyttu ítarefni frá kennurum. Ýmis námsgögn úr stærðfræðistofu sem notuð voru í verklega kennslu, t.d. kubbar, talnagrindur, mælistikur, tví- og þrívíðform, teningar með formerkjum. Heimanám var einstaklingsmiðað skv. heimanámsstefnu skólans.

Námstilhögun: Innlagnir, bekkjarkennsla, hópavinna og verkleg verkefni.

Námsmat: Verkefni, símat með könnunum eftir hvern námsþátt.

Íslenska, samfélagsfræði og náttúrufræði

Námsgögn: Ýmsar lestrarbækur ýmist valdar af kennurum eða nemendum. Lesrún 2, Góður, betri, bestur 3A, 3B, Sögusteinn, könnum kortin og Litabækur af skólavef. Komdu og skoðaðu himingeiminn, Komdu og skoðaðu íslenska þjóðhætti, Hvalir, Þröngsýni og fórdómar og Lesið í skóginn.

Námstilhögun: Unnið var útfrá aðferðinni byrjendalæsi þar sem námsgreinarnar íslenska, samfélagsfræði og náttúrufræði voru samþættaðar og námsefnið ýmist kennt samþættað eða sjálfstætt. Nemendur unnu í misstórum hópum, ýmist í hópa- eða einstaklingsvinnu. Undirbúningur fyrir Litlu upplestrarkeppnina. Áhersla var lögð á frjálsan lestur, á hverjum morgni var lestrarstund í 15 mínútur. Þá völdu nemendur sér sjálfir lestrarbækur. Þann tíma notuðu kennari og stuðningsfulltrúi til að hlusta á nemendur lesa og aðstoða þá við velja nýjar lestrarbækur fyrir heimalesturinn.

Heimanám var eingöngu heimalestur.

Námsmat: Prófað var í lesskilningi (Orðarún) og símat í verkefnavinnu og skrift. Þrjú hraðlestrarpróf voru lögð fyrir yfir veturinn. Markmið var að vori gætu 10 % nem. gætu lesið a.m.k. 80 orð á mín. 50% læsu 120 orð á mín. og 25% læsu 145 orð á mín.

Lífsleikni

Uppbyggingarstefnan var rauður þráður í gegnum lífsleiknina í vetur og skólafarið í heild. Farið var yfir hlutverk nemenda og kennara, þarfirnar og skýru mörkin. Í framhaldi af því var gerður bekkjarsáttmáli þar sem allir nemendur lögðu eitthvað af mörkum. Áhersla var lögð á þarfir og sérstöðu hvers og eins einstaklings, styrkleika og veikleika. Bekkjarfundir voru haldnir öðru hvoru þar sem nemendur tjáðu sig um ýmis málefni tengd samskiptum við aðra. Farið var í ýmsa leiki þar sem markmiðið var að efla samkennd, traust og öryggi hvers og eins innan hópsins. Kristjana Þrastardóttir og Ástrún Jakobsdóttir unnu með bókina Verum vinir með stelpunum í bekknum. Ásamt því að Ástrún Jakobsdóttir hélt fund með foreldrum tvisvar í vetur.

Enska

Nemendur unnu verkefni sem miðuðu að því að bæta við orðaforða þeirra og styrkja orðaskilning. Einnig var notast við námsmyndbönd á ensku þar sem var æfð hlustun og framburður. Að hausti var unnið með efnið Adventure island of english words og síðan var lesbókin Work out notuð. Námmat fór fram með símati.

Upplýsingatækni

Nemendur æfðu sig í æfingaleikjum m.a. í íslensku og stærðfræði á mms.is. Nemendur æfðu sig í að skrifa texta í word, setja inn myndir af internetinu og þjálfuðu þá færni með því að vinna að eigin áhugasviðsverkefni. Einnig voru kynntar ýmsar kortavefsjár í tengslum við náttúrufræði.

Tónmennt

Unnið var fjölbreyttar tónlistarstefnur og tónlistarfólk, hlustað, sungið og lært um texta.

Heimilisfræði, tæknimennt/smíði, myndmennt og textímennt

Áhersla var lögð á að þjálfa hug og hönd nemenda og örva sköpunargleði þeirra. Fjölbreytt verkefni voru unnin í hverju fagi fyrir sig.

Íþróttir

Nemendur voru í útileikfimi í september og maí. Farið var í margskonar leiki og unnið með þol. Eftir að inn var komið var unnið áfram með þol og svo allskonar leiki, boltaleiki og fimleika.

Útivist

Farið var í útivist 1 sinni í viku og var lögð áhersla á frjálstan leik og holla hreyfingu.

Sund

Nemendum var skipt í þrjá hópa í sundinu. Farið var í alla helstu þætti sem koma fyrir í námskrá.

Viðburðir og vettvangsferðir

- 6. september- Gönguferð upp í Naustahvilft.
- 16. september – Kynning á orgelinu í Ísafjarðarkirkju
- 21. september - Ólympíhlaup ÍSÍ.
- 28. september- Haustfundur með foreldrum
- 21. október - Krakkarnir í hverfinu - leiksýning
- 8. og 9. nóvember – Þemadagar – Pláss fyrir alla.
- 1. desember – opin dagur
- 15. desember – Vasaljósa- og kakóferð í Jónsgarð
- 19. desember- Byggðasafnið; jólasýning.
- 3. febrúar – Uppskeruskemmtun eftir lestrarátak
- 29. og 30. mars - árshátíð
- 3. maí- Litla-upplestrarkeppnin.
- 16. maí – náttúrudagur, lesið í skóginn í Stóruð
- 25. maí- Hjólaferð út í Hnífsdal.
- 1. júní- Íþróttá- og leikjadagur á Torfnesi fyrir 1. – 4. bekk.
- 5. júní – Útinámsdagur – trjáhúsagerð og gróðurskoðun í Stóruð.
- 7. júní – Skólaslit.

Ástrún Jakobsdóttir



5.bekkur

Nemendur árgangsins voru 47, 19 strákar og 28 stelpur. Umsjónakennarar voru Salka Gústafsdóttir og Jón Ólafur Eiríksson. Stuðningsfulltrúar voru Helgi Hrannar Guðmundsson og Sigríður Jónsdóttir.

Kennarar árgangsins:

- Atli Freyr Rúnarsson – Íþróttir og sund
- Axel Sveinsson - Íþróttir og sund
- Bergljót Halldórsdóttir – Samfélagsfræði í 5.SG
- Ásdís Birna Gylfadóttir - Textílmennt
- Guðlaugur Viðar Valdimarson – Náttúrufræði í 5.JE
- Guðlaug Jónsdóttir og Elva Jóhanna Jóhannsdóttir - Heimilisfræði
- Salka Gústafsdóttir – umsjón í 5.SG, upplýsinga- og tæknimennt, íslenska, stærðfræði, náttúrufræði, lífsleikni, tónmennt, enska og myndmennt.
- Jón Ólafur Eiríksson – umsjón í 5.JE, upplýsinga- og tæknimennt, íslenska, stærðfræði, samfélagsfræði, lífsleikni, tónmennt og enska.
- Ýmsir kennarar í valfögum.

Eftirtalin fög voru kennd: Íslenska 6 stundir á viku, stærðfræði 6, samfélagsfræði 4, náttúrufræði 3, enska 2, lífsleikni 2, upplýsingatækni 1, tónmennt 1, íþróttir 2 og sund 1. Textílmenn, heimilisfræði, myndmennt og tæknimennt voru kenndar í lotum í hringekju, 4 tímar á viku í u.þ.b. 10 vikur hvert fag. Hræringur var kenndur í þrjár kennslustundir, tvær samliggjandi í miðlotu á þriðjudögum og ein fyrir hádegismat á föstudögum. Þar eru kennd mismunandi fög sem nemendur hafa valið sér og er hvert fag kennt í átta vikur og þá eru skipti. Að valinu koma ýmsir kennarar.

Kennsluhættir

Umsjónarstofur árgangsins voru stofur 109-110 og 111. Bekkirnir fengu spjaldtölvur í október og hafa nemendur verið að vinna í þeim í vetur. Nemendur sáu um að hlaða þær og sækja uppfærslur. Reglur um notkun snjalltækjanna voru búnar til og nemendur fóru eftir þeim. Kennarar stjórnðu notkun tækjanna að öllu leyti og finnst vel hafa tekist til með notkun þeirra.

Stærðfræði

Námsgögn: Stika 1A og 1B nemendabók og æfingahefti, ýmis ljósrit og kennslumyndir á Skólavefnum.

Námstilhögun: Kennt var í umsjónarbekkjum, flestir fengu að fara til sérkennara á skólaárinu.

Námsmat: Lotukannanir eftir hvern kafla. Einnig var ástundun og vinnusemi metin.

Íslenska

Námsgögn: Orðspor 1 – lesbók og vinnubók, Málrækt 1, Skrift 1-10, auk ýmissa ljósritaðra verkefna og gagnvirkra.

Námstilhögun: Kennt var í bekkjardeildum í umsjónarstofum. Áhersla var lögð á lestur og lesskilning, m.a. með reglulegum lesskilningsverkefnum og réttitun.

Námsmat: Þrjú lesfimiþróf voru lögð fyrir yfir veturinn, lesskilningsþróf voru tvö yfir veturinn, stafsetningaþróf, og málfræðivinna metin við textaskrif.

Samfélagsfræði

Námsgögn: Ísland – hér búum við (landafræði), Víkingaöld og Trúarbrögðin okkar (trúarbragðfræði).

Námstilhögun: Landfræðihlutinn var tekinn á haustönn og fram á vorönn og trúarbrögð og víkingaöld á vorönn. Nemendur unnu í vinnubókum og ýmis verkefni út frá efninu.

Námsmat: Vinna og vinnubækur nemenda voru metnar til einkunnar ásamt verkefnum af ýmsu tagi, bæði hópverkefni og einstaklingsverkefni.

Náttúrufræði

Námsgögn: Náttúrulega 1 lesbók og vinnubók

Námstilhögun: Unnið í vinnubók og ýmis verkefni úr henni. Einnig voru unnin einstaklings- og hópverkefni frá kennara.

Námsmat: Verkefni unnin metin, vinnusemi og ástundun metin í öllum námsþáttum.

Enska

Námsefni: Yes we can.

Námsmat: Vinnusemi og ástundun metin í öllum námsþáttum.

Upplýsingatækni

Námsgögn: Ýmiss verkefni frá kennara

Námstilhögun: Kennt var í tölvuveri skólans.

Nemendur fengu þjálfun í fingrasetningu, á ritvinnsluforrit og vélabúnað tölvunnar auk ýmissa forrita. Reynt var eftir mætti að samþætta upplýsingatæknina við aðrar námsgreinar, þannig að tölvuvinnslan nýttist sem best til verkefnagerða í öðrum námsgreinum.

Námsmat: Upplýsingatækni - tölvufærni og ástundun nemenda metin.

Lífsleikni

Námsgögn: Ýmis ítarefni frá kennara.

Námstilhögun: Uppbyggingarstefnan var rauður þráður í gegnum lífsleiknina í vetur og skólastarfið í heild. Farið var yfir hlutverk nemenda og kennara, þarfirnar og skýru mörkin. Í framhaldi af því var gerður bekkjarsáttmáli. Samskipti skipuðu stóran sess þar sem unnið var markvisst að því að byggja upp sjálfstraust og efla nemendur í félagsfærni og samskiptahæfni.

Aðrir atburðir

September	Bekkjarhittingur í félagsmiðstöðinni Fjallganga – Gengið upp með Buná Ólympíuhlaup ÍSÍ Heimsókn frá enska sendiherranum
Október	Krakkablakmót.
Nóvember	Þemadagar – Pláss fyrir alla
Desember	Upplestur á bókasafni Heimsókn á jólasýningu
Janúar	Sólarkaffi
Febrúar	Maskaball í skólanum
Apríl	Árshátíð - Íþróttir
Maí	Gróðursetning Hjólaferð inn í Tungudal Ferð í Holtsfjöru og Flateyri
Júní	Íþróttadagur við Torfnes

Salka Gústafsdóttir og Jón Ólafur Eiríksson

6.bekkur

Nemendur árgangsins voru 46 í upphafi skólaársins, 22 í 6.ÁE og 24 í 6.AY. Umsjónarkennari 6.ÁE var Jóhanna Ása Einarsdóttir og 6.AY Auður Yngvadóttir. Sérkennari árgangsins var Iwona Samson, Kristjana Þrastardóttir og Magnúsína Laufey Harðardóttir. Bergþóra Sveinsdóttir sá um félagsfærniþjálfun. Álfheiður Elín Bjarnadóttir, Elmar Björgvin Skúlason, Guðbjörg Ásta Andradóttir og Sveinfríður Unnur Haraldsdóttir voru stuðningsfulltrúar í 6. bekk.

Kennarar árgangsins:

- Jóhanna Ása Einarsdóttir – stærðfræði, íslenska, samfélagsfræði, náttúrufræði, lífsleikni, upplýsingatækni og tónmennt.
- Auður Yngvadóttir - stærðfræði, íslenska, samfélagsfræði, náttúrufræði, lífsleikni, upplýsingatækni og tónmennt.
- Bergljót Halldórsdóttir – enska
- Kristín Ólafsdóttir – danska
- Ásdís Birna Gylfadóttir – textílmennt
- Árni Heiðar Ívarsson – íþróttir og sund
- Pétur Már Sigurðsson - íþróttir
- Jón Heimir Hreinsson – tæknimennt
- Guðlaug Jónsdóttir – heimilisfræði
- Jón Hallfreð Engilbertsson _ myndmennt
- Iwona Samson – sérkennsla
- Kristjana Þrastardóttir - sérkennsla
- Bergþóra Sveinsdóttir – félagsfærni
- Magnúsína Laufey Harðardóttir – íslenska sem annað tungumál
- Ýmsir kennarar sem koma að vali.

Námsgreinar

Eftirtalin fög voru kennd/margar kennslustundir á viku: Íslenska 6, stærðfræði 6, samfélagsfræði 3, náttúrufræði 3, enska 2, lífsleikni 2, íþróttir 2, sund 1, danska 1, tónmennt 1 og upplýsingatækni 1. Textílmennt, tæknimennt, heimilisfræði og myndmennt voru kenndar í lotum í hringekju, 4 tíma á viku hver lota. Auk þess var boðið upp á val/hræring í 3 stundir á viku.

Kennsluhættir

Umsjónarstofa 6. ÁE var stofa nr. 116 og 6. AY var stofa . Voru kennsluhættir eins fjölbreyttir og hægt er að hafa þá.

Stærðfræði

Námsgögn: Stika 2a og 2b nemendabók og æfingahefti, æfingar á Skólavefnum ásamt ýmsu ítarefni frá kennurum. Nemendur voru markvisst hvattir til sjálfstæðra vinnubragða, sýna þrautseigju og að halda áfram á sínum hraða.

Námstilhögun: Unnið var í bekkjardeildum.

Námsmat: Kannanir eftir hvern kafla.

Íslenska

Námsgögn: Málrækt 2, Orðspor 2, Annar Smellur, skrifarbækur miðaðar við hæfni hvers nemanda, ýmsar æfingar á Skólavefnum (gagnvirkt efni) eins og Litabækurnar sem voru notaðar til þess að þjálfra lesskilning. Ljóð til utanbókar náms – Á íslensku má alltaf finna svar, Ég bið að heilsa og Ísland ögrum skorið og stafsetningaræfingar.

Námstilhögun: Við lögðum áherslu á heimalestur að lágmarki 15 mínútur á dag, sjálfstæð vinnubrögð, vandvirkni og þrautseigju.

Námsmat: Símat. Vinnubækur metnar og frammistaða í tímum. Þrjú lesfimiþróf voru lögð fyrir yfir veturinn hjá öllum í samræmi við lesfimiáætlun Menntamálastofnunar. Lesskilningsþrófið Orðarún var lagt fyrir að hausti og í maí.

Samfélagsfræði

Námsgögn: Norðurlönd (lesbók og vinnubók), Miðaldafólk á ferð

Námstillhögun: Áætlunin var að taka landafræðihlutann á haustönn og söguhlutann á vorönn. Áhersla var lögð á vönduð og sjálfstæð vinnubrögð. Verkefni af ýmsu tagi voru unnin, bæði einstaklingsverkefni og hópaverkefni, ferðaskrifstofuverkefni.

Námsmat: Vinnubók, verkefnavinna, þátttaka nemenda og símat.

Náttúrufræði

Námsgögn: Náttúrulega 1 og Auðvitað, jörð í alheimi. Ásamt mörg vefsíðum sem fjalla um og styðja við efni bókanna.

Námstillhögun: Aðaláhersla var verkefnavinna úr efni bókanna. Hópverkefni var unnið um pláneturnar þar sem nemendur unnu í hópum og kynntu sér mjög vel eina plánetu.

Afraksturinn var kynntur í hlaðvarpi sem spilað var fyrir bekkinn. Einnig var horft á mikið af fræðslumyndum til að kveikja áhuga og fræðasta meira um efnið.

Námsmat: Vinnubók, verkefnavinna og frammistaða í tímum.

Enska

Námsefni: Yes we can 6 – textabók og vinnubók. Let's og 1, 2 og 3 – lesbók og vinnubók.

Námstillhögun: Nemendur unnu í verkefnabók samhliða textabókinni. Einnig var stuðst við bókina í annarri verkefnavinnu, ýmist einstaklingsverkefni eða hópverkefni. Nemendur unnu verkefni í iPad sem var skilað í Google Classroom og einnig verkefni sem voru sett upp á vegg. Námsefnið Let's og var notað sem stuðningsefni.

Námsmat: Frammistaða í tímum, einstaklingsverkefni og hópverkefni.

Danska

Í vetur fengu nemendur 6. bekkjar dönskukennslu eina kennslustund á viku.

Viðfangsefni: Unnar ýmsar léttar æfingar og verkefni, farið í leiki og söng tengt dönsku og Danmörku. Er leið á haustönn var byrjað að vinna í kennslubókunum Start lesbók og vinnubók, sem haldið verður áfram með næsta skólaár. Ekkert formlegt námsmat er í dönsku í 6. bekk en gefið er fyrir nokkur valin hæfniviðmið samkvæmt aðalnámskrá og skráð í Mentor.

Upplýsingatækni

Námstillhögun: Kennt var í skólastofum þar sem nemendur notuðu iPad og í tölvuveri skólans (tölvur). Áhersla lögð á að kenna nemendum á iPad og nýta hann til verkefnavinnu í gegnum algeng forrit, einkum Book creator, Keynote og Classroom. Reynt var að samþætta upplýsingatæknina við aðrar námsgreinar, þannig að tölvuvinnslan nýttist sem best til verkefnagerða í öðrum námsgreinum.

Námsmat: Upplýsingatækni - tölvufærni og ástundun nemenda metin.

Lífsleikni

Uppbyggingarstefnan var rauður þráður í gegnum lífsleiknina í vetur og skólastarfið í heild.

Farið var yfir hlutverk nemenda og kennara, þarfirnar og skýru mörkin. Áhersla var lögð á

þarfir og sérstöðu hvers og eins einstaklings, styrkleika og veikleika. Samskipti skipuðu stóran sess þar sem unnið var markvisst að því að byggja upp sjálfstraust og efla nemendur í félagsfærni og samskiptahæfni. Bekkjargundir voru reglulega þar sem hópurinn þjappaði sér saman og ræddi saman um líðan sína í skólanum, hvað gengi vel og hvað hægt væri að bæta.

Tónmennt

Námstilhögun: Kennt var í skólastofum þar sem nemendur unnu verkefni, fjallað var um tónlistarstefnu og tónlistarmenn og sungið saman.

Myndmennt

Ýmiskonar myndverk teiknuð og máluð með og án fyrirmynda. Áhersla lögð á þrívíddar-teikningu. Einnig voru gerð smáverk að eigin vali með þrívíddarpennum.

Námsmat: Færni og ástundun nemenda metin ásamt frágangi.

Viðburðir og vettvangsferðir

September 2022	Fjallganga á Sandfell Ólympíuhlaup ÍSÍ
Október 2022	Rýmingaræfing Hrekkjavökuball
Nóvember 2022	Þemadagar-Pláss fyrir alla List fyrir alla Evrópska nýtnivikan
Desember 2022	Opinn skóli – sparifatadagur Krakkablakmót Litlu jólin
Janúar 2023	Sólarkaffi
Febrúar 2023	Maskadagur – maskaball
Mars 2023	Árshátíð – íþróttir
Apríl 2023	Íslenska æskulýðsrannsóknin
Maí 2023	Náttúrudagur – heimsókn í Orkubú - grill Gönguferð Rattleikur
Júní 2023	Leikjadagur á Torfnesi

Auður Yngvadóttir og Jóhanna Ása Einarsdóttir



7.bekkur

Nemendur árgangsins voru 44, 22 drengir og 22 stúlkur. Umsjónarkennarar voru Guðný Stefanía Stefánsdóttir og Katrín Björnsdóttir. Stuðningsfulltrúar voru Alma Björk Sigurðardóttir og Sonia Ewelina Mazur.

Kennarar árgangsins

- Guðný Stefanía Stefánsdóttir - íslenska, náttúrufræði, samfélagsfræði, stærðfræði, upplýsingatækni, tónmennt og lífsleikni.
- Katrín Björnsdóttir - íslenska, stærðfræði, náttúrufræði, samfélagsfræði, upplýsingatækni, tónmennt og lífsleikni.
- Ásdís Birna Gylfadóttir – textílmennt
- Jón Heimir Hreinsson– smíðar og hönnun
- Kristín Ólafsdóttir – danska
- Bergljót Halldórsdóttir– enska
- Axel Sveinsson, Pétur Már Sigurðsson og Sigríður Guðjónsdóttir – íþróttir
- Atli Freyr Rúnarsson - sund
- Magnúsína Laufey Harðardóttir – íslenska sem annað mál
- Iwona María Samson og Kristjana Þrastardóttir – sérkennsla
- Jón Hallfreð Engilbertsson - myndmennt
- Sóley Veturliðadóttir – proskapjálfi

Námsgreinar

Íslenska 6 stundir á viku, stærðfræði 6 stundir á viku, samfélags-fræði 3 stundir á viku, náttúrufræði 3 stundir á viku, enska 2 stundir á viku, lífsleikni 1 stund á viku, íþróttir 2 stundir á viku, sund 1 stund á viku, upplýsingatækni 1 stund á viku og danska 2 stundir á viku. Textílmennt, heimilisfræði, myndmennt og tæknimennt voru kenndar í lotum í hringekju, 4 tíma á viku. Hræringur var í 3 stundir á viku og ýmsir kennarar sinntu þeirri kennslu.

Kennsluhættir

Kennt var í tveimur bekkjum í öllum greinum í tveimur bekkjarstofum. Notast var við fjölbreytta kennsluhætti þar sem hópvinna og snjalltæki voru mikið nýtt.

Stærðfræði

Námsgögn: Stika 3A og 3B nemendabók, æfingahefti 3A og 3B, ásamt ýmsu ítarefni frá kennurum.

Námstillhögun: Nemendur fengu vinnuáætlun í upphafi hvers kafla/lotu. Áætlunin var miðuð við getu hvers og eins hver vann miðað við sinn námshraða. .

Námsmat: Lotupróf að loknum hverjum kafla.

Íslenska

Námsgögn: Málrækt 3, Orðspor 3 lesbók og vinnubók, Litabækur-lesskilningsverkefni. Ýmsar lestrarbækur og ítarefni. Einnig var unnið með ritun.

Námstillhögun: Nemendur unnu ýmist í hópum eða í einstaklingsverkefnum.

Nemendur tóku þátt í Stóru upplestrarkeppninni.

Námsmat: Verkefni jafnt og þétt yfir veturinn. Þrjú hraðlestrarpróf voru lögð fyrir yfir veturinn og tvö lesskilmingspróf. Heimalestur gildi til lokaeinkunnar í íslensku.

Samfélagsfræði

Námsgögn: Evrópa lesbók og vinnubók.

Námstillhögun: Verkefni um lönd Evrópu voru unnin í hópum ásamt einstaklingsverkefnum.

Námsmat: Vinna og verkefni nemenda voru metnar til einkunnar ásamt hópverkefnum.

Náttúrufræði

Námsgögn: Auðvitað 3, Maðurinn hugur og heilsa og ýmis myndbönd. Náttúrulega 2

Námstillhögun: Kennslan var með hefðbundnum hætti.

Námsmat: Verkefni og símat.

Danska

Námsgögn: Start les-og vinnubók.

Samantekt: Unnið í kennslubókinni Start lesbók og vinnubók auk ýmissa verkefna frá kennara. Nemendur horfðu á danskt myndefni.

Útiverkefni: Myndvinnsla ýmis verkefni t.d. orðaforða og forsetningavinna.

Símat: Öll verkefnaskil svo sem tímaverkefni, hópverkefni, kannanir og verkefnabækur.

Enska

Námsefni: Action lesbók og vinnubók. Þemaverkefni voru unnin í samhengi við Action lesbók, bæði hópverkefni og einstaklingsverkefni.

Námsmat: Próf á vorönn og vinna yfir veturinn metin til lokaeinkunnar.

Upplýsingatækni

Farið var skipulega í fingrasetningu og ritvinnslu í Word og verkefni þeim tengd unnin í kennslustundum. I-padar voru mikið notaðir í öllum greinum.

Námsmat: Símat, þar sem vinnusemi, ástundun og verkefni voru metin.

Lífsleikni

Áhersla var lögð á almenn samskipti fólks sérstöðu hvers og eins einstaklings, styrkleika og veikleika, sjálfsmynd nemenda og lífsgildi. Mikil áhersla lögð á samskipti, bæði barnanna á milli og annarra. Haldnir voru bekkjafundir. Samskipti skipuðu stóran sess þar sem unnið var markvisst að því að byggja upp sjálfstraust og efla nemendur í félagsfærni og samskiptahæfni.

Uppbyggingarstefna

Hlutverkin okkar og bekkjarsáttmálinn voru rifjuð upp og endurbætt. Einnig var farið vel í hvað eru góðar venjur og slæmar venjur, og í sambandi við það hvað er að vera góður vinur og slæmur vinur. Viðburðir og vettvangsferðir auk hefðbundinna viðburða skólans:

Myndmennt

Ýmiskonar myndverk teiknuð og máluð með og án fyrirmynda. Áhersla lögð á þrívíddarteikningu. Einnig voru gerð smáverk að eigin vali með þrívíddarpennum.

Námsmat: Færni og ástundun nemenda metin ásamt frágangi.

Viðburðir og vettvangsferðir

22.8	Skólaasetning
29.08 - 2.09	Skólabúðirnar að Reykjum
21.9	Ólympíuhlaup ÍSÍ
23.9	Hjólabrautin prófuð og farið í golf á púttvellingum.
13.10	Foreldraviðtöl
17.-18.10	Vetrarfrí
26.10	Hrekkjavökuball
11.-12. 11	Þemadagar
16.11	Stóra upplestrarkeppnin sett í Hömrum á degi íslenskrar tungu
1.-15.11	Jól í skókassa
3.11	Farið í kirkjuna með Jól í skókassa gjafirnar
30.11	Vettvangsferð í Orkubú Vestfjarða
1. 12	Opinn dagur – foreldrar boðnir velkomnir
20. 12	Litlu jólin
1.2	Foreldraviðtöl
18.-21.2	Vetrarfrí
28.2	Maskadagur – grímuball
10.3	Bekkjakeppni Stóru upplestrarkeppninnar
17.3	Skólakeppni Stóru upplestrarkeppninnar
23.-24.3	Árshátíð GÍ
5.4	Lokahátíð Stóru upplestrarkeppninnar
16.5	Náttúrudagur - unnið í Gróanda
25.5	Leikskólahittingur með Tanga -verðandi 1.bekk og vinabekk
1. 6	Golf og gróðursetning í Tunguskógi
1.6	Lokaball
2.6	Íþróttadagur á Torfnesi

Guðný Stefanía Stefánsdóttir og Katrín Björnsdóttir



Skýrslur 8. – 10. bekkja

Skýrsla deildarstjóra unglिंगastigs

Í unglिंगadeild í vetur voru rétt rúmlega 100 nemendur. Einhverjar breytingar urðu í öllum árgöngum, nemendur fluttu í burt og aðrir fluttu í bæinn. Í öllum árgöngum er einn bekkur en tveir kennarar með hvern bekk. 8. bekk var oftast kennt í einum hóp en 9. og 10. bekkur voru oftast í tveimur hópum.

Nemendur á unglिंगastigi taka ákveðinn fjölda val tíma á viku. Í 8. bekk eru það 5 tímar á viku en 8 tímar í 9. og 10. bekk. Valgreinar sem allir árgangar gátu sótt í vetur voru: Aðstoð í Dægradvöl, Boltaval, Gítarleikur, Kvikmyndir, Líkamsrækt og þjálfun, Macrame, Málm- og silfursmíði, Námsaðstoð, Næringarfræði, Þrjón og hönnun, Rokksaga, Seinni heimstyrjöldin í kvikmyndum, Skólahreysti, Slökun og hugleiðsla, Tækniráð og Útivist. 9. og 10. bekkur gátu þar að auki valið: Fatasaum, Hárgreiðslu, Heimilisfræði, Myndmennt, Ítölsku, Smíði og Spænsku til viðbótar. Nemendur í 10. bekk gátu einnig valið Fornám ökunáms. Nemendur gátu einnig fengið metið sem val nám í tónlistarskóla og skipulagðar æfingar með íþróttafélögum.

Nemendaráð fundar í upphafi hvers mánaðar og skipuleggur hvað á að vera í boði í félagsmiðstöðinni. Allir sem vilja hafa áhrif geta mætt á fundina og lagt orð í belg. Eva María Einarsdóttir forstöðumaður félagsmiðstöðvarinnar Djúpsins aðstoðar nemendur við að skipuleggja starfið.

Íþróttahátíðinni í Bolungarvík var haldin 20 október en hún hefur verið fastur liður í starfi skólanna í mörg ár. Á Íþróttahátíðinni keppa unglिंगastignemendur af öllum Vestfjörðum í fjölbreyttum íþróttagreinum og fagna svo samverunni með dansleik um kvöldið. Fjáröflunarnefnd 10. bekkjar hélt nokkur böll í salnum við góðar undirtektir og var nemendum úr nágrannaskólum boðið að koma.

Skólanum var slitið í Ísafjarðarkirkju þann 8. júní. Á skólaslitum flytur skólastjóri ávarp og einnig fulltrúar útskriftarnema. Veittar eru viðurkenningar fyrir námsárangur og að lokum eru nemendur 10. bekkjar útskrifaðir. Páll Helgi Ingvarsson og Helena Stefánsdóttir nemendur í 9. bekk voru kynnar á athöfninni. Viðurkenningu Rotary klúbbsins á Ísafirði fyrir ástundun og framfarir fengu Einar Orri Einarsson í 8. bekk, Natalia Maria Nieduzak í 9. bekk og Unnur Hafdís Arnþórsdóttir í 10. bekk. Kvenfélagið Hlíf gaf viðurkenningar fyrir verk og listgreinar. Danska Menntamálaráðuneytið gaf viðurkenningu fyrir dönsku og Crossfit-Ísafjörður gaf viðurkenningar fyrir góða ástundun og námsárangur í íþróttum. Aðrar viðurkenningar eru frá Grunnskólanum á Ísafirði. Eftirtaldir hlutu viðurkenningar: Anna María Ragnarsdóttir fyrir dönsku og ensku, María Sigurðardóttir fyrir dönsku, Rósa María Magnúsdóttir fyrir textílmennt, heimilisfræði, stærðfræði og náttúrufræði, Emma Katrín Tumadóttir fyrir myndmennt, Guðjón Ólafur Stefánsson og Svala Katrín Birkisdóttir fyrir íþróttir, Bóas Emil Þórðardóttir og Hjálmar Helgi Jakobsson fyrir tækniráð, Agla Vigdís Atladóttir fyrir íslensku, Unnur Hafdís Arnþórsdóttir fyrir samfélagsfræði, Brynhildur Laila Súnadóttir fyrir ensku. Grunnskólinn á Ísafirði gaf síðan öllum útskriftarnemum gjafabréf upp á pizzu á þriðjudagstilboði. Guðríður Vala Atladóttir og Unnur Hafdís Arnþórsdóttir

nemendur 10. bekkjar og Listaskóla Rögnvaldar Ólafssonar fluttu lagið Slipping through my fingers eftir Björn og Benny fjórhent á píanó. Vilberg Viggósson sá um útsetningu.

Guðbjörg Halla Magnadóttir

8. bekkur

Nemendur árgangsins voru 33 talsins, 18 strákar og 15 stelpur. Umsjónarkennarar voru Salome Elín Ingólfssdóttir og Guðný Harpa Hilty Henrysdóttir. Stuðningsfulltrúi var Elva Jóhannsdóttir

Kennarar árgangsins eftir námsgreinum:

- Danska – Kristín Ólafsdóttir og Arna Sæmundsdóttir
- Enska – Bergljót Halldórsdóttir og Salome Elín Ingólfssdóttir
- Heimilisfræði – Guðlaug Jónsdóttir og Salome Elín Ingólfssdóttir
- Íslenska – Salome Elín Ingólfssdóttir og Guðný Harpa Hilty Henrysdóttir
- Íslenska sem annað mál – Magnúsína Laufey Harðardóttir
- Íþróttir – Árni Heiðar Ívarsson og Sigríður Guðjónsdóttir/Pétur Sigurðsson
- Sund – Árni Heiðar Ívarsson
- Lífsleikni – Salome Elín Ingólfssdóttir og Guðný Harpa Hilty Henrysdóttir
- Myndmennt - Salome Elín Ingólfssdóttir og Guðný Harpa Hilty Henrysdóttir
- Náttúrufræði – Salome Elín Ingólfssdóttir og Guðný Harpa Hilty Henrysdóttir
- Samfélagsfræði – Salome Elín Ingólfssdóttir og Guðný Harpa Hilty Henrysdóttir
- Stærðfræði – Guðný Harpa Hilty Henrysdóttir og Guðbjörg Halla Magnadóttir
- Textílmennt – Ásdís Birna Gylfadóttir og Guðbjörg Halla Magnadóttir
- Tæknimennt – Jón Heimir Hreinsson

Námsgreinar

Eftirtalin fög voru kennd: ÞOTA (sambætting íslensku, samfélagsfræði, náttúrufræði og upplýsingatækni) 12, stærðfræði 6, enska 4, lífsleikni 1, íþróttir 2 og danska 4 stundir. Hringekja (Heimilisfræði, textílmennt og tæknimennt) 3 stundir á viku í 12 vikur í senn. Myndmennt 2 á viku eftir áramót. Nemendur fóru einnig í hinar ýmsu valgreinar og ýmsir kennarar sinntu þeirri kennslu. Einnig var hægt að fá tónlistarnám og íþróttaiðkun metna í valinu.

Kennsluhættir

Kennsla fór fram í tveimur stofum, 202 og 203. Í flestum kennslustundum var hópurinn allur saman í báðum stofum þar sem opið var á milli. Tveir kennarar voru að jafnaði með hópinn og einn stuðningsfulltrúi. Nemendur höfðu afnot af spjaldtölvum sem voru notaðar í verkefnavinnu og til upplýsingaöflunar í vetur líkt og fyrri ár. Notast var við Google Classroom til að koma verkefnalýsingum til nemenda. Rafræn skil voru á mörgum verkefnum í gegnum Classroom þar sem nemendur skiluðu inn á ýmsan hátt, t.d Google Sheets, Google Docs, Google Slides og fleira. Tölvur á bókasafni og í tölvuveri voru einnig notaðar við verkefnavinnu í ýmsum námsgreinum.

POTA

POTA er samþætting námsgreinanna íslensku, náttúrfraeði, samfélagsfræði og upplýsingatækni. Fyrirkomulagið var þannig að unnið var að ákveðnu þema í eina til þrjár vikur í senn. Þemu tengjast því efni sem áætlað var að fara yfir í 8.bekk og var reynt að brjóta veturinn upp með því að velja þema úr mismunandi námsgreinum til skiptis. Það námsefni sem notað var í POTU þennan veturinn var eftirfarandi: Málið í mark – fallorð, Um víða veröld – jörðin, Lýðræði og tækni, Jón Sigurðsson, Lífheimurinn, Eðlisfræði 1, Laxdælasaga. Auk þess var ýmiskonar efni frá kennurum notað til að skerpa á ákveðnum atriðum. Námsmat var gefið í hverri námsgrein fyrir sig jafnt og þétt yfir veturinn.

Stærðfræði

Námsgögn: Skali 1A og 1B (nemendabók og æfingahefti), Almenn stærðfræði I og II. Námstillhögun: Öllum nemendum kennt saman 4 kennslustundir á viku en í fimmta stærðfræðitímanum var hópnum tvískipt og helmingurinn í sundi á móti. Útinám á Mánudögum þar sem nemendur unnu margvísleg verkefni sem tengdust oftast þeim námsþáttum sem unnið var að hverju sinni. Jólaverkefni þar sem nemendur hönnuðu jólakort og kvikmyndaverkefni þar sem nemendur bjuggu til stærðfræðistuttmynd. Námsmat: Símat: Kaflapróf og verkefni
Kennarar: Guðný Harpa Hilty Henrysdóttir, Guðbjörg Halla Magnadóttir og Berglind Árnadóttir (sérkennari).

Enska

Námsefni: Spotlight 8 lesbók og vinnubók ásamt léttlestrarbókum og öðru efni
Námsmat: Vinna yfir veturinn metin til lokaeinkunnar, vinna í tímum, hópastarfi, einstaklingsverkefni
Kennarar: Salome Elín Ingólfssdóttir og Bergljót Halldórsdóttir.

Danska:

Námsgögn: Smart lesbók og vinnubók, Hringekja (stöðvavinna fjölbreytt verkefni unnin á 9 stöðvum). Árstíðatengd þemaverkefni þar meðtalin ýmis útiverkefni auk þemaverkefna tengdum efni úr Smart. Nemendur horfðu á danskt myndefni af ýmsu tagi.
Símat: öll skil svo sem tímaverkefni, hópverkefni, kannanir, verkefnabækur, hringekjuverkefni og myndbönd með framsögn.

Lífsleikni

Áhersla var lögð á almenn samskipti, styrkleika og veikleika, sjálfsmynd nemenda, jákvæðni, umburðarlyndi og virðingu. Haldnir voru bekkjarfundir og nemendur fengu sérstaka fræðslu um ofbeldi, afleiðingar þess og birtingarmyndir

Íþróttir

Útiþróttir út septembermánuð og í maímánuði. Fjölbreytt hreyfing í formi göngu og útihlaups, hreyfileikja, boltaleikja ásamt því að nemendur kynnst fjölbreyttum íþróttagreinum. Nemendur efla líkamsvitund sína með þeim tilgangi að tileinka sér heilbrigðan lífsstíl.
Námsmat: Ástundun.virkni og viðhorf.

Skólasund

Nemendur voru í sundi tvisvar í viku þar sem þeir taka tvö sundstig, það áttunda og níunda. Áhersla var lögð á fjölbreyttar sundaferðir, þolsund, köfun, björgunarsund sem og aðra öryggisþætti er koma að vatni.

Námsmat: Símat yfir veturinn, ástundun, virkni og viðhorf.

Myndmennt

Umsjónarkennarar tóku við myndmenntakennslu um miðbik vorannar. Lögð var áhersla á sköpun og kynningu á listforminu.

Námsmat: símat

Viðburðir og vettvangsferðir

22. ágúst	Skólasetning
29.ágúst	Gönguferð Skotsvæði-Fellsháls-Engidalur
12. september	Sveppaferð í Tunguskóg
21. september	Skólahlaup ÍSÍ
13. október	Foreldraviðtöl
17.-18. október	Vetrarfrí
20. október	Íþróttahátíð í Bolungarvík
8.-9. nóvember	Þemadagar
14. nóvember	Rithöfundakynning
1. desember	Málþing um umhverfismál
6. desember	Skreytingadagur
12. desember	Heimsókn á byggðasafnið
20. desember	Litlu jólin
1. febrúar	Foreldraviðtöl
16.-17. febrúar	Vetrarfrí
7. mars	Listasmiðja með Sverri Norland
29.-30. mars	Árshátíð
28 mars - 10.apríl	Páskafri
27.apríl	Menntaskólanemar með kynningu á strandhreinsunarverkefni
16. maí	Náttúrudagur – heimsókn í Kerecis
17. maí	Vinabekkjartónleikar
19. maí	Háskólalestin
22. maí	Heimsókn á Hrafnseyri og Dynjanda
1. júní	Hjóla- og gönguferð í Seljadal
2. júní	Íþróttadagur
5. júní	Útivera með vinabekk
8. júní	skólaslit

9.bekkur

Á haustönn voru nemendur 40 en 39 eftir áramót. Umsjónarkennarar: Atli Freyr Rúnarsson og Katrín Sif Kristbjörnsdóttir. Stuðningsfulltrúi: Kristín Haraldsdóttir

Kennarar árgangsins eftir námsgreinum

- Danska – Arna Sæmundsdóttir og Kristín Ólafsdóttir

- Enska – Bergljót Halldórsdóttir og Katrín Sif Kristbjörnsdóttir
- Íslenska – Guðlaugur Viðar Valdimarsson, Katrín Sif Kristbjörnsdóttir og Berglind Árnadóttir (sérkennari)
- Íslenska sem annað mál – Magnúsína Laufey Harðardóttir
- Íþróttir – Atli Freyr Rúnarsson, Pétur Már Sigurðsson og Sigríður Guðjónsdóttir (fyrstu vikunnar)
- Lífsleikni – Atli Freyr Rúnarsson og Katrín Sif Kristbjörnsdóttir
- Náttúrufræði – Atli Freyr Rúnarsson og Katrín Sif Kristbjörnsdóttir
- Samfélagsfræði – Atli Freyr Rúnarsson og Katrín Sif Kristbjörnsdóttir
- Stærðfræði – Jón Hálfván Pétursson, Katrín Sif Kristbjörnsdóttir og Berglind Árnadóttir (sérkennari)
- Sund – Atli Freyr Rúnarsson
- Valfög - ýmsir

Eftirtalin fög voru kennd: Íslenska 6 stundir á viku, stærðfræði 6, samfélagsfræði 2, náttúrufræði 3, enska 4, lífsleikni 1, íþróttir 2, sund 1, danska 4.

Kennsluhættir

Kennt var í tveimur aðliggjandi kennslustofum, þ.e. 206 og 207, sem hægt var að opna á milli. Nemendum var skipt í ólíka námshópa í öllum bóklegum greinum.

Stærðfræði

Námsgögn: Skali 2A og 2B (nemendabók og æfingahefti), Almenn stærðfræði I.

Námstilhögun: Kennt í tveimur hópum 5-6 tíma á viku. Útinám eða þrautavinna á þriðjudögum. Jólaverkefni þar sem nemendur áttu að hanna jólakort þar sem áhersla var á form og orðfæri stærðfræðinnar.

Námsmat: Símat: Kaflapróf og verkefni

Íslenska

Námsgögn: Undur, Strákurinn í röndóttu náttfötunum, Kjalnesingasaga, Málið í mark – sagnorð og ýmsar lestrarbækur.

Námstilhögun: Áhersla var lögð á lestur, orðaforða, bókmenntir, málfræði og ritun.

Nemendur unnu bæði að einstaklings- og hópverkefnum.

Námsmat: Símat: Einstaklingsverkefni og hópverkefni

Samfélagsfræði

Námsgögn: Um víða veröld – heimsálfur, Styrjaldir og kreppa og ýmis fræðslumyndbönd.

Námstilhögun: Nemendur unnu einstaklings og hópverkefni úr heimsálfunum. Námsbókin Styrjaldir og kreppa var lesin að hluta og unnin verkefni.

Námsmat: Símat: Einkstaklingsverkefni og hópverkefni

Náttúrufræði

Námsgögn: Mannlíkaminn og Efnisheimurinn

Námstilhögun: Innlagnir á töflu, sjálfspróf, einstaklings- og hópverkefni, verklegar efnafræðiaefingar.

Námsmat: Símat: Einstaklingsverkefni og hópverkefni

Enska

Námsgögn: Spotlight 9 lesbók og vinnubók, World Wide English, Juno, Romeo & Juliet (bók og mynd), Christmas Vacation, Slumdog millionaire, og annað efni frá kennara

Námsmat: Símat: Einstaklingsverkefni, hópverkefni, skyndipróf og sagnapróf.

Danska

Námsgögn: Dejlige Danmark les- og vinnubók. Tak lesbók og vinnub. A

Áhorf: danskt myndefni af ýmsu tagi.

Þemaverkefni : Danmerkur þema. Gönguferð um Ísafjörð, samvinnuverkefni dönsku og ensku og önnur árstíðatengd þemaverkefni þar meðtalin ýmis útiverkefni.

Hringekjuverkefni þar sem unnin voru fjölbreytt verkefni á 9 stöðvum.

Símat: öll skil svo sem tímaverkefni, hópverkefni, kannanir, verkefnabækur og myndbönd með framsögn.

Lífsleikni

Fjölbreytt vinna. Bekkjarsáttmáli útbúinn. Tímarnir voru einnig notaðir fyrir aðsenda fræðslu og ýmsar kannanir sem lagðar voru fyrir nemendur, s.s. Skólapúlsinn.

Sund

Nemendum var skipt í þrjá hópa í sundi. Farið var yfir alla þætti aðalnámskrár og námsefni 10. bekkjar.

Íþróttir

Útiþróttir út septembermánuð og í maímánuði. Inniþróttir mánuðina þar á milli.

Námsmat: Ástundun og virkni.

Viðburðir og vettvangsferðir

22. ágúst	Skólasetning
29. ágúst	Fjallganga á Kistufell
5. september	Haustfundur
21. september	Ólympíuhlaup ÍSÍ
29. september	Leiksýning í Edinborg: Góðan daginn faggi
13. október	Foreldraviðtöl
17.-18. október	Vetrarfrí
20. október	Íþróttahátíð í Bolungarvík
8.-9. nóvember	Þemadagar: Pláss fyrir öll
19. desember	Skreytingadagur
20. desember	Litlu jólin
21.-2. janúar	Jólafrí
25. janúar	Sólarkaffi með 2. bekk
1. febrúar	Foreldraviðtöl
16.-17. febrúar	Vetrarfrí
15. mars	SmartBus fræðsla: Lalli töframaður um netöryggi

29.-30. mars	Árshátíð: Þema – Íþróttir
1.-10. apríl	Páskafri
16. maí	Náttúrudagur: Vinnudagur í Tunguskógi
19. maí	Háskólalestin
26. maí	Vinabekkjatónleikar í Hömrum
31. maí	Ferð í Raggagarð og Melrakkasetur með 2. bekk
2. júní	Leikjadagur á Torfnesi
5. júní	Hjólaferð í Hnífsdal
6. júní	Gönguferð í Stóruð og inn að Golfskála
8. júní	Skólaslit

Atli Freyr Rúnarsson og Katrín Sif Kristbjörnsdóttir



10. bekkur

Í upphafi skólaárs voru nemendur 33. Í janúar fluttist einn nemandi úr árganginum, en í mars bættist einn nemandi aftur inn í hópinn. Við skólaslit voru nemendur því 33. Umsjónarkennarar voru Arna Björk Sæmundsdóttir og Jón Hálfván Pétursson. Stuðningsfulltrúi var Guðmundur Grétar Friðriksson.

Kennarar árgangsins eftir námsgreinum:

- Danska – Kristín Ólafsdóttir og Arna Björk Sæmundsdóttir
- Enska – Salome Elín Ingólfssdóttir og Bergljót Halldórsdóttir
- Heimilisfræði – Guðlaug Jónsdóttir
- Íslenska – Guðlaugur Valdimarsson, Arna Björk Sæmundsdóttir og Berglind Árnadóttir (sérkennari)
- Íþróttir – Árni Heiðar Ívarsson og Pétur Már Sigurðsson
- Lífsleikni – Arna Björk Sæmundsdóttir og Jón Hálfván Pétursson
- Náttúrufræði – Guðlaugur Valdimarsson og Jón Hálfván Pétursson
- Samfélagsfræði – Arna Björk Sæmundsdóttir og Jón Hálfván Pétursson
- Stærðfræði – Jón Hálfván Pétursson, Guðbjörg Halla Magnadóttir og Berglind Árnadóttir
- Valfög - ýmsir

Eftirtalin fög voru kennd: Íslenska 6 stundir á viku, stærðfræði 6, samfélagsfræði 2, náttúrufræði 3, enska 4, lífsleikni 1, íþróttir 2, danska 4.

Kennsluhættir

Kennt var í tveim kennslustofum 201 og 208. Í upphafi árs var skipt í ólíka námshópa í öllum bóklegum greinum. Þeir hópar héldust að mestu allt skólaárið.

Stærðfræði

Kennslustundir eru 6 á viku

Kennarar: Jón Hálfván Pétursson, Guðbjörg Halla Magnadóttir og Berglind Árnadóttir.

Námsefni: Skali 3A - grunnbók og æfingabók, Skali 3B - grunnbók og æfingabók, Almenn stærðfræði 3, Átta-tíu 4, Átta-tíu 5, Átta-tíu 6, ýmis verkefni afhent í gegnum Google Classroom

Námsmat: Símat (verkefni og kaflapróf) og lokapróf

Íslenska

Kennslustundir eru 6 á viku

Kennarar: Arna Björk Sæmundsdóttir og Guðlaugur Viðar Valdimarsson

Námsefni: Logar; texta og verkefnabók í íslensku. Málið í mark; Óbeygjanleg orð, málfræðihefti og verkefni á netinu. Hugfinnur og Málfinnur; handbækur í íslensku. Undur, Gísla saga, og fleiri bækur til lestrar.

Námsmat: Símat og lokapróf

Samfélagsfræði

Kennslustundir eru 3 á viku, tvær í samfélagsfræði og ein í lífsleikni.

Kennarar: Jón Hálfán Pétursson og Arna Björk Sæmundsdóttir

Námstilhögun: Þjóðfélagsfræði er kennd fyrri hluta vetrar en saga eftir áramót.

Námsefni: Frelsi og velferð. Saga 20. aldar II. Á ferð um samfélagið. Viðbótarefni frá kennara.

Námsmat: Símat: vinnubrögð, verkefnaskil, kaflapróf.

Náttúrufræði

Kennslustundir eru 3 á viku

Kennarar: Jón Hálfán Pétursson og Guðlaugur Viðar Valdimarsson

Námsefni: Maður og náttúra, Eðlisfræði 2

Námsmat: Símat: Verkefni og kaflapróf

Enska

Kennslustundir eru 4 á viku

Kennarar: Bergljót Halldórsdóttir og Salóme Elín Ingólfssdóttir

Námsefni: Spotlight 10, lesbók og vinnubók, valbækur í t.d. Ghost Stories. World Wide English og ýmislegt lesefni og myndbönd er varða efnið sem farið er í. Ýmis þemaverkefni sem tengdust meðal annars viðfangsefni Spotlight 10

Námsmat: Símat (verkefni, skyndipróf) og lokapróf.

Danska

Kennslustundir eru 4 á viku

Kennarar: Arna Björk Sæmundsdóttir og Kristín Ólafsdóttir

Námsefni: Smil lesbók og vinnubók A og B. Smásögur úr ýmsum áttum. Lesbækur og verkefni, þemaverkefni. Hringekja (ýmis verkefni), ýmsar danskar myndir og þættir. Sagnapróf og kannanir.

Námsmat: Símat: vinnubrögð, verkefnaskil, svo sem þemaverkefni og hringekjuverkefni, sagnapróf, kaflapróf og kannanir.

Lífsleikni

Kennslustund er ein á viku

Kennarar: Jón Hálfán Pétursson og Arna Björk Sæmundsdóttir

Áhersla var lögð á almenn samskipti, styrkleika og veikleika, sjálfsmynd nemenda, jákvæðni, umburðarlyndi og virðingu. Einnig fór töluverður tími í árshátíðarvinnu. Tímarnir voru einnig notaði fyrir aðsenda fræðslu.

Íþróttir

Útiíþróttir út septembermánuð og í maímánuði. Inniíþróttir.

Námsmat: Ástundun og virkni.

Kennarar: Árni Heiðar Ívarsson og Pétur Már Sigurðsson

Viðburðir og vettvangsferðir

22. ágúst	Skólasetning
29.-30.ágúst	Gönguferð Flæðareyri-Grunnavík
21. september	Norræna skólahlaupið
13. október	Foreldraviðtöl
17.-18. október	Vetrarfrí

20. október	Íþróttahátíð í Bolungarvík
8.-9. nóvember	Þemadagur
19. desember	Skreytingadagur
20. desember	Litlu jólin
1. febrúar	Foreldraviðtöl
16.-17. febrúar	Vetrarfrí
29.-30. mars	Árshátíð
1.-10. apríl	Páskafrí
15.-18. maí	Skólaferðalag
2. júní	Leikjadagur
5. júní	Frágangsdagur
8. júní	Skólaslit

Arna Björk Sæmundsdóttir og Jón Hálfván Pétursson

Stoðþjónusta

Skýrsla deildarstjóra stoðþjónustu

Yfir stoðþjónustu skólans er deildarstjóri stoðþjónustu í 100% stjórnunarhlutfalli, Sóley Veturliðadóttir sinnti starfinu þennan veturinn. Deildarstjóri stoðþjónustu er með yfirsýn um úthlutun sérkennslu í skólanum, heldur utan um stoðteymi skólans, er kennurum ráðgefandi og er ásamt skólastjóra tengiliður við skólaþjónustu, félagsþjónustu og barnavernd í málefnum barna sem þurfa á slíkri þjónustu að halda.

Stoðþjónustunni var sinnt á fjölbreyttan hátt í skólanum. Í yngri bekkjum var lögð áhersla á að sinna stuðningi inni í bekk t.d. þegar stuðningsfulltrúar aðstoða nemendur með leiðsögn kennara. Sérkennarar vinna líka með yngri börnum, ýmist inni í bekk en þó oftár í litlum rýmum, einslega eða í litlum hópum. Á yngsta stigi varð breyting á fyrirhugaðri sérkennslu í 1. og 2. bekk rétt eftir að skólaárið hófst þar sem sérkennari þessara árganga var tekin í umsjónarkennslu. Eins var boðið upp á íslensku sem annað mál fyrir börn sem voru nýflutt til Íslands og fór sú vinna fram í litlum hópum eða einstaklingslega í námsveri. Á miðstigi fór sérkennslan fram bæði inni í bekk en líka utan bekkja, sem og kennsla í íslensku sem öðru máli og það sama gilti um unglíngastig.

Það urðu miklar breytingar á stoðteyminu þetta skólaár. Þroskaþjálfari fór í fæðingarorlof og því var enginn þroskaþjálfari við störf þennan veturinn. Einn sérkennari í 60% hlutfalli fór einnig í fæðingarorlof og annar sérkennari í 100% hlutfalli fór í fæðingarorlof um áramót. Í staðinn var ráðinn sérkennari í 80% hlutfall (sem fljótlega var tekinn í umsjón í 2. bekk). Einnig var ráðinn félags- og tólmstundafræðingur í 100% starf og í nóvember kom náms- og starfsráðgjafi í 100% starf í sérkennslu. Á vorönn kom kennaranemi í stundakennslu í sérkennslu með áherslu á drengi.

Yfir veturinn störfuðu 5 sérkennarar í samtals um það bil 5 stöðugildum. Fastir tímar í stundatöflu sérkennara vor 128 á viku fyrir áramót og 143 eftir áramót sem er lækkun frá

síðasta skólaári þegar tímarnir voru 162. Stuðningsfulltrúar sinntu stuðningi í 480 klukkustundir á viku yfir skólaárið.

Fundir stoðteymis (sérkennara og þroskaþjálfara skólans) voru haldnir í 4 skipti yfir veturinn. Stoðteymið átti ekki fasta fundartíma í vetur og var stundum erfitt að finna tíma fyrir fundi. Stoðteymisfundir fóru fram í námsveri skólans. Á hverjum fundi var yfir ýmis mál tengd sérkennslu og stuðningi. Starfsmenn deildu upplýsingum um kennsluaðferðir, námsgögn og símenntun.

Auk formlegra sérkennslutíma sérkennara og þroskaþjálfara var einnig boðið upp á sérkennslu í heimilisfræði með það að markmiði að létta álagi af nemendum í bóklegum greinum og efla félagsþroska þeirra. 2 kennslustundir á viku fóru í slíka vinnu. Tveir nemendur fóru í vinnustaðatengt starfsnám einn dag í viku.

Skólasálfræðingarnir Björg Norðfjörð og Sólveig Norðfjörð komu í skólann í 8 lotur í vetur (yfirleitt 2-3 dagar í senn) og komu þær að málum 23 barna.

Ísafjarðarbær er með samning við Signýju Gunnarsdóttur talmeinafræðing um komur í sveitarfélagið og kom hún í 6 lotur í grunnskólann, yfirleitt 3 – 4 dagar og kom hún að málum 25 barna. 2 lotur Signýjar féllu niður á vorönn þar sem Signý slasaðist en tók hún nokkra skilafundi í gegnum TEAMS.

Gögn vegna athugana og greininga bárust frá sérfræðingum vegna 76 nemenda. Þar af 22 skýrslur frá sálfræðingum á vegum skólaþjónustu Ísafjarðarbæjar auk greinargerðum vegna ráðgjafar, 10 skýrslur komu frá Greiningarstöð eða Þroska- og hegðunarstöð, 3 frá utanaðkomandi sálfræðingum, og 15 skýrslur frá talmeinafræðingi. 20 logos eða GRP 14h greiningar voru gerðar á nemendum skólans utan logos skimunar sem gerð er í 3. bekk.

Við lok skólaárs eru 15 vísanir til sálfræðings sem sem ekki tókst að hefja athugun á og 18 börn bíða eftir greiningu á málþroska. 5 mál eru ókláruð hjá sálfræðingum og engin mál sem ekki náði að fara með fyrir nemendaverndarráð.

Nemendaverndarráð skólans sem samanstendur af stjórnendum skóla, skólahjúkrunarfræðingi, náms- og starfsráðgjafa, fulltrúa skólaskrifstofu og fulltrúa barnaverndar fundað mánaðarlega yfir veturinn varðandi málefni barna og fara vísanir til talmeinafræðings og sálfræðings í gegnum nemendaverndarráð.

Talsvert samstarf var við Heilbrigðisstofnun Vestfjarða í gegnum svokallað Samráðsteymi (áður Barnageðteymi) sem sinnir þjónustu við börn með geðraskanir og við félagsþjónustu Ísafjarðarbæjar vegna barna með fjölþættan vanda. Skólahjúkrunarfræðingur Helena Hrund Jónsdóttir var tengiliður við Samráðsteymið. Sóley Veturliðadóttir, deildarstjóri stoðþjónustu situr í Samráðsteymi fyrir hönd stjórnenda skólans. Allir fundir vetrarins voru í gegnum TEAMS vegna veirunnar. Deildarstjóri stoðþjónustu situr einnig fundi BUGL teymi ásamt skólahjúkrunarfræðingi.

Námsver

Í námsveri skólans hefur einn sérkennari verið með flesta sína tíma og hefur því verið hægt að hafa námsverið opið að hluta til. Eins hafa aðrir kennarar verið með viðveru þar til að fylla í stundaskrá sem hefur bætt við opnunartíma námsvers, samtals 13 tímar

Íslenska sem annað mál

Magnúsína Laufey Harðardóttir sá um íslensku sem annað mál (sjá sér skýrslu).

Deildarstjóri stoðþjónustu/proskapjálfi

Sóley deildarstjóri var með 6 kennslustundir á viku sem þroskajálfatíma. Að auki hitti hún nokkra nemendur tímabundið í ákveðnum verkefnum. Allir tímar fóru fram í stofu deildarstjóra. Einnig fór hún nokkuð inn í bekki. Deildarstjóri var með 4 tíma á viku í málörvun fyrir börn sem voru hjá Signý talmeinafræðingi.

Deildarstjóri var með 15 þjónustuteymi á sínum snærum sem funduðu mis reglulega eftir þörfum hvers nemanda. Samtals voru þetta 38 teymisfundir. Deildarstjóri sat þar að auki skilafundi sálfræðinga og skilafundi talmeinafræðings og sat nokkra fundi í teyllum annarra nemenda.

Sóley Veturliðadóttir

Sérkennsla og ÍSAT

Sérkennsla – ÍSAT

Kennari: Magnúsína Laufey Harðardóttir

Námsefni: Ýmsar lestrarbækur og lestrarvinnubækur, orðaforði úr námsbókum nemenda, Kæra dagbók 1, 2 og 3, Litabækurnar af skólavefnum, Talking partners, Legó, ýmis spil, efni af vef og efni frá kennara.

Námstilhögun: Nemendur voru oftast í tveggja til fjögurra manna hópum í þrjár til fimm kennslustundir á viku í námsveri skólans. Um vorið kom upp mygla í nærliggjandi stofum sem varð til þess að ganginum var lokað og voru tímarnir þá fluttir í stofu 114.

Unnið var mikið með íslenska stafrófið og hljóð stafanna, orðaforða og málörvun. Mikið var lesið og unnið með lesskilning, endursögn, ásamt því að vinna með einfalda málfræði. Þá voru stundum spiluð málörvunarspil. Einnig var mikið talað um allt mögulegt tengt námsefninu eða bara því sem var að gerast í samfélaginu.

Magnúsína Laufey Harðardóttir

Sérkennsla

1.bekkur

Kennari: María Friðgerður Lárusdóttir

Námsefni: Léttlestrarbækur, lestrarbókin mín, ýmis orðaspjöld og spil, stærðfræðiljósrit og spoti, orðgull, Alias, K-PALS.

Námstilhögun: Árgangurinn var með 7 tíma á viku sem var skipt jafnt á milli hópanna. Alls voru það 10 nemendur sem komu til sérkennara mest í 2-3ja manna hópum. Krakkarnir þurftu aðallega hjálp með stafainnlögn, lestur og lásu þau ýmist í lestrarbókum eða í heftinu lestrarbókin mín þar sem þau unnu einnig verkefni eins og orðasúpur og skrifa orð. Nemendur

með annað tungumál fengu orðaforða þjálfun og að vinna með fyrirmæli. Hjálpað var til í stærðfræði þar sem þurfti.

2.bekkur

Kennari: María Friðgerður Lárusdóttir

Námsefni: Líttlestrarbækur, K-PALS, ýmis lestrarþpil, Legó, Orðagull, Alias málörvunarsþpil og ýmis ljósrít af vefnum Fjölbreyttar kennsluáðferðir fyrir fjöruga krakka og margskonar hljóða , lestrar og málörvunarsþpil sem kennari bjó til.

Námstilhögur: Árgangurinn var með 8 kennslustundir sem var skipt eftirfarandi: Marzena 2x 1/2 tími á viku (2 nem), Helga 3,5 tími á viku (4 nem) og Karen 2,5 tímar (4-7 nem) . Nemendur komu ýmist einir í lestur eða tveir til þrír í hóp í K-Pals og þpil. Unnið var með lestur og verkefni 4x í viku og málörvun 1x í viku.

3.bekkur

Kennari: María Friðgerður Lárusdóttir

Námsefni: Líttlestrarbækur Auðbjargar, ýmis lestrarþpil, Legó, Alias málörvunarsþpil og ýmis ljósrít af vefnum Fjölbreyttar kennsluáðferðir fyrir fjöruga krakka og margskonar hljóða , lestrar og málörvunarsþpil sem kennari bjó til, Stafsetning og ritun

Námstilhögur: Árgangurinn var með 5 kennslustundir sem var skipt eftirfarandi: Kristrún 3 tímar (7 nem) og Árný 2 tímar (2.nem) . Nemendur komu mest saman í hóp þar sem þau lásu og unnu lesskilningsverkefni á meðan hinir voru í einhvers konar ritun. Einnig var unnið með málörvun og félagsfærni saman 1x í viku og stærðfræði þar sem við á.

4.bekkur

Kennari: María Friðgerður Lárusdóttir

Námsefni: Líttlestrarbækur Auðbjargar, ýmis lestrarþpil, Legó, Alias málörvunarsþpil og ýmis ljósrít af vefnum Fjölbreyttar kennsluáðferðir fyrir fjöruga krakka og margskonar hljóða , lestrar og málörvunarsþpil sem kennari bjó til, Stafsetning og ritun. Einnig byrjuðum við aðeins með félagsfærni efnið Fjárþjóðsleit bæði fyrir drengi og stúlkur.

Námstilhögur: Árgangurinn var með 5 kennslustundir. Nemendur komu mest saman í hóp þar sem þau lásu og unnu lesskilningsverkefni á meðan hinir voru í einhvers konar ritun. Einnig var unnið með málörvun og félagsfærni saman 1x í viku og stærðfræði þar sem við á.

5. bekkur (fyrir áramót)

Kennari: Iwona Maria Samson

Námþgreinar: íslenska og stærðfræði

Kennslustundafjöldi: 4 í stærðfræði og 4 í íslensku

Námstilhögur í stærðfræði: Unnið var með nemendur í auka stofu eða inni í bekk og það var breytilegt yfir veturinn hvaða nemendur voru í þessum tímum.

Námstilhögur í íslensku: Nemendur sem ekki ná lágmarksviðmiði árgangs í lesfimi. Hóþarnir unnu með ýmsu efni til að efla lestur. Orðaforðavinna var tekin samhliða lestrinum. Einn nemandi kom fyrir áramót í lestrarkennslu sem var í formi einkaþþjálfunar. Nokkrir nemendur komu einstaklingslega að lesa eins oft og hægt var.

Einn nemandi var með aðlagð námsefni í íslensku.

Námsefni í stærðfræði: Stika 1a og Stika 1b nemendabók og æfingahefti og verkefni frá kennara.

Námsefni í íslensku: Eitt skref í einu lestrarþþjálfunarefni, 100ord.is, lestrarbækur og efni frá kennara.

Námþmat í stærðfræði: Allir nemendur árgangsins fóru í námþmat á sama tíma.

Námsmat í íslensku: Allir nemendur árgangsins fóru í námsmat á sama tíma.
Vinna gekk vel og góð samvinna var við umsjónarkennara.

5.bekkur (eftir áramót)

Kennari: Kristjana Þrastardóttir

Námsgreinar: íslenska og stærðfræði

Kennslufjöldi: 3 í stærðfræði og 3 í íslensku

Námstilhögun: Unnið var með nemendur í minni hóp í aukastofu, breytilegt yfir önnina hvaða nemendur komu.

Námsmarkmið: Stærðfræði, áhersla var á að kafa dýpra og fara hægar yfir þau viðfangsefni sem eru tekin fyrir í stærðfræði í árganginum. Íslenska, áhersla var á málfræði og lesskilning.

Námsefni stærðfræði: Stika 1a og 1b ásamt sérverkefnaheftum sem sérkennari úbjó

Námsefni í íslensku: Vandamálið vinnuhefti, Lestrarkassinn á Skólavefnum, efni frá umsjónarkennara o.fl.

Námsmat: Í báðum fögum fóru nemendur í námsmat hjá umsjónarkennara.

6. bekkur (fyrir ármót)

Kennari: Iwona Maria Samson

Námgreinar: íslenska og stærðfræði

Kennslustundafjöldi: 3 í stærðfræði og 5 í íslensku

Námstilhögun í stærðfræði: Nemendur sem þörfuðust sérstakrar aðstoðar í stærðfræði. Höfuðáhersla var lögð á að nemendur fylgi námsáætlunum árgangsins. Unnið var í með litla hópa í auka stofu og það var breytilegt yfir veturinn hvaða nemendur voru í þessum tímum. Fjórir nemendur voru með aðlagð námsefni í stærðfræði.

Námstilhögun í íslensku: Nemendur sem ekki ná lágmarksviðmiði árgangs í lesfimi og Orðarún. Hóparnir unnu með PALS ásamt ýmsu öðru efni til að efla lestur og lesskilning. Nokkrir nemendur komu einstaklingslega að lesa eins oft og hægt var. Orðaforðavinna var tekin samhliða lestrinum.

Tveir nemendur voru með aðlagð námsefni í íslensku.

Námsefni í stærðfræði: Stika 2a og 2b nemendabók og æfingahefti, verkefni frá kennara og aðlagð námsefni í stærðfræði frá kennara.

Námsefni í íslensku: Lestrarbækur, PALS lestraraðferð, Eitt skref í einu lestrarþjálfunarefni, 100ord.is og námsefni frá kennara.

Námsmat í stærðfræði: Nemendur tóku sama próf og árgangurinn, nema nemendur með aðlagð efni í stærðfræði sem tóku próf úr því námsefni sem þau hafa lokið.

Námsmat í íslensku: Allir nemendur árgangsins fóru í námsmat á sama tíma.

Vinna gekk mjög vel og mjög góð samvinna var við umsjónarkennara.

6.bekkur (eftir áramót)

Kennari: Kristjana Þrastardóttir

Námsgreinar: íslenska og stærðfræði

Kennslufjöldi: 3 í stærðfræði og 3 í íslensku

Námstilhögun: Unnið var með nemendur í minni hóp í aukastofu, breytilegt yfir önnina hvaða nemendur komu.

Námsmarkmið: Stærðfræði, áhersla var á að kafa dýpra og fara hægar yfir þau viðfangsefni sem eru tekin fyrir í stærðfræði í árganginum. Íslenska, áhersla var á málfræði og lesskilning.

Námsefni stærðfræði: Stika 2a og 2b ásamt sérverkefnaheftum sem sérkennari úbjó

Námsefni í íslensku: Vandamálið vinnuhefti, Lestrarkassinn á Skólavefnum, efni frá umsjónarkennara og námsspil

Námsmat: Í báðum fögum fóru nemendur í námsmat hjá umsjónarkennara.

7. bekkur (fyrir ármaót)

Kennari: Iwona Maria Samson

Námsgreinar: íslenska og stærðfræði

Kennslustundafjöldi: 5 í stærðfræði og 5 í íslensku

Námstilhögun í stærðfræði: Unnið var með nemendur í auka stofu og það var breytilegt yfir veturinn hvaða nemendur voru í þessum tímum.

Námstilhögun í íslensku: Nemendur sem ekki ná lágmarksviðmiði árgangs í lesfimi og Orðarún. Hóparnir unnu með ýmsu efni til að efla lestur og lesskilning. Nokkrir nemendur komu einstaklingslega að lesa eins oft og hægt var. Orðaforðavinna var tekin samhliða lestrinum.

Námsefni í stærðfræði: Stika 3a og 3b nemendabók og æfingahefti, verkefni frá kennara.

Námsefni í íslensku: Eitt skref í einu lestrarþjálfunarefni, 100ord.is, lestrarbækur og efni frá kennara.

Námsmat í stærðfræði: Nemendur tóku sama próf og árgangurinn, nema nemandi með aðlagð efni í stærðfræði sem tók próf úr því námsefni sem hafa lokið.

Námsmat í íslensku: Allir nemendur árgangsins fóru í námsmat á sama tíma, nema nemandi með aðlagð efni í íslensku sem tók próf úr því námsefni sem hafa lokið.

Vinna gekk mjög vel og mjög góð samvinna var við umsjónarkennara.

7.bekkur (eftir áramót)

Kennari: Kristjana Þrastardóttir

Námsgreinar: íslenska og stærðfræði

Kennslufjöldi: 3 í stærðfræði og 3 í íslensku á hvorn hóp. 6 tímar fyrir allan árganginn.

Námstilhögun: Unnið var með nemendur í minni hóp í aukastofu, breytilegt yfir önnina hvaða nemendur komu.

Námsmarkmið: Stærðfræði, áhersla var á að kafa dýpra og fara hægar yfir þau viðfangsefni sem eru tekin fyrir í stærðfræði í árganginum. Íslenska, áhersla var á málfræði og lesskilning.

Námsefni stærðfræði: Stika 3a og 3b ásamt sérverkefnaheftum sem sérkennari úbjó

Námsefni í íslensku: Vandamálið vinnuhefti, Lestrarkassinn á Skólavefnum, efni frá umsjónarkennara og námsspil

Námsmat: Í báðum fögum fóru nemendur í námsmat hjá umsjónarkennara.

8.bekkur

Sérkennari: Berglind Árnadóttir

Námsgreinar: íslenska og stærðfræði

Kennslustundafjöldi: 6 kennslustundir á viku í íslensku og 4 kennslustundir fóru í stærðfræði

Tímabil: allt skólaárið

Staðsetning: stofa 105 og inni í bekk

Nemendafjöldi: 6 nemendur í íslensku og 8 í stærðfræði

Námsefni í íslensku: Í huganum heim, Árstíðir, Hitt og þetta, Lesa og skilja, Litabækur: Grábók og Rauðbók, Eintala og fleirtala, Rétt orð á réttan stað, ýmiskonar leifturspjöld og heimatilbúið námsefni, ýmiskonar textar notaðir eins og örsögur,

Námsefni í stærðfræði: Skali 1A nemendabók og æfingahefti, Almenn stærðfræði I og þrautir

Námsmat í íslensku: allir nemendur árgangsins fóru í námsmat á sama tíma. Nemendur tóku þrjú lesfimiþróf yfir veturinn, Orðarún einu sinni á önn og stafsetning var inn í íslenskumati.

Þrjú nemendur voru með aðlagð námsmat

Námsmat í stærðfræði: allir nemendur árgangsins fóru í námsmat á sama tíma. Nemendur tóku kannanir eftir hvern kafla sem tóku mið af þeirra námsmarkmiðum eða þær sömu og aðrir nemendur tóku.

Námstilhögun í íslensku: Áhersla var á að auka orðaforða og lesskilning nemenda með lestri, hlustun og spjalli, einnig að auka færni í málfræði og stafsetningu.

Námstilhögun í stærðfræði: Árganginum var fylgt hvað varðaði efnisatriði stærðfræðinnar en sumir fengu minna magn að glíma við.

9. bekkur

Sérkennari: Berglind Árnadóttir

Námsgreinar: íslenska

Kennslustundafjöldi: 2-6

Tímabil: allt skólaárið

Staðsetning: stofa 105

Nemendafjöldi: 3-7 nemendur

Námsefni: Í huganum heim, Árstíðir, Hitt og þetta, Lesa og skilja, Litabók: Grábók, Eintala og fleirtala, Rétt orð á réttan stað, ýmiskonar leifturspjöld og heimatilbúið námsefni, ýmiskonar textar notaðir eins og örsögur.

Námsmat: allir nemendur árgangsins fóru í námsmat á sama tíma. Nemendur tóku þrjú lesfímipróf yfir veturinn og Orðarún einu sinni á önn.

Námstilhögun: Áhersla var á að auka orðaforða og lesskilning nemenda með lestri, hlustun og spjalli, einnig að auka færni í málfræði og stafsetningu.

10. bekkur

Sérkennari: Berglind Árnadóttir

Námsgreinar: íslenska

Kennslustundafjöldi: 7 kennslustundir á viku

Tímabil: allt skólaárið

Staðsetning: stofa 105

Nemendafjöldi: 11 nemendur

Námsefni: Í huganum heim, Árstíðir, Hitt og þetta, Lesa og skilja, Litabækur: Grábók og Rauðbók, Eintala og fleirtala, Rétt orð á réttan stað, ýmiskonar leifturspjöld og heimatilbúið námsefni, ýmiskonar textar notaðir eins og örsögur.

Námsmat: allir nemendur árgangsins fóru í námsmat á sama tíma. Nemendur tóku þrjú lesfímipróf yfir veturinn, Orðarún einu sinni á önn.

Námstilhögun: Áhersla var á að auka orðaforða og lesskilning nemenda með lestri, hlustun og spjalli, einnig að auka færni í málfræði og stafsetningu.

Ársskýrsla tómstunda- og félagsmálafræðingur, skólaárið 2022 - 2023

Bergþóra Sveinsdóttir

Ívetur hafa 12-15 nemendur verið meo fasta einstaklings- eða hóptíma í töflu. Auk þess hafa fleiri nemendur 10-15 nemendur komið í staka eða nokkra einstaklingstíma yfir veturinn eftir þörfum. Hver tími er 40 mínútur nema einn nemandi hefur verið vikulega

2x40 minuttur í staðinn fyrir íþróttatíma. Auk þess hafa sumir nemendur verið lengur eftir þörfum.

Ég var teymisstjóri fyrir sjö nemendur á mið- og unglíngastigi. Á þessu skólaári voru haldnir níu teymisfundir. Eg hef einnig setið aðra fundi sem tengjast þeim nemendum sem koma til mín í einstaklingstíma. Ég hef einnig verið mikið til staðar fyrir nemendur í 5. bekk og 7. bekk sem hafa leitað til mín með namsaðstoð eða í spjall ásamt því að sitja foreldrafundi.

Áhersluatriði hafa fyrst og fremst verið að kynna þeim nemendum sem hafa komið til mín en það getur tekið tíma og fyrir sumar frekar langan tíma, sérstaklega með svona takmarkaðan tíma í viku. Ég hef fyrst og fremst verið mikið að spjalla við þau og spilað mjög mikið. En spil gefa góða raun í að kynna nemendum hvort sem það er í hóp eða ekki. Það gefur líka góða vísbendingu um fínhyringar, kænsku og skilning. Gefur nemendum einnig tækifæri til að tjá sig í rólegri aðstæðum sem annars eiga erfitt með það inn í bekk.

Ég hef einnig fundið fyrir því að oft á tíðum hafa þau einfaldlega þörf til að spjalla um allt og ekkert. Ég hef því lagt áherslu á að vera fyrst og fremst til staðar fyrir þau sem þurfa á því að halda, fara yfir þeirra mál og ræða hvað er hægt að gera betur og hvað reynist þeim erfitt. Það hefur gengið mjög vel hjá flestum nemendum.

Ég fór inn í kennslustundir hjá 5.b og 8.b. fyrir jóla til að fylgjast með hópnum og samskiptum. Ég hef mest verið að vinna með nemendur á miðstigi og farið með þeim í ferðir, bæði að hausti og vori. Ég var einnig með spilaklúbb fyrir 7. bekk á haustönn sem gekk mjög vel til að byrja með en svo varð mætingin svo mikil að mér reyndist erfitt að vera ein með þau og þurfti því miður að hætta því. Þeim fannst rosalega spennandi að mæta í félagsmiðstöðina og fannst gaman á meðan var.

Ég ásamt Kristjönu vorum svo með hópastarf fyrir allar stelpur í 7.b á vorönn sem gekk þokkalega vel. Það reyndist erfitt að ná trausti og einlægni í hópinn með því efni sem við lögðum upp með. Við ákváðum því að breyta skipulaginu og lögðum áherslu á að gera eitthvað skemmtilegt svo að þeim myndi ná vel saman og slakað á. Það hafði jákvæð áhrif á hópinn og við náðum góðum tímum í lokin og nemendurnir báðu um að halda áfram næsta skólaár.

Ársskýrsla sérkennsla - heimilisfræði á unglíngastigi

Í vetur voru 8 nemendur í sérkennslu á unglíngastigi í heimilisfræði - 9 úr 10. bekk og 1 úr 9. bekk. Nemendur fengu tvær kennslustundir á viku allan veturinn. Hópurinn var einstaklega vel saman settur þó getan væri á ýmsum stigum. Markmið kennslunnar voru fyrst og fremst þau að efla sjálfstæði nemenda og gera þau eins sjálfbjarga og hægt væri. Verklek kennsla var í öllum tímum þar sem nemendur elduðu og/eða bökuðu oftast eftir uppskriftum en

stundum fengu þeir aðeins grófar leiðbeiningar og hráefni í hendurnar og þurftu að útbúa máltíð úr því. Meðfram verklegu kennslunni var laumað inn fróðleik í sambandi við hollustu og heilbrigði og ýmislegt annað.

Stuðningsfulltrúi var í nær öllum tímum sem nýttist afar vel og var í raun algjörlega nauðsynlegt svo nemendur fengju þjónustu við hæfi.

Guðlaug Jónsdóttir

Náms- og starfsráðgjöf

Skólaárið 2022 til 2023 var starfandi náms- og starfsráðgjafi við grunnskólann í 60% starfshlutfalli. Viðfangsefni vetrarins voru frá öllum skólastigum og verkefni mismunandi eftir aldri og aðstæðum

Yngst stig: á yngsta stigi eru verkefni aðallega fólgin í því að aðstoða börnin við að venjast skólagöngu, sitja kyrr, hlusta á kennarann og annað starfsfólk, fylgja fyrirmælum og þ.h. Þó koma ætíð upp samskiptaörðugleikar sem þarf að leysa úr, sérstaklega í frímínútum og vanlíðan í stöku tilfellum.

Miðstig: Á miðstigi eru vandamál sem upp koma farin að vera meira í formi samskiptaörðugleika, vanlíðunar auk þess að læra að setja sjálfum sér og öðrum viðeigandi mörk í hegðun. Þá eru námsörðugleikar einnig að koma skýrar í ljós eftir því sem námsefnið verður flóknara og víðfemara.

Unglingastig: Í upphafi skólaárs eru tekin stutt viðtöl við nemendur í 8. 9. og 10. bekk. Rætt er um áhuga á framhaldsnámi, líðan í skólanum og útkljáð vandamál, ef einhver, sem upp hafa komið á skólagöngunni. Öllum er ætíð boðið að sækja þjónustu námsráðgjafa að vild.

Námsráðgjafi hittir börn einslega, tvö og tvö saman eða í litlum hópum eftir því hvað umsjónakennari telur henta best í hvert sinn. Viðtöl við kennara fara nær öll óformlega fram á þeirra vinnusvæði eða þar sem næði fékkst til að ræða einslega saman. Rætt er við foreldra eða þeim sendur tölvupóstur með upplýsingum þegar tilefni þótti til eða foreldrar æskja þess.

Önnur störf: Náms- og starfsráðgjafi sat nemendaverndarráðsfundi, fundi eineltisteymis, og forvarnarteymis gegn kynferðisofbeldi auk þess að vera hluti af innra mats teymi grunnskólans. Námsráðgjafi hélt utan um tengslakannanir sem gerðar voru innan allra bekkjardeilda frá 1. upp í 10. bekk og lagði fyrir skimunarpróf úr Talnalyklinum í 3. og 6. bekk. Námsráðgjafi hefur unnið önnur þau störf sem til hafa fallið og stuðla að betri skólagöngu barna í grunnskólanum.

Sérgreinar

Heimilisfræði

1. bekkur - Sigurrós Eva

Í vetur voru 40 nemendur í 1. bekk. Þeim var skipt upp í 4 hópa í hringekju og fékk hver hópur 2 tímabil á vetrinum. Nemendur voru 2 samfelldar kennslustundir tvisvar í viku á hvoru tímabili, þriðjudögum og fimmtudögum. Stuðst var við kennslubókina Gott og gaman en einnig var notað annað eldra efni við kennsluna. Helstu þættir sem farið var inn á voru almenn heimilisstörf, hvernig börnin geta hjálpað til á heimilum, hvernig við eigum að ganga snyrtilega um, einnig persónulegt hreinlæti. Kynnt voru helstu áhöld, fæðuhringurinn skoðaður og rætt heilmikið um mun á hollum og óhollum mat. Í framhaldi af því var fjallað um tannheilsu og afleiðingar lélegs mataræðis. Nemendur fengu að æfa sig í notkun hnífa og nokkurra einfaldra áhalda. Þau fengu einnig svólítið að kynnst bakstri. Helstu markmið sem unnið var út frá voru að nemendur myndu kynnst einföldum áhöldum í eldhúsi og tileinka sér gildi hollrar næringar. Einnig að nemendur tileinkuðu sér jákvæða hegðun í sambandi við umhverfið og lærðu jákvæð samskipti við borðhald. Nemendur fengu lokaekinn fyrir hæfni á námssviði í formi bókstafs að vori.

2. bekkur - Sigurrós Eva

Í vetur voru 45 nemendur í 2. bekk. Þeim var skipt upp í 4 hópa í hringekju og fékk hver hópur 2 tímabil á vetrinum. Nemendur voru 2 samfelldar kennslustundir tvisvar í viku á hvoru tímabili, þriðjudögum og fimmtudögum. Bókin Heimilisfræði 2 var notuð í vetur. Megin áherslur í kennslunni voru svipaðar og í 1. bekk. Meiri áhersla var lögð á verklega kennslu og hreinlæti. Nemendur lærðu að vaska upp og ganga frá og fengu þjálfun í því. Farið var betur í fæðuhringinn og nemendur fengu að spreyta sig á ýmsum einföldum réttum. Helstu markmið kennslunnar voru þjálfun í samvinnu og samskiptum, vinnubrögðum, meðferð áhalda, áhersla á hollustu og heilbrigði og umhverfisfræðsla. Nemendur fengu lokaekinn fyrir hæfni á námssviði í formi bókstafs að vori.

3. bekkur - Guðlaug

Í vetur voru 31 nemendur í 3. bekk. Þeim var skipt upp í 3 hópa í hringekju og fékk hver hópur 2 tímabil á vetrinum. Nemendur voru 2 kennslustundir á þriðjudögum og 1 kennslustund á fimmtudögum. Bókin Heimilisfræði 3 var notuð í vetur. Helstu markmið kennslunnar voru þau að nemendur þjálfuðust í samvinnu, samskiptum, sjálfstæðum vinnubrögðum, notkun eldhúsáhalda og öðluðust frekari leikni í heimilisstörfum. Lögð var áhersla á tengsl hollustu og heilbrigðis, mikilvægi hreinlætis og komið var inn á þætti sem falla undir umhverfisvernd. Nemendur fengu lokaekinn fyrir hæfni á námssviði í formi bókstafs að vori, auk þess fengu þeir einkunnir í formi tákna fyrir metanleg hæfniviðmið.

4. bekkur - Guðlaug

Í vetur voru 25 nemendur í 4. bekk. Þeim var skipt upp í 3 hópa í hringekju og fékk hver hópur 2 tímabil yfir veturinn. Nemendur voru 2 samfelldar kennslustundir á föstudögum og eina kennslustund á fimmtudögum. Bókin Heimilisfræði 4 var notuð í vetur. Helstu markmið kennslunnar voru þau að nemendur fengju áframhaldandi þjálfun í meðferð áhalda og tækja. Í lok tímabilsins áttu þau að geta matreitt einfalda rétti og bakað eftir einföldum

uppskriftum. Nemendur fengu kynningu og nokkra þjálfun í sambandi við helstu hugtök í næringarfræði og tengsl hollustu og heilbrigðis. Þeir áttu að tileinka sér þekkingu varðandi slysaættu á heimilum og helstu þjargir í þeim efnum. Komið var inn á mikilvægi hreinlætis og lögð áhersla á snyrtimennsku jafnt í eldhúsinu sem persónulegt hreinlæti. Komið var inn á umhverfismennt, flokkun og fleira þess háttar. Nemendur fengu lokaekunn fyrir hæfni á námssviði í formi bókstafs að vori, auk þess fengu þeir einkunnir í formi tákna fyrir metanleg hæfniviðmið.

5. bekkur - Guðlaug

Í vetur voru 47 nemendur í 5. bekk. Þeim var skipt upp í 4 hópa í hringekju og fékk hver hópur 2 tímabil á vetrinum. Nemendur voru 2 samfelldar kennslustundir tvisvar í viku á hvoru tímabili. Samhliða verklegri kennslu fengu nemendur einnig bóklega fræðslu. Bókin Gott og gagnlegt 1 var notuð við kennsluna. Helstu markmið kennslunnar voru þau að auka leikni nemenda í meðferð áhalda í eldhúsi og þjálfa þau markvisst í matreiðslu, bakstri og góðum vinnubrögðum. Nemendur fengu fræðslu um hvernig varast mætti þær hættur sem geta verið á heimilum. Lögð var áhersla á fræðslu um hollustu og heilbrigði auk umræðunnar um nauðsyn hreinlætis við matreiðslustörf. Þó nokkur áhersla var lögð á umhverfisvernd og endurvinnslu. Einnig að halda vinnusvæðum, áhöldum og tækjum hreinum, temja sér góða borðsiði og taka þátt í ánægjulegum samskiptum við borðhald. Nemendur fengu lokaekunn fyrir hæfni á námssviði í formi bókstafs að vori, auk þess fengu þeir einkunnir í formi tákna fyrir metanleg hæfniviðmið.

6. bekkur - Guðlaug

Í vetur voru 44 nemendur í 6. bekk. Þeim var skipt upp í 4 hópa í hringekju og fékk hver hópur 2 tímabil á vetrinum. Nemendur voru 2 samfelldar kennslustundir tvisvar í viku á hvoru tímabili. Stuðst var að nokkru leiti við bókina Gott og gagnlegt 2. Helstu markmið kennslunnar voru þau að auka þekkingu á helstu næringarefnum og hlutverkum þeirra. Einnig var áhersla á að nemendur gerðu sér grein fyrir því að rétt fæðuval og góðar matarvenjur hafa mikla þýðingu fyrir góða heilsu sem og hæfileg hreyfing og hvíld. Unnið var með markmið um jákvætt viðhorf til umhverfisverndar. Nemendum voru kynntar helstu þvottaleiðbeiningar á fatnaði, einnig almennt um hreinlæti - að halda vinnusvæðum, áhöldum og tækjum hreinum, temja sér góða borðsiði og taka þátt í ánægjulegum samskiptum við borðhald. Nemendur fengu lokaekunn fyrir hæfni á námssviði í formi bókstafs að vori, auk þess fengu þeir einkunnir í formi tákna fyrir metanleg hæfniviðmið.

7. bekkur - Guðlaug

Í vetur voru 44 nemendur í 7. bekk. Þeim var skipt upp í 4 hópa í hringekju og fékk hver hópur 2 tímabil á vetrinum. Nemendur voru 2 kennslustundir á mánudögum og 2 kennslustundir á miðvikudögum. Helstu markmið kennslunnar í 7. bekk voru þau að nemendur gerðu sér grein fyrir því að hæfileg næring, hreyfing og hvíld er ein meginforsenda fyrir andlegu og líkamlegu heilbrigði. Unnið var með helstu hugtök í næringarfræði og skoðað hvar þessi næringarefni er helst að finna í fæðunni. Útlit, gæði og geymsla matvæla voru tekin fyrir. Áhersla var á að nemendur gætu matreitt og framreitt einfaldar máltíðir eftir greinargóðum uppskriftum og leiðbeiningum og sýnt góð og markviss vinnubrögð. Áfram var unnið með umhverfismennt. Nemendur fengu lokaekunn fyrir hæfni á námssviði í formi bókstafs að vori, auk þess fengu þeir einkunnir í formi tákna fyrir metanleg hæfniviðmið.

5., 6. og 7.bekkur, val (hræringur) - Ræktun, íslenskur matur og menning - Guðlaug

Í vetur voru 48 nemendur í nýjum hræringi - Ræktun, íslenskur matur og menning. Nemendur huguðu að uppskeru að hausti, ræktuðu grænmeti, kryddjurtir og sumarblóm sem þau fóru ýmist með heim eða plöntuðu út að vori. Inn á milli var bakað og eldað að mestu samkvæmt íslenskum hefðum. Ekkert fomallegt námsmat var í hræringi.

8.bekkur - Guðlaug og Salome Elín

Í vetur voru 33 nemendur í 8.bekk. Þeim var skipt upp í 3 hópa í hringekju og fékk hver hópur 1 tímabil á vetrinum. Nemendur voru 2 samfelldar kennslustundir í verklegri kennslu á miðvikudögum og eina kennslustund á föstudögum í bóklega þættinum.

Farið var markvisst í fræðslu um heilbrigðan lífsstíl, áhrif góðrar næringar á andlega og líkamlega heilsu. Nemendur kynntust helstu hugtökum í næringarfræði og fengu fræðslu um hvar þessi næringarefni er að finna í fæðunni. Farið var yfir íslenskar ráðleggingar um mataræði og næringarefni auk þess sem rætt var um hvað nemendur vilja fá út úr matnum sem þeir borða og til hvers þeir þurfa að nota orkuna. Gerður var kvöldmatseðill þar sem hugað var að fjölbreytni og hollustu. Umbúðir voru skoðaðar með tilliti til innihaldsefna og annars sem nefnt er í matvælaöggjöfni. Ýmislegt var skoðað í tengslum við matvælaframleiðslu og umhverfisvernd og nemendur tóku viðtal við eldra fólk um þeirra fæðuvenjur á barnsaldri. Nemendur fengu annars áframhaldandi þjálfun í matreiðslu og bakstri með áherslu á snyrtimennsku og fagleg vinnubrögð. Nemendur fengu lokaekinn fyrir hæfni á námssviði í formi bókstafs að vori, auk þess fengu þeir einkunnir í formi tákna fyrir metanleg hæfniviðmið.

9.og 10. bekkur - val á unglíngastigi - Guðlaug og Katrín Sif

Í vetur voru nemendur í heimilisfræðivali á unglíngastigi 57 talsins, þar af komu 8 nemendur frá Suðureyri. Nemendum var skipt niður í 5 hópa, 3 hópar fyrir áramót og 2 eftir áramót.

Hver hópur mætti einu sinni í viku í áttatíu mínútur.

Kennslan var að langmestu leyti verkleg. Áhersla var lögð á góða næringu og voru flestar uppskriftir sem unnið var með hollar og næringarríkar. Verkleg kennsla var í öllum tímum en auk markmiða um hollustu og heilbrigða lífshætti voru önnur markmið eins og þau að nemendur yrðu sjálfbjarga þegar kæmi að bakstri og matreiðslu, kynnu að þrifa í kringum sig og fengju tækifæri til þess að þjálfa eigin sköpunarhæfni.

9. og 10. bekkur - sérkennsla - Salome Elín

Í vetur voru 8 nemendur í sérkennslu á unglíngastigi í heimilisfræði. Nemendur fengu tvær kennslustundir á viku allan veturinn. Hópurinn var einstaklega vel saman settur og tóku allir virkan þátt í þeim tímum sem þeir mættu. Markmið kennslunnar voru fyrst og fremst þau að efla sjálfstæði nemenda og gera þau eins sjálfbjarga og hægt væri við ýmis heimilisstörf. Verkleg kennsla var í öllum tímum þar sem nemendur elduðu og/eða bökuðu oftast eftir uppskriftum en stundum fengu þeir aðeins grófar leiðbeiningar og hráefni í hendurnar og þurftu að útbúa máltíð úr því. Meðfram verklegu kennslunni var laumað inn fróðleik í sambandi við hollustu og heilbrigði og ýmislegt annað.

Stuðningsfulltrúi var í nær öllum tímum sem nýttist afar vel og var í raun algjörlega nauðsynlegt svo nemendur fengju þjónustu við hæfi.

Katrín Sif Kristbjörnsdóttir, Salome Elín Ingólfssdóttir,
Sigurrós Eva Friðbjófsdóttir og Guðlaug Jónsdóttir







Íþróttir

Íþróttir 1.-4. bekkur

Kennslan var með hefðbundnu móti, útileikfimi að hausti, innileikfimi frá október til maí og útileikfimi að vori. Kennslan gekk vel, var fjölbreytt og engin teljandi vandræði urðu, engin slys og var ástand heimsfaraldurs betra en árið á undan. Sparkvöllur við lóð grunnskólans var mikið notaður við útikennslu sem og önnur útisvæði. Viðfangsefni vetrarins voru fjölbreytt: Boltaleikir, leikir, fimleikar, frjálssar íþróttir, badminton, blak, samvinnuleikir, hugtakaleikir, þol og styrktaræfingar ásamt öðru sem tilgreint er í aðalnámsskrá grunnskóla. 1.-4. bekkur tekur þátt í Ólympíuhlaupi ÍSÍ, áður Norræna skólahlaupið, sem er í september ár hvert. Í byrjun Júní var haldinn íþróttatími og leikjadagur á Torfnesi frá 9:00 – 11:30 og heppnaðist hann vel. 4 bekkur tók einnig þátt í skólablakmóti í byrjun vetrar sem gekk vel. Kennarar voru Axel Sveinsson, Árni Heiðar Ívarsson og Sigríður Guðjónsdóttir.

Íþróttir 5.-10. bekkur:

Kennslan var með hefðbundnu móti, útileikfimi að hausti, innileikfimi frá október til maí og útileikfimi að vori. Aðstaða til íþróttakennslu er mjög góð bæði til úti- og innikennslu á Torfnesi. Farið var yfir fjölbreytt svið í viðfangsefnum vetrarins boltaleiki, fimleika, frjálssar, samvinnuleiki auk þess sem meiri áhersla er lögð á þol- og styrktaræfingar hjá þessum aldurshóp. 10 bekkur var með 3 íþróttatíma þennan vetur þar sem þau hafa lokið 10 sundstigi, Þriðji íþróttatíminn var í formi útivistar. Námsmat fer fram með símati auk prófa í

þolgreinum, virkni, viðhorfi og ástundun. Á hverju skólaári eru ýmsir viðburðir sem eru fastir liðir og má þar nefna Ólympíuhlaup ÍSÍ sem haldið er í september og Skólahreysti í maí. Íþróttahátíðin í Bolungarvík var haldin þetta skólaárið til mikillar gleði og tókst vel til. Haldið var kynningarmót á vegum blaksambandsins fyrir miðstig sem tókst vel til. Haldinn var íþróttadagur á Torfnesi fyrir 5.-10. bekk þar sem nemendur prófa fjölbreyttar íþróttagreinar eins og boðhlaup og bogfimi. Gekk þessi dagur mjög vel og var mikil virkni hjá öllum stigum. Kennarar voru Atli Freyr Rúnarsson, Axel Sveinsson, Árni Heiðar Ívarsson, Pétur Már Sigurðsson og Sigríður Guðjónsdóttir.

Sund 1.-4. bekkur:

Unnið var með grunnþætti helstu sundaðferða, bringusund, skriðsund, baksund, handa og fótatök æfð, leikir, köfun, grunnþættir björgunar, flot, stunga og annað tilkallandi. Mun meiri áhersla er á tækni og ánægju heldur en hraða og keppni. Töluverðar framfarir nást í sundkennslu á þessum árum og því mikilvægt að börnin mæti vel og ekki sé mikið að falla niður kennsla, því einungis er um að ræða einn tíma á viku. Lögð er áhersla á öruggt og gott umhverfi þar sem öryggi og gleði barnsins er í fyrirrúmi. Froskalappir eru mjög þýðingamikið kennslutæki hjá þessum aldurshóp og var staðan á þeim góð þetta árið. Einnig var notast við önnur hjálpartæki. Tekin var ákvörðun að sundkennsla sé til 1. Júní en þá hefst sumaropnun fyrir almenning. Kennarar voru Atli Freyr Rúnarsson, Árni Heiðar Ívarsson, Axel Sveinsson og Jón Hálfván Pétursson.

Sund 5.-9. bekkur:

Áframhaldandi kennsla með grunnþætti sundkennslunnar, en gerðar meiri kröfur eftir því sem ofar dregur. Áfram lögð áhersla á öryggi barna og unglunga og verið að höfða til þess að þau fari í sund í frítíma sínum og hafi ánægju af því að vera í vatni. Tímatökur og aðrir færniþættir sem tilgreindir eru í aðalnámsskrá hafðir til hliðsjónar við námsmat. 5, 7 og 9. bekkur fara í fatasund á hverju vori og er mikil spenna fyrir þá tíma. Þá gefst þeim tækifæri til að synda í níðþungum fötum. Björgunarsund ásamt öðrum þáttum er snúa að öryggi í vatni teknir fyrir.

Kennarar: Atli Freyr Rúnarsson, Axel Sveinsson og Árni Heiðar Ívarsson.

Annað

Í vetur var boðið upp á val í frjálsum íþróttum og skólahreysti í hræringi. Krakkarnir fengu kynningu á grunninum í frjálsum íþróttum og eftir því sem leið á var farið í flóknari æfingar. Einnig var boðið upp á áfangann líkamsrækt og þjálfun á unglíngastigi sem valgrein. Gekk það mjög vel og krakkarnir áhugasamir. Kennt var tvöfaldan tíma í hverri viku hjá krökkunum á miðstigi og einn til tvo á unglíngastigi. Kennarar Axel Sveinsson og Árni Heiðar Ívarsson.

Hönnun og smíði

1.bekkur. Kennari: Bjarnveig S. Jakobsdóttir

Í vetur voru nemendur í 1. bekk 41. Þeim var skipt upp í 4 hópa. Nemendur fengu 2 samfelldar kennslustundir tvisvar í viku á tveimur tímabilum. 8 skipti á haustönn og 8 skipti á vorönn. Námsgögn voru þau tól og tæki sem henta nemendum í 1. bekk og höfðum til umráða í smíðastofunni. Stuðst var við efni af vefnum og ýmsar bækur hafðar til hliðsjónar við gerð námsefnis. Í grunninn byggðist námið upp af skylduverkefnum, en þegar nemendur kláruðu þau verkefni fengu þeir að vinna frjáls aukaverkefni. Verkefnin sem unnin voru, voru skórin minn þar sem nemendur bjuggu til stykki til þess að æfa sig að reima, stafinn sinn sem var sagaður út og límdur platta og hringekja, stöðvar í smíðastofu með frjálsum verkefnum úr afgangsefni með það að markmiði að skapa og æfa sig í notkun ýmissa verkfæra. Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar og umræður, ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum. Nemendur fengu lokaekunn fyrir hæfni á námssviði í formi bókstafs að vori.

3.bekkur. Kennari: Jón Heimir Hreinsson

Í vetur voru 31 nemandi í 3.bekk. Þeim var skipt upp í 3 hópa í hringekju. Hver hópur fékk 3 kennslustundir á viku á tveimur tímabilum, 2 samfelldar kennslustundir og eina staka kennslustund. 10 skipti á haustönn og 10-11 skipti á vorönn. Námsgögn voru þau tól og tæki sem henta nemendum í 3. bekk og höfðum til umráða í smíðastofunni. Stuðst var við efni af vefnum og ýmsar bækur hafðar til hliðsjónar við gerð námsefnis. Í grunninn byggðist námið upp af skylduverkefnum, en þegar nemendur kláruðu þau verkefni fengu þeir að vinna frjálst aukaverkefni. Verkefnin sem unnin voru voru furðufugl, mósaíkmynd úr tré skreytt með flísum og skrautsteinum, pennastatíf og bíll smíðaður eftir nokkurnvegin eigin höfði. Einnig fengu nemendur að nýta afgangsefni í frjálst verkefni með það að markmiði að skapa og æfa sig í notkun ýmissa verkfæra. Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar og umræður, ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum. Nemendur fengu lokaekunn fyrir hæfni á námssviði í formi bókstafs að vori, auk þess fengu þeir einkunnir í formi tákna fyrir metanleg markmið og lykilhæfni.

4. bekkur. Kennari: Jón Heimir Hreinsson

Í vetur voru 25 nemendur í 4. bekk. Þeim var skipt upp í 3 hópa í hringekju. Hver hópur fékk 3 kennslustundir í viku á tímabilinu. Námsgögn voru þau tól og tæki sem henta nemendum í 4. bekk og höfðum til umráða í smíðastofunni. Stuðst var við efni af vefnum og ýmsar bækur hafðar til hliðsjónar við gerð námsefnis. Í grunninn byggðist námið upp af skylduverkefnum, en þegar nemendur kláruðu þau verkefni fengu þeir að vinna frjáls aukaverkefni. Verkefnin sem unnin voru voru hús í tví eða þrívídd sem hengjast á vegg og eru með króka fyrir lykla (lyklahengi), myndarammi sagaður út í krossvið, málaður og skreyttur. Nemendur völdu sér síðan mynd ýmist af netinu eða komu með heimanfrá sér. Myndin var síðan plöstuð og límd í rammann. Prófilmynd af eigin andliti sem nemendur söguðu út í krossvið og máluðu. Að lokum fengu nemendur svo að hanna sjálf bíl og smíða. Einnig fengu nemendur að nýta afgangsefni í frjáls verkefni með það að markmiði að skapa og æfa sig í notkun ýmissa verkfæra. Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar og umræður, ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum. Nemendur fengu lokaekunn fyrir hæfni á námssviði í formi bókstafs að vori, auk þess fengu þeir einkunnir í formi tákna fyrir metanleg markmið og lykilhæfni.

5. bekkur Kennari: Jón Heimir Hreinsson

Í vetur voru 47 nemendur í 5. bekk. Þeim var skipt upp í 4 hópa í hringekju. Nemendur fengu 2 samfelldar kennslustundir tvisvar í viku á tveimur tímabilum. 7 skipti á haustönn og 8-9 skipti á vorönn. Námsgögn voru þau tól og tæki sem henta nemendum í 5. bekk og höfðum til umráða í smíðastofunni. Stuðst var við efni af vefnum og ýmsar bækur hafðar til hliðsjónar við gerð námsefnis. Í grunninn byggðist námið upp af skylduverkefnum, en þegar nemendur kláruðu þau verkefni fengu þeir að vinna frjáls aukaverkefni. Verkefnin sem unnin voru voru æfingastykki á tifsög, tímaritabox, stopmotion mynd þar sem nemendur gerðu sögubráð, sköpuðu persónur og söguvið úr alskyns efni sem fallið hefur til í smíðastofunni og frjálst verkefni með það að markmiði að læra og æfa að skipuleggja sig í vinnu. Einnig fengu nemendur að nýta afgangsefni í frjáls verkefni með það að markmiði að skapa og æfa sig í notkun ýmissa verkfæra. Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar og umræður, ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum. Nemendur fengu lokaekunn fyrir hæfni á námssviði í formi bókstafs að vori, auk þess fengu þeir einkunnir í formi tákna fyrir metanleg markmið og lykilhæfni.

6.bekkur. Kennari: Jón Heimir Hreinsson

Í vetur voru 46 nemendur í 6.bekki. Þeim var skipt upp í 4 hópa í hringekju. Nemendur fengu 2 samfelldar kennslustundir tvisvar í viku á tveimur tímabilum. 7 skipti á haustönn og 8 skipti á vorönn. Námsgögn voru þau tól og tæki sem henta nemendum í 6. bekk og höfðum til umráða í smíðastofunni. Stuðst var við efni af vefnum og ýmsar bækur hafðar til hliðsjónar við gerð námsefnis. Í grunninn byggðist námið upp af skylduverkefnum, en þegar nemendur kláruðu þau verkefni fengu þeir að vinna frjálst aukaverkefni. Verkefnin sem unnin voru voru sérílampi, eldhúsrúllustandur og frjálst verkefni ef tími gafst með það að markmiði að læra og æfa að skipuleggja sig í vinnu. Einnig fengu nemendur að nýta afgangsefni í frjáls verkefni með það að markmiði að skapa og æfa sig í notkun ýmissa verkfæra. Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar og umræður, ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum. Nemendur fengu lokaekunn fyrir hæfni á námssviði í formi bókstafs að vori, auk þess fengu þeir einkunnir í formi tákna fyrir metanleg markmið og lykilhæfni.

7.bekkur. Kennari: Jón Heimir Hreinsson

Í vetur voru 44 nemendur í 7.bekki. Þeim var skipt upp í 4 hópa í hringekju. Hver hópur fékk 4 kennslustundir á viku á tveimur tímabilum, 2 samfelldar kennslustundir í 10 skipti á haustönn og 10-11 skipti á vorönn. Námsgögn voru þau tól og tæki sem henta nemendum í 7. bekk og höfðum til umráða í smíðastofunni. Stuðst var við efni af vefnum og ýmsar bækur hafðar til hliðsjónar við gerð námsefnis. Í grunninn byggðist námið upp af skylduverkefnum, en þegar nemendur kláruðu þau verkefni fengu þeir að vinna frjáls aukaverkefni. Verkefnin sem unnin voru voru púslverkefni á tifsög, kassi/box með loki og frjálst verkefni ef tími gafst með það að markmiði að læra og æfa að skipuleggja sig í vinnu. Einnig fengu nemendur að nýta afgangsefni í frjáls verkefni með það að markmiði að skapa og æfa sig í notkun ýmissa verkfæra. Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar og umræður, ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum. Nemendur fengu lokaekunn fyrir hæfni á námssviði í formi bókstafs að vori, auk þess fengu þeir einkunnir í formi tákna fyrir metanleg markmið og lykilhæfni.

8. bekkur. Kennari Jón Heimir Hreinsson

Í vetur voru 34 nemendur í 8. bekk. Þeim var skipt upp í 3 hópa í hringekju. Nemendur fengu 3 kennslustundir í viku skipt í 3 tímabil yfir veturinn tímabilum. Námsgögn voru þau tól og tæki sem henta nemendum í 8. bekk og höfðum til umráða í smíðastofunni. Stuðst var við efni af vefnum og ýmsar bækur hafðar til hliðsjónar við gerð námsefnis. Í grunninn byggðist námið upp af einu skylduverkefni, en þegar nemendur kláruðu það verkefni fengu þeir að vinna frjálst aukaverkefni. Verkefnin sem unnin voru leikfangalest og frjálst verkefni með það að markmiði að læra og æfa að skipuleggja sig í vinnu. Einnig fengu nemendur að nýta afgangsefni í frjáls verkefni ef tími gafst með það að markmiði að skapa og æfa sig í notkun ýmissa verkfæra. Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar og umræður, ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum. Nemendur fengu lokaeinkunn fyrir hæfni á námssviði í formi bókstafs að vori, auk þess fengu þeir einkunnir í formi tákna fyrir metanleg markmið og lykilhæfni.

9.-10. bekkur val. Kennari Jón Heimir Hreinsson - Smíði og hönnun

Í vetur voru nemendur í smíði og hönnun á unglíngastigi 27. Þeim var skipt niður í 3 hópa, 2 hópar á haustönn og 1 á vorönn. Hver hópur mætti einu sinni í viku í áttatíu mínútur. Námsgögn voru þau tól og tæki sem henta nemendum á unglíngastigi og höfðum til umráða í smíðastofunni. Stuðst var við efni af vefnum og ýmsar bækur hafðar til hliðsjónar við gerð námsefnis. Í grunninn byggðist námið upp af frjálsum verkefnum eða með það að markmiði að læra og æfa sköpun og að skipuleggja sig í vinnu. Meðal þess sem unnið var má nefna; taflborð og taflmenn, kökubakkar, lyklakippur, stólar, kistlar og kassar, myndarammar, borð og hillur þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar og umræður, ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum. Nemendur fengu lokaeinkunn fyrir hæfni á námssviði í formi bókstafs að vori.

Málm- og silfursmíði. Kennari: Bjarnveig S. Jakobsdóttir

Í vetur voru nemendur í málm- og silfursmíði á unglíngastigi 29. Þeim var skipt niður í 2 hópa, 1 hópur á haustönn og 1 hópur á vorönn. Hver hópur mætti einu sinni í viku í áttatíu mínútur. Námsgögn voru þau tól og tæki sem henta í málm- og silfursmíði, nemendum á unglíngastigi og höfðum til umráða í smíðastofunni. Stuðst var við efni af vefnum og ýmsar bækur hafðar til hliðsjónar við gerð námsefnis. Í grunninn byggðist námið upp af skylduverkum ásamt því að fá að vinna frjálst verkefni til þess að æfa ýmis handtök í faginu. Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar og umræður, ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum. Nemendur fengu lokaeinkunn fyrir hæfni á námssviði í formi bókstafs að vori.

Jón Heimir Hreinsson og Bjarnveig S. Jakobsdóttir

Textílmennt

1.bekkur

Í vetur voru 41 nemendur í 1. bekk. Þeim var skipt upp í 4 hópa. Nemendur fengu 2 samfelldar kennslustundir tvisvar í viku á tveimur tímabilum, 8 skipti á haustönn og 8 skipti á vorönn. Nemendur æfðu verkefni sem studdu við fínhyfingar, binda hnúta, þræða nálar, klippa, sauma og skreyta verkefni. Nemendur saumuðu með stungusaum í jafa og bjuggu til lítinn dúk og sumir saumuðu bókamerki. Nemendur saumuðu verkefni úr fílt efni (hjarta, kanínu eða andlit), skreyttu að eigin vild með tölum, dúskum eða útsaum. Síðan var sett tróð

innan í og saumað fyrir. Nemendur teiknuðu mynd á A5 blað og saumuðu síðan spegilsaum yfir myndina, ásamt öðrum aukaverkefnum.

3. bekkur

Í vetur voru 30 nemendur í 3. bekk. Þeim var skipt í 3 hópa í hringekju og fékk hver hópur 2 tímabil á vetrinum. Nemendur voru 2 kennslustundir á þriðjudögum og 1 á fimmtudögum. Nemendur æfðu verkefni sem studdu við fínhyringar, binda hnúta, þræða nálar, klippa, sauma og skreyta verkefni. Þeir fengu að nota sköpunargáfuna með því að ákveða hvernig sín verkefni ættu að líta út. Fyrir áramót bjó fyrsti hópur til óróa úr trjágreinum sem safnað var saman úti. Seinni tveir hóparnir saumuðu sér pennaveski sem lokaðist með tölu. Svo var búinn til draumafangari úr pappadisk, garni og skrauti, og að lokum lyklakippa þar sem klippt var út form úr filt efni, þau saumuð saman og fyllt í með tróði. Svo var saumaður lyklakippuhringur á. Eftir áramót æfðu nemendur einfalda bókbindingu þar sem þeir saumuðu saman blaðsíður og fengu svo að skreyta sína bók. Verkefni númer tvö var að sauma tuskudýrspúða. Þá teiknuðu nemendur andlit tuskudýrs á púðann með textíllitum. Síðasta verkefnið var bókamerki sem sett er á horn blaðsíðu. Þá saumuðu nemendur saman tvo þríhyrninga og límdu svo allskyns skraut og teiknuðu á sitt bókamerki.

5. bekkur

Í vetur voru 47 nemendur í 5. bekk. Þeim var skipt upp í 4 hópa í hringekju og fékk hver hópur 2 tímabil á vetrinum. Nemendur voru 2 kennslustundir á mánudögum og 2 á miðvikudögum..

Nemendur æfðu hæfni í vélsaumi með því að sauma sér einfaldan púða sem þeir svo fylltu með tróði. Einnig saumuðu þau litla poka með smellu, það verkefni var samstarf við Sölku og lituðu nemendur framhlið pokans í myndmennt. Næsta verkefni var að handsauma allskyns brúður úr notuðum sokkum og hönskum sem voru svo fylltir með tróði. Einnig fengu nemendur að spreyta sig í handvefnaði á pappaspjaldi, vinabandagerð og um jólin bjuggu nemendur til litla jólasveina úr afgangi viðarkubbum og textílefnunum.

6. bekkur

Í vetur voru 44 nemendur í 6. bekk. Þeim var skipt upp í 4 hópa í hringekju og fékk hver hópur 2 tímabil á vetrinum. Nemendur voru 2 kennslustundir á mánudögum og 2 á föstudögum.

Verkefni voru nokkuð breytileg en voru þó frekar svipuð og hjá 5. bekk – litlir handsaumaðir púðar og brúður saumaðar úr sokkum og hönskum og fyllt með tróði. Einnig æfðu nemendur hæfni sína í vélsaumi og saumuðu koddaver með rennilás. Einhverjir nemendur hönnuðu og teiknuðu mynd/texta á hvítan bol og handsaumuðu svo í útlínur. Einnig spreyttu einhverjir nemendur sig á hekli sem gekk ágætlega hjá flestum.

7. bekkur

Í vetur voru 44 nemendur í 7. bekk. Þeim var skipt upp í 4 hópa í hringekju og fékk hver hópur 2 tímabil á vetrinum. Nemendur voru 2 kennslustundir á mánudögum og 2 á miðvikudögum. Nemendur teiknuðu og máluðu á hvítan bol sína eigin hugmynd/hönnun. Einnig gerðu nemendur náttbuxur - þeir nemendur sem höfðu hugmyndir af saumaverkefnum fengu auk þess að prófa sig áfram með þær hugmyndir. Meðal annars voru saumaðar í saumavél hártægjur, pils, bolir, púðar, bangsar og töskur.

8. bekkur

Í vetur voru 33 nemendur í 8.bekk. Þeim var skipt upp í 3 hópa í hringekju og fékk hver hópur 1 tímabil á vetrinum. Nemendur voru 2 samfelldar kennslustundir á miðvikudögum og eina kennslustund á föstudögum. Nemendur völdu sér verkefni í samráði við kennara. Þar má nefna; buxur, bolir, púðar, bangsar, inniskór ofl. Einnig kláruðu nokkrir nemendur eldri sauma- og prjónaverkefni.

Samantekt

Yfir heildina litið hefur kennslan gengið vel og hlutirnir gengið upp með samvinnu við nemendur. Vegna aðstæðna voru verkefni fyrst um sinn frekar breytileg og unnu því ekki allir nemendur nákvæmlega sömu verkefni – en unnu þó sambærileg verkefni sem hentuðu hæfniviðmiðum hvers árgangs.

Ásdís Birna Gylfadóttir

Myndmennt

1. og 2. bekkur

Nemendur teiknuðu og máluðu ýmis myndverk með fjölbreyttum aðferðum og lærðu um litahringinn, blöndun lita, heita og kalda liti. Fínhreyfingar þjálfaðar ásamt einbeitingu og framsetningu hugmynda. Alls kyns mótun úr leir og pappírsúrklippum.

Námsmat: Færni og ástundun nemenda metin ásamt frágangi.

6. og 7. bekkur

Ýmiskonar myndverk teiknuð og máluð með og án fyrirmynda. Áhersla lögð á þrívíddarteikningu. Einnig voru gerð smáverk að eigin vali með þrívíddarpennum.

Námsmat: Færni og ástundun nemenda metin ásamt frágangi.

Ýmsar valgreinar

Dans

1.bekkur – Sigurrós Eva – Kristín Oddsdóttir

Í vetur voru 40 nemendur í 1. bekk. Þeim var skipt í 2 hópa sem voru einu sinni í viku hálf t skólaárið. Nemendur lærðu almennar dansreglur, að bjóða upp, taka upp hald, grunnspor í dansi, hliðar saman hliðar, hæll, tá, fram og aftur, barnadansa, tvo latin dansa, línudans, leik- og tískudansa. Nemendur lærðu að hlusta á takt í tónlist.

Helstu markmið voru að nemendur gætu hreyft sig frjállega við mismunand tónlist, þjálfist í samstarfi og samvinnu. Nemendur fengu lokaekinn fyrir hæfni á námssviði í formi bókstafs að vori.

2. bekkur - Sigurrós Eva - Katrín Björnsdóttir

Í vetur voru 45 nemendur í 2. bekk. Þau skiptust í þrjá hópa sem voru einu sinni í viku allt skólaárið. Rifjaðir voru upp dansar, hald og almennar dans reglur. Hlustun á tónlist, nemendur lærðu hvaða tónlist er notuð við mismunandi dansa. Nemendum lærðu að tengja saman spor í dansi svo úr því væri dans, nemendur lærðu samkvæmisdans, línudansi og

tískudansi, leikdönsum og farið var í Just dans. Helstu markmið voru að nemendur gætu hreyft sig frjállega við mismunandi tónlist, samskipti og samvinnu. Nemendur fengu lokaeinkunn í formi bókstafs.

3. bekkur – Árný Herbirtsdóttir - Krístrún Halla Gylfadóttir

Í vetur voru 31 nemandi í 3. bekk. Þau voru einu sinni í viku allt skólaárið. Nemendur lærðu skoskan hringdans og grunnsporið í samkvæmisdansinum enskur-vals. Nemendur fóru líka í Just dans og frjál dans var í hverjum tíma. Helstu markmið voru að nemendur gætu hreyft sig frjállega við mismunandi tónlist og kynnist hvernig er hægt að nýta sér mismunandi hreyfingar og stíla í sköpun. Einnig var lögð áhersla á að nemendur komi fram við hvort annað af virðingu.

8-10. Bekkur – Val – Sigurrós Eva

Í vetur voru 6 nemendur í vali. Kennit var einu sinni í viku. Nemendur lærðu um mismunandi dansstíla og hvernig sé hægt að nota og nýta í sköpun, í sköpun var unnið sem einstaklingur, par og hópur, einnig voru skoðuð mismunandi video og bíómyndir. Nemendur fengu lokaeinkunn fyrir hæfni á námssviði í formi bókstafs að vori.

10. bekkur – Sigurrós Eva

Nemendur í 10. bekk fengu 10 tíma upprifjun í gömlu dönsunum og fleiri sporum og dönsum var bætt við. Foreldrum 10. bekkjar stóð til boða örnámskeið til að rifja upp dansana. Námskeiðið endaði svo með Þorablóti þar sem nemendur dönsuðu við hvort annað og sína gesti.

Tækniráð

Tækniráðs veturinn 2022 -23 - Sigurrós Eva Friðþjófsdóttir tækniráði voru 24 nemendur sem er of fjölmennur hópur. Nemendur fengu eina kennslustund í viku. Verkefni voru mismunandi, þau lærðu að gera upp snúrur, þrifa ljós, hengja, tengja og stilla ljós, nota ljósaborð og uppfæra. Farið var í hvað þarf að hafa í huga þegar lýstar eru leiksýningar annars vegar og böll hins vegar. Þau lærðu að tengja saman hátalara og bassabox við mixer. Í tækniráði fer fram mikil jafningjafræðsla. Tækniráð sá um 5. böll í vetur, árshátíð, litlu jólin, lýsingu og hljóð á þorablóti. Varðandi tækjabúnað: Keyptir voru mixer, micarafónar, led ljós, snúrur xlr og dmx. Það þarf að endurnýja sviðið og tjöldin framan á sviðinu.

Málm- og silfursmíði.

Kennari: Bjarnveig S. Jakobsdóttir

Í vetur voru nemendur í málm- og silfursmíði á unglingastigi 29. Þeim var skipt niður í 2 hópa, 1 hópur á haustönn og 1 hópur á vorönn. Hver hópur mætti einu sinni í viku í áttatíu mínútur. Námsgögn voru þau tól og tæki sem henta í málm- og silfursmíði, nemendum á unglingastigi og höfðum til umráða í smíðastofunni. Stuðst var við efni af vefnum og ýmsar

bækur hafðar til hliðsjónar við gerð námsefnis. Í grunninn byggðist námið upp af skylduverkum ásamt því að fá að vinna frjálst verkefni til þess að æfa ýmis handtök í faginu. Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar og umræður, ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum. Nemendur fengu lokaeinkunn fyrir hæfni á námssviði í formi bókstafs að vori.

Myndmennt Val

Ýmiss konar myndverk teiknuð og máluð með og án fyrirmynda. Áhersla lögð á þrívíddarteikningu.

Námsmat: Færni og ástundun nemenda metin ásamt frágangi.

Tæknilegó

Kennari: Jón Hálfván Pétursson

Tæknilegó var kennt í hræringi fyrir 5.-7.bekk og var skipt á fjögur tímabil yfir skólaárið. Að jafnaði 10-12 nemendur sátu kennslustundir á hverju tímabili þ.e. 8-9 vikur hvert tímabil.

Aðalviðfangsefni voru:

- að vekja eða auka áhuga nemenda á vísindum og tækni.
- að þjálfast í grunnforritun
- að þjálfast í vinnu rannsóknarverkefna
- að þjálfast í samvinnu
- smíði á vélmanni úr tölvustýrðu Lego
- forritun vélmannisins

Fagteymi

Íslenskuteymi

Teymið var skipað eftirfarandi aðilum: Guðlaugur Viðar Valdimarsson, Jón Ólafur Eiríksson, Iwona Samson, Bergþóra Sveinsdóttir, Kristjana Þrastardóttir og María Lárusdóttir. Fundað var á þriðjudögum þegar teymisfundir voru. Teymið hittist 6 sinnum á fundum í vetur.

Verkefni teymisins í vetur voru einna helst dagur íslenskrar tungu og stóra og litla upplestrarkeppnin í 7. og 4. bekk.

Nánar um stóru upplestrarkeppnina í 7. bekk:

Stóra upplestrarkeppnin var sett í Hömrum 16. nóvember á Degi íslenskrar tungu af skólastjóra.

Teymið sá um að útvega dómara í bekkjarkeppnina og umsjónarkennarar 7. bekkjar prenta út blöð fyrir dómara.

Bekkarkeppnin var haldin í febrúar og dómarar voru: Rannveig Halldórsdóttir og Magnúsína Harðardóttir.

Skólakeppnin var haldin í byrjun mars, Kristján Arnar Ingason, Eiríkur Örn Norðdahl og Bergljót Halldórsdóttir voru dómara fyrir hönd skólans.

Lokakeppnin fór fram í Bolungarvík 16. mars. Bolungarvík sá um undirbúning.

Litla upplestrarkeppnin var haldin 3. maí í dansstofu GÍ. Ástrún Jakobsdóttir sá um undirbúning.

*Bergþóra Sveinsdóttir, Guðlaugur Viðar Valdimarsson, Iwona Samson,
Jón Ólafur Eiríksson, Kristjana Þrastardóttir og María F. Lárusdóttir*

Uppbyggingarteymi

Teymið fundaði alls 5 sinnum í vetur. Um haustið byrjuðu Guðný Stefanía, Guðbjörg Halla, Harpa Sjöfn og Sigríður.

Við byrjuðum á því að finna lesefni sem er til um uppbyggingarstefnuna og því dreift á kaffistofuna. Starfsmenn voru hvattir til að lesa sér til um allt sem þar kom fram.

Dagatal var kynnt á kennarafundi og þar stóðu allar upplýsingar um komandi verkefni. Stefnan var tekin á glærugerð fyrir starfsmenn og nemendur fyrir upplýsingaskjá en ekki vannst tími til að klára það verk vegna fækkunar í teyminu.

Í janúar var byrjað á lyklakippugerð og búið er að skipuleggja 3 hringi og er einn tilbúinn. Þessi vinna mun svo halda áfram næsta vetur og vonandi koma fleiri inn í teymið.

Áætlun fyrir næsta haust

- Klára lyklakippu
- Gera uppbyggingardagatal
- Vera með stutt innslög um uppbyggingarstefnuna á kennarafundum
- Fræðsla fyrir nýja starfsmenn strax að hausti

Guðný Stefanía Stefánsdóttir, Guðbjörg Halla Magnadóttir

Sjálfbærniteymi

Teymið fundaði alls sjö sinnum yfir skólaárið. Á fyrsta fundi var ákveðið að skoða flokkun í skólanum og fara í aðgerðir til úrbóta. Sendur var póstur á alla umsjónarkennara og lagt til að nemendur yrðu virkjaðir í vinnuna. Helstu breytingar voru þær að koma aftur á flokkun á lífrænum úrgangi og einnig að upplýsa nemendur og starfsfólk um það að handþurrkur ættu endilega að flokkast með lífrænum úrgangi.

Rætt var um stuðning við val á miðstigi þar sem ræktun er í aðalhlutverki. Þar reyndist ómetanlegt að hafa Ralf húsvörð til aðstoðar en hann útvegaði t.d. gróðurperur og setti upp í heimilisfræðihúsi.

Matarsóun í mótuneyti var rædd en ekki farið í aðgerðir að sinni. Einnig var tekin umræða um Grænfánann og hvort stefna ætti að því að skólinn yrði Grænfánaskóli. Ákveðið var að huga að ákveðnum þáttum en ekki stefna að umsókn, allavega ekki að sinni.

Helsta verkefni teymisins, þegar nær dró vori, var að undirbúa náttúrudaginn, sem var haldinn þann 16. maí.

Teymið kom með tillögur að verkefnum en umsjónarkennarar höfðu úrslitavald með endanlegt val. Hér má sjá verkefni árganga:

- 1.bekkur. Fjöruferð, verkefni og listaverk unnin úr því sem fannst.
- 2.bekkur – Stórurð, köngulóaskoðun og leikir.
- 3.bekkur – Fjöruferð á Suðurtanga (við skipasmíðastöð). Verkefnavinna í framhaldinu.
- 4.bekkur – Lesið í skóginn. Farið upp á varnargarðana og þaðan inn í skógræktina við Stórurð. Trjátegundir skoðaðar. Verkefnavinna í framhaldinu.
- 5.bekkur – Undirbúningur fyrir gróðursetningu í kerjum á skólalóð (gróðursetning síðar vegna veðurs). Nemendur útbjuggu upplýsingaskilti á kerin.
- 6.bekkur – Heimsókn í Orkubú Vestfjarða, varaafstöð og áhaldahús. Heilmikið prógramm með skemmtilegum fróðleik af ýmsu tagi.
- 7.bekkur – Heimsókn í Gróanda. Gróðursetning og fræðsla.
- 8.bekkur – Heimsókn í Kerecis. Móttaka og stuttur fyrirlestur.
- 9.bekkur – Vinnuferð í Tunguskóg. Hreinsað til og unnið við stígagerð og fleira.

Dagurinn var að flestu leyti vel heppnaður. Ef til vill væri betra að hafa daginn seinna, sérstaklega vegna gróðursetningarinnar. Eina verkefnið sem kennarar telja ekki henta þessum degi var heimsóknin í Kerecis.

Axel, Guðlaug, Jón Heimir, Krístrún, Salka og Sóley

Heilsueflingarteymi

Teymið fundaði sex sinnum yfir skólaárið. Teymið fundaði m.a. með Baldri Inga Jónassyni mannauðsstjóra Ísafjarðarbæjar og tók hann vel í hugmyndir okkar um að starfsmenn Ísafjarðarbæjar fengju 50% afslátt af sundkortum. Þetta var samþykkt af bænum.

Baldur afhenti skólanum fimm hljóðeinangrandi heyrnatól sem var dreift um skólann svo starfsmenn gætu stundað núvitund. Teymið kom þeim fyrir á nokkrum stöðum í skólanum og hvatti samstarfsfólk til að nýta sér þau á vinnutíma.

Teymið hafði samband við Stöðina sem samþykkti 20% afslátt fyrir starfsfólk GÍ. Teymið bauð upp á einn göngutúr fyrir starfsfólk GÍ og stefna á að þeir verði reglulega á næsta ári.

Teymið stefnir á ferð með starfsfólk GÍ á Hesteyri í lok skólaársins og er verið að skipuleggja hana.

*Auður Yngvadóttir, Atli Freyr Rúnarsson,
Árni Heiðar Ívarsson, Berglind Árnadóttir,
Katrín Björnsdóttir, Katrín Sif Kristbjörnsdóttir,
Salome Elín Ingólfssdóttir og Sigurrós Eva Friðþjófsdóttir*

Teymi almannatengsla og nýsköpunar

Teymið fundaði alls sex sinnum yfir skólaárið. Í teyminu sátu Kristján Arnar, Kristín Ólafsdóttir, Harpa Henrysdóttir, Jón Hálfán og Jón Hallfreð.

Á fundi sem haldin var 13.september 2022 voru eftirfarandi mál rædd:

- Skólastjórarölt – mikilvægt að halda því gangandi
- Opinn dagur – mikilvægt að fara af stað aftur með þann dag eftir Covid
- Kynning á störfum foreldra – mikilvægt að fara af stað aftur með það verkefni á unglingastigi þ.e að foreldrar nemenda komi inn í skólann og kynni sín störf. Gafst vel í 8.bekk
- Fá inn utanaðkomandi erl. ríkisborgara með kynningar, m.a frá sínu eigin landi.
- Vera dugleg að minna á skólann – t.d myndir úr skólstarfinu, láta alla vita hvað við erum að gera.
- Auka samþættingu milli námsgreina – m.a tungumál, samfélagsgreinar, stærðfræði.

Á fundi sem haldin var 11.október 2022 voru eftirfarandi mál rædd:

- Kanna hvort hægt sé að endurskoða valgreinar á unglingastigi – styttri lotur
- Stundatöflur tilbúna að vori – hafa stundatöflur tilbúna að vori fyrir kennara sem gerir þeim auðveldari undirbúning að hausti.
- Efla fjármálafræðslu – efna til fjármálaleika milli námshópa í tengslum við Fjármálaleikana
- Jólahurðaskreytingar – samkeppni milli árganga, verðlaun í boði
- Kynning á starfsfólki skólans – kynna starfsfólk skólans á samfélagsmiðlum, heimasíðu

Á fundi sem haldin var 22.nóvember 2022 voru eftirfarandi mál rædd:

- Skoða skólanámskrá GÍ – reyna að skilgreina okkur frá öðrum skólum, nærumhverfi o.fl
- Efla samvinnu við nærumhverfi okkar – Haf og strand, Hafró, OV, stofnanir og fyrirtæki.
- Fræðsla og fyrirlestur Píetasamtakanna - fjarfundur, fór lítið fyrir þessari fræðslu.

Á fundi sem haldin var 17.janúar 2023 voru eftirfarandi mál rædd:

- Farið betur yfir starfsmannakynningar sem eiga að fara á heimasíðu skólans og samfélagsmiðla.
- Sýn og stefna GÍ næstu 5 ár – Kristján Arnar fór yfir sýn og stefnu GÍ næstu 5 árin sem hann hefur unnið við að setja saman. Kynnt á næsta kennarafundi.

Á fundi sem haldin var 14.mars 2023 voru eftirfarandi mál rædd:

- Faglegar umræður teymis – farið var yfir stöðu verkefna vetrarins.

-Ýmsar aðrar umræður – farið yfir víðan veg í skólastarfinu

Á fundi sem haldin var 9.maí 2023 voru eftirfarandi mál rædd:

-Samantekt vetrar – stöðumat á flestum umræðum og málum sem bar á góma á fundum vetrarins. (sjá töflu)

Dags. fundar	Málefni	Umræður	Staða á máli
13.09	Skólastjórarölt	mikilvægt að halda því gangandi	þarf að skipul. betur
13.09	Opinn dagur GÍ	mikilvægt að fara af stað aftur eftir Covid	gekk vel
13.09	Kynning á störfum foreldra	foreldr. koma og kynna sín störf á ungl.stigi	komið af stað í árg.
13.09	Fá inn erl. ríkisborgara	Erl. ríkisborgarar kynna sitt land og menningu	'23-'24
13.09	Dugleg að minna á GÍ	láta alla vita af okkur, samfélagsmiðl/heimasíða	komið af stað
11.10	Samþætting námsgreina	t.d tungumál, samfélagsgreinar, stærðfræði	í vinnslu
11.10	Endurskoða valgreinar ungl.stigi	endurskoða valgr./styttri lotur	erfitt í framkv.
11.10	Stundatöflur	stundatöflur tilbúnar að vori	stefnt að
11.10	Náms- og starfsfræðsla	efla þennan hluta, geðheilbrigði 6-8 vikur	'23-'24
11.10	Fjármálafræðsla	efla fræðslu, efna til keppni milli námshópa	'23-'24
11.10	Jólahurðaskreytingar	efna til samkeppni milli árganga, verðlaun	'23-'24
11.10	Kynna starfsfólk	kynning á starfsfólki GÍ samfélagsmiðl/heimas.	komið af stað
22.11	Skólanámskrá GÍ	skilgreina okkur frá öðrum, nærumhverfi/venjur	í vinnslu
22.11	Nærumhverfi	efla samband við nærumhverf./stofnanir/fyrirt.	í vinnslu
22.11	Píetasamtökin	fyrirlestur í janúar 2023 - fræðsla	fór lítið fyrir/fjarfund
17.01	Sýn og stefna GÍ næstu 5 ár	KA fór yfir sýn og stefnu, kynnt á kennaraf.	kynning gekk vel
14.03	Faglegar umræður teymis	farið yfir víðan veg	
19.05	Samantekt	farið yfir stöðu mála eftir veturinn	

Kristján Arnar, Kristín Ólafsdóttir, Harpa Henrysdóttir, Jón Hálfán og Jón Hallfreð.

Teymi um byrjendalæsi

Samantekt á fundum vetrarins: Í vetur höfum við hist reglulega og hlustað á fróðlega fyrirlestra um Byrjendalæsi frá HA til upprifjunar og umræðu. Einnig höfum við verið Bjarnveigu til halds og traust við hennar fyrstu skref í Byrjendalæsisvinnu.

Niðurstöður: Þessir fundir hafa verið gagnlegir og þarfir fyrir okkur kennara á yngsta stigi. Þeir hafa stutt við fagmennsku okkar og frábært að fá tækifæri til að miðla reynslu og skiptast á hugmyndum tengdum lestrarkennslu og skrift.

1. Fundur 13. September 2022 14:00 -15:00

Mættir voru: Helga Aðalsteinsdóttir, Bjarnveig, Kristín Odds., Karen Sóley, Marzena og Katrín Björns.

Horft var á 2 fyrirlestra fyrir Smiðju 1.1 frá Háskólanum á Akureyri

<https://moodleprev.unak.is>

Lestur og lesskilningur

Gagnvirkur lestur

Síðan voru umræður um efni þeirra.

Helga Aðalsteinsdóttir

2. fundur 11. október 14:00 – 15:00

Mættir voru: Helga Aðalsteinsdóttir, Bjarnveig, Kristín Odds., Karen Sóley og Marzena

Horft var á 2 fyrirlestra fyrir Smiður 1. 2 frá Háskólanum á Akureyri

<https://moodleprev.unak.is>

Einkenni fyrirmyndarkennslu

Samræða, tjáning og hlustun.

Síðan voru umræður um efni þeirra.

3. fundur 22. nóvember 14:00 – 15.00

Mættir voru: Karen Sóley, Kristín Odds og Marzena

Horft var á fyrirlestur frá HA um BL og upplýsingatækni. Einnig var forritið Flippity.

net skoðað og ákveðið að prófa að nýta það í verkefnavinnu í BL

Helga Aðalsteinsdóttir og Bjarnveig voru á BL smiðju online

Helga Aðalsteinsdóttir

4. fundur 17. janúar 14:00 – 15:00

Mættir voru: Karen Sóley, Kristín Odds, Helga Aðalsteins og Marzena

Horft var á fyrirlestur frá HA um BL og ritun, ritunarramma og matskvarða. Í lokin voru umræður um efni fyrirlestursins.

Helga Aðalsteinsdóttir

5. fundur 28. Febrúar

Mættir voru: Karen Sóley, Kristín Odds, Helga Aðalsteins og Marzena

Horft var á fyrirlestur frá HA um BL; Áhugavöt og yndislestur. Í lokin voru umræður um efni fyrirlestursins.

Helga Aðalsteinsdóttir

6. Fundur 11. apríl 14:00 – 15:00

Mættir voru: Karen Sóley, Kristín Odds, Helga Aðalsteins og Marzena

Horft var á fyrirlestur frá HA um BL; Smiðja 1.4 Heimili og skóli samstarf, læsi í grunnskólum. Smiðja 1.4 Einstaklingsparfir, mat, skráning og endurgjöf.

Skrifakennsla. Í lokin voru umræður um efni fyrirlestranna.

Helga Aðalsteinsdóttir

7. fundur 9. maí 14:00 – 15:00

Mættir voru: Karen Sóley, Kristín Odds, Helga Aðalsteins og Marzena

Horft var á fyrirlestur frá HA um BL Hugleiðingar um námsmat.

Teymi um leiðsagnarnám

Það sem við höfum rætt í vetur

3. Kafli Námsmenning

Leiðarljós kennara, Gullni hringurinn, Fastmótað og vaxandi hugarfar

4. Kafli skipulag kennslu

Nemendahópar, námsveggir, ferli kennslustunda, skipulag kennslu, samvinna kennara og annars starfsfólks.

5. Kafli

Áhugi, námsmarkmið, árangursviðmið og fyrirmyndir

Það sem við skoðum næsta vetur

6. kafli Samræður og spurningatækni

Samræður, námsfélagar, samvinnunám

7. Kafli Endurgjöf síðasti hluti leiðsagnarnámsins

Mismunandi endurgjöf, námsmat og einkunnir Sjálfsmat, Jafningjamat

8. – 9. og 10. kaflar

Foreldrar, innleiðing leiðsagnarnáms og stuðningur utan skóla

Það sem við þurfum að skoða samkvæmt umræðuhópum vetrarins

Hvernig getum við samræmt okkur betur

Verkefnabanki

Teymisvinna varðandi fögin, árgangar ræði sín á milli hver samfellan er, t.d. Stærðfræði, skrift o.fl.

Sérkennsla

Námssamfélag- umræðuhópar

Jóhanna Ása Einarsdóttir, Arna Björk Sæmundsdóttir,
Árný Herbertsdóttir, Ástrún Jakobsdóttir, Bergljót Halldórsdóttir

Teymi um innra mat 2022 – 2023

Sjá Innra matsskýrslu sem kemur út sér.

Ýmsar skýrslur

Bókasafn Grunnskólans á Ísafirði

Starfsemi bókasafnsins veturinn 2022-2023 var með hefðbundnu sniði. Safnkosturinn er allur skráður í tölvukerfið Gegni. Útlán bóka fer einnig í gegnum þetta kerfi. Í fyrravor tók Gegnir í notkun nýtt tölvukerfi sem heitir Alma. Starfsfólk skólasafnsins hefur því verið á mörgum fjarnámskeiðum í vetur, til að læra á þetta nýja kerfi. Eflaust verður framhald á námskeiðum næsta vetur.

Á haustin og vorin eru ákveðnir álagstímar á bókasafninu, þegar afgreiðsla og skil bóka/námsbóka stendur yfir. Allar námsbækur og gögn frá Menntamálastofnun koma á bókasafnið til frágangs og undirbúnings fyrir notkun. Nemendur og kennarar fá aðstoð við skólabækur á haustin og vorin, að útvega bækurnar og skila síðan á rétta staði. Bókageymslur skólans eru á okkar ábyrgð, tökum þar til, röðum og fjarlægjum ónýtar bækur Talning á námsbókum fer alltaf fram á skólasafninu á hverju vori. Skil á lestrarbókum af skólabókasafninu mættu vera betri og eru alltaf þónokkrar bækur sem þarf að afskrifa, vegna þess að þær skila sér ekki frá nemendum.

Heimilda- og verkefnavinna, í tölvum, fer fram á bókasafni og er það gert í samstarfi við kennara í hverri grein eða árgangi fyrir sig. Mikið og gott samstarf hefur alltaf verið við Bæjarbókasafnið. Töluvert er um að starfsfólk skólabókasafns fái bækur í millisafnaláni fyrir kennara og er það ómetanlegur stuðningur við skólabókasafnið. Einnig erum við að lána gögn á Bæjarbókasafnið, Menntaskólann og aðra grunnskóla í Ísafjarðarbæ.

Í vetur tókum við þátt í Bókaverðlaunum barnanna, sem haldið er af Borgarbókasafni. Þar gefst nemendum í 1.-7. bekk kostur á að velja sér sínar uppáhaldsbækur af útgáfu síðasta árs. Sú bók sem flest atkvæði fær, vinnur Bókaverðlaun barnanna. Lítil sem engin þátttaka var, þrátt fyrir mikla hvatningu.

Skólasafnið er mikið nýtt vegna forfalla verkgreinakennara og hefur starfið í vetur einkennst mikið af því. Hrærings- og hringekjuhópar í 5.-7. bekk hafa verið hér í 276 kennslustundir samtals.

Bókagjafir hafa verið nokkrar frá hinum ýmsu velunnurum skólabókasafnsins í bæjarfélaginu. Það er gott að vita af því að fólk hugsar hlýtt til okkar, þegar við þurfum á því að halda. Bókasafnsfræðingur sér um innkaup og skráningu á bókum á safninu. Bókavörður sér um plöstun og viðgerðir á bókum.

Veturinn 2022-2023 voru keyptir eða gefnir titlar alls .359. Þar af voru gefnir titlar og titlar fyrir úthlutunarkvóta frá Menntamálastofnun..72. Þannig að þeir titlar sem skólasafnið keypti fyrir eigið fjármagn voru 286. Afskrifaðir titlar.11 (Inni í þessum tölum eru; skáldsögur og fræðibækur)

Safnið var opið mánudaga-föstudaga frá kl. 8-14. Carolin Ursula Kraus bókavörður og Rannveig Halldórsdóttir bókasafnsfræðingur störfuðu á bókasafninu í vetur.

Nemendaverndarráð

Haldnir voru 8 fundir um málefni 28 barna eða um 7% nemenda. Fundina sátu að jafnaði frá skólanum skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, deildarstjórar og námsráðgjafi. Einnig sátu fundina fulltrúi barnaverndar, skóla- og tómstundasviðs og skólahjúkrunarfræðingur. Til viðbótar voru fundir með barnageðteymi þar sem fjallað var um málefni barna með sérstaklega erfið frávík. Þá fundi sátu fulltrúar heilsugæslu, skólahjúkrunarfræðingur, námsráðgjafi og deildarstjóri stoðþjónustu.

Beiðnir um sérfræðiþjónustu sem fóru fyrir nemendaverndarráð fyrir skólaárið voru 23. 25 þeirra voru til sálfræðinga og ein til talmeinafræðings.

Nemendaverndarráð er einnig líka starfandi sem eineltisteymi og komu 3 tilkynningar um einelti. Umsjónarkennarar unnu eineltismálin með sínum nemendum og kláruðu þau.

Skólaráð

Skólaráð var stofnað við GÍ í október 2009. Skólaráð er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráð fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Fulltrúar í skólaráði eru skipaðir í tvö ár í senn, tveir fulltrúar kennara, einn fulltrúi annars starfsfólks, tveir fulltrúar foreldra, tveir fulltrúar nemenda og skólastjóri. Fulltrúar sl. vetur voru G. Harpa Henrysdóttir kennari, Kristín Ólafsdóttir kennari, Dagný Finnbjörnsdóttir foreldri, Þórunn Berg foreldri, Kristján Darri Ólafsson nemandi, Soffía Rún Pálsdóttir nemandi, Guðmundur Kristjánsson fulltrúi úr nærsamfélaginu og Kristján Arnar Ingason skólastjóri. Ráðið fundaði fimm sinnum sinnum yfir veturinn. Helstu verkefni að fara yfir skólanámskrá, starfsáætlun, skóladagatal, rekstraráætlun og skipulag næsta árs. Einnig voru kynnt fyrir ráðinu önnur verkefni í skólanum svo sem þróunarverkefni um farsældartíma.

Fjárhagsáætlun skólans

Fjárhagsáætlun grunnskóla Ísafjarðarbæjar er hluti af fjárhagsáætlun bæjarins. Framsetningin er samkvæmt fyrirmynd um reikningsskil sveitarfélaga nr. 790/2001. Áætlun þessi er svokölluð rammaáætlun þar sem tekjum og gjöldum er skipt í bundna og óbundna liði. Heimilt er að breyta upphæðum óbundinna liða þannig að ef einn útgjaldaliður hækkar verður annar að lækka á móti til að kostnaður samtals hækki ekki umfram viðmiðunarmörk áætlunarinnar. Fjárhagsár skólans er almanaksárið eins og í öllum almennum rekstri. Endurskoðuð áætlun með viðaukum fyrir árið 2022 var 828.190.876 kr. Þegar upp er staðið var staðan í árslok 804.313.309 kr. eða um 24 milljónum undir áætlun.

Eftirfarandi verkefni og búnað þarf að hafa í huga við næstu fjárhagsáætlunargerð:

Endurnýjun á nemendahúsgögnum, 3-4 kennslustofur á ári.

Kaupa þarf 2-3 skjávarpa á ári þar sem þeir ganga úr sér, eða aðrar lausnir t.d. Air Server.

Einnig 2-3 tölvur fyrir starfmenn.
Gera ráð fyrir ípada í einn árgang, endurnýjun á ípöðum á yngsta stigi og endurnýjun á nokkrum ípöðum fyrir kennara.
Þanta þarf chromebooks fyrir elsta stig
Ný tjöld vantar í salinn.
Gardínur í nokkrar stofu í viðbót við það sem var gert í vetur.
Kaupa tvær harmonikkuhurðir.
Bæta lýsinguna út í portinu.
Útbúa fatahengi fyrir starfsmenn til móts við ritara. Þarf að vera lokað og læst rými.
Skipta um lyklakerfi í skólanum.
Uppfærsla á körfubolta- og fóboltavelli á skólalóðinni (sjá skýrlsu frá húsverði).
Hurðarnar í hvíta húsinu inn í kennslustofurnar (í elsta hlutanum) eru þarfnast viðgerða, einnig glerið í gluggunum í þeim hluta orðið lélegt.
Ný útihurð við Austurveg.

Starfsmarkmið 2022-2023

1. Að styrkja samstarf heimila og skóla

Leiðir: Auka upplýsingaflæði skólans með meiri upplýsingum á heimasíðunni og halda áfram að vera virk á Instagram. Kennarar skipuleggja heimsóknir foreldra í kennslustundir am.k. tvisvar að vetri. Einnig verður seinni foreldraviðtalsdagurinn með nemendastýrðum viðtölum.. Aukin notkun í skráningum allra kennara í mentor og áhersla lögð á að skrá námsframvindu og hæfnikortið notað frá upphafi skólaársins.

Mat: Könnun verður lögð fyrir foreldra að vori og kennara á kennarafundi (með padlet).

2. Að skerpa á fjölbreyttu námsmati.

Leiðir: Áhersla lögð á fjölbreytt námsmat við gerð kennsluáætlana og námslota að hausti.

Mat: Kennarar kynna námsmat fyrir hverjum öðrum á kennarafundum.

3. Leiðsagnarnám

Leiðir: Tveggja ára þróunarverkefni hefst í haust fyrir alla kennara. Kennarar fara eftir þeim ramma sem smíðaður verður og nýti sér þá þekkingu sem til verður.

Mat: Könnun lögð fyrir kennara að vori á kennarafundi (padlet).

4. Velliðan starfsfólks

Leiðir: Athugað verður með betri loftræstingu á vinnuherbergi. Vinnustytting almenna starfsfólksins og sveigjanlegri viðvera kennara endurskoðuð. Vinnuandateymi starfsmanna skipuleggi eina samveru í mánuði. Stefnt verður að hálfsmánaðarlegum fundum deildarstjóra og stuðningsfulltrúa.

Mat: Könnun lögð fyrir kennara að vori á kennarafundi (padlet) og starfsmannakönnun Skólapúlsins, ásamt starfsmannaviðtölum.

5. Velliðan nemenda

Leiðir: Er verið að vinna að skipulögðum hætti að innleiða geðheilbrigðstíma inn í lífsleikni með námskrá. Bæta aðstöðu nemenda innanhúss með því að kaupa afþreyingartæki.

Mat: Skólapúlsinn



Samræmd próf

Engin samræmd próf voru haldin þetta skólaár og er verið að endurmeta með hvaða hætti þau verða í framtíðinni hjá Menntamálastofnun.

Forföll nemenda

Samkvæmt því sem skráð hefur verið í mentor hefur ástundum nemenda við skólann verið sem hér segir skólaárið 2022-2023.

Leyfisdögum og veikindadögum nemenda hefur fjölgað þó nokkuð á milli ára.



Forföll starfsfólks

Samkvæmt skráningum er fjarvera starfsmanna eftirfarandi skólaárið 2022-2023
Skiptivinnutímar kennara í vetur 2216
Greiddir tímar 884
Greitt v/félagsstarfa 183
Felldir tímar 404
Leyfis dagar 292
Veikindadagar (30 dagar + teljast ekki með) 845
Veikindadagar barna 121
Önnur störf og námsleyfi 27
Samtals fjarvera starfsmanna 1.285 eða ca. 18,3 á hvern og einn starfsmann - fyrir utan vinnustyttingar.

Samstarf Grunnskólans og leikskólanna

Samstarf Grunnskólans og leikskólanna er í nokkuð föstum skorðum. Nemendur í verðandi 1. bekk komu í þrjár heimsóknir. Í fyrstu heimsókninni skoðuðu þeir skólann með leikskólakennurunum sínum og stjórnendum GÍ. Í annarri heimsókninni fóru þeir í kennslustund með 1. bekk og í síðustu heimsókninni komu þeir í vorskóla þar sem þeir hittu verðandi kennarana sína og voru með þeim í ýmsum verkefnum í klukkustund. 7. bekkingar og verðandi 1. bekkingar áttu svo skemmtilegan dag saman í lok skólaársins. Á vorin eru skilafundir þar sem aðilar leikskólans skila upplýsingum varðandi nemendur og gengi þeirra til grunnskólans.

Starfsmannasamtöl

Starfsmannasamtöl eru vettvangur fyrir skoðanaskipti og eiga að bæta tengsl starfsmanns og yfirmanns. Tilgangur með starfsmannasamtölum er að gefa stjórnendum og starfsmönnum tækifæri til að ræða starfið og gagnkvæmar væntingar. Að starfsmaður verði betur búinn undir að takast á við framtíðarverkefni. Að huga að þroska starfsmanns og þróun viðfangsefna hans til lengri tíma. Að meta þörf á fræðslu. Allir starfsmenn skólans eiga rétt á slíku viðtali og geta óskað eftir að koma í viðtal til ákveðins stjórnanda að öðru leyti skipta stjórnendur með sér verkum.

Aðkeypt þjónusta

Skólinn fær sérfræðiþjónustu af Skóla- og tómstundasviði Ísafjarðarbæjar varðandi greiningar og stuðning við nemendur og starfsfólk, svo sem þjónustu skólasálfræðinga og talmeinafræðings. Úlkabjónusta er keypt af ýmsum aðilum og einnig þarf stundum að kaupa þjónustu iðnaðarmanna vegna ýmissa smáverkefna.

Skrifstofa Grunnskólans á Ísafirði

Ritari á skrifstofu skólans er einn, Ólöf Anna Benediksdóttir í 100 % starfi en hún er í fæðingarorlofi til 1.jan 2024 og er Elmar Björgvin Skúlason er starfandi ritari fram til þess tíma. Skrifstofan er opin alla daga frá 7:45 til 15:45, nema á föstudögum til 14:00. Helstu verkefni á skrifstofunni hafa verið símsvörun, móttaka og upplýsingagjöf bæði til nemenda, foreldra, samstarfsmanna og gesta. Ritari skráir forföll nemenda og sér um

skráningar í mötuneyti skólans. Einnig sér hann um skjalavörslu samkvæmt persónuverndarlögum. Ritari hefur einnig umsjón með skrifstofuvörum skólans, s.s. ritföngum og pappír sem og innkaupum á þeim sem, einnig sér hann um innkaup á ritföngum nemenda.

Samvinna og tengsl við aðila utan skólans

Grunnskólinn á Ísafirði hefur átt gott samstarf við ýmsa aðila utan skólans. Þeir voru helstir í vetur:

Barna og unglingsgeðdeild Landspítala (BUGL): Nemendum með alvarleg hegðunarvandkvæði eða tilfinningalega erfiðleika er vísað á BUGL til greiningar og/eða meðferðar.

Björgunarfélag Ísafjarðar: Nemendur í 8.-10. bekk fá þátttöku sína metna sem val.

Bæjarskrifstofa: Nemendur í menningarlæsi og sköpun heimsóttu skrifstofuna og fengu kynningu á stjórnsýslu og viðtal við bæjarstjóra.

Bæjarbókasafnið: Bekkir fóru í heimsókn yfir allan veturinn og fóru á jólasýningu. Nemendur kynntu sér sumarlestur bókasafnsins og skráðu sig mörg til leiks.

Byggðasafnið: Nemendur í menningarlæsi og sköpun heimsóttu safnið að hausti. Nemendur á yngsta stigi fóru á jólasýningu sem og nemendur í 7. bekk.

Dægradvöl: Nemendur í 1.-3. bekk geta sótt dægradvölinu eftir að skóla lýkur. Íþrótt- og tómstundafulltrúi hefur umsjón með rekstrinum.

Fablab: Kennsla fer fram í valgreinum bæði á mið- og unglingsstigi.

Fasteignir Ísafjarðarbæjar ehf: Er eigandi alls húsnæðis og sér um viðhald og endurnýjun á því.

Ferðapjónusta fatlaðra: Sér um akstur fyrir fatlaða nemendur skólans.

Félagsmiðstöðin Djúpið: Er rekin af íþrótt- og tómstundaráði bæjarins. Félagsmiðstöðin er opin nemendum unglingsstigs á skólatíma, síðdegis og nokkur kvöld í viku. Mikið samstarf er við félagsmiðstöðina, t.d. Samfés söngvakeppnin og ýmislegt annað félagsstarf nemenda.

Foreldrafélag G.Í.: Sér um ýmsa viðburði fyrir nemendur, meðal annars Halloween ball í október og vorhátíð í júní.

Golfklúbbur Ísafjarðar: tók á móti 7. bekk og kenndi þeim undirstöðuatríðin í golfi í maí.

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins (GRR): Börn með alvarlega námserfiðleika og þroskafrávik fá í flestum tilvikum greiningu á GRR.

Gróandi: Nemendur í 7. bekk aðstoða á náttúrudegi.

Grunnskólar Ísafjarðarbæjar: Samstarf milli grunnskóla í Ísafjarðarbæ er með ýmsum hætti. Sameiginleg námskeið fyrir kennara og starfsfólk skólanna hafa verið haldin. Skólastjórnendur funda um það bil einu sinni í mánuði ásamt sviðsstjóra skóla-og tómstundasviðs.

Háskóli Íslands - menntavísindasvið: Skólinn tekur árlega á móti kennaranemum í æfingakennslu. Einnig kom Háskólalestin þetta árið.

Háskólinn á Akureyri: Samstarf vegna byrjendalæsis og kennaranema.

Heilbrigðisstofnun Ísafjarðarbæjar: Heilsugæsla skólans er á vegum heilbrigðisstofnunar og er hjúkrunarfræðingur í hlutastarfi við skólann fjóra daga vikunnar.

Hólar í Dýrafirði: tóku á móti 3.bekk í sveitaferð.

HSV: Samstarfsaðili vegna frístundar – íþróttaskólinn.

Ísfirðingafélagið í Reykjavík: Hefur í mörg ár veitt útskriftarnema peningaverðlaun fyrir lofsverða ástundun og virka þátttöku í félagsstarfi.

Ísafjarðarkirkja: Kirkjan hefur tekið á móti þeim bekkjum(árgöngum) sem þess óska og kynnt fyrir þeim starfið í kirkjunni. Skólaslit Gí fara einnig ávallt fram í kirkjunni.

Kiwanis klúbburinn á Ísafirði: Færir 1. bekkingum reiðhjólahljalma.

Kvenfélagið Hlíf: Veitir nemendum í 10. bekk viðurkenningar fyrir verk- og listgreinar.

List fyrir alla: 8. og 9. bekkur tók þátt í listasmiðjum á vegum verkefnisins, þar sem unnið var með líffjölbreytileikann á norðurslóðum og veðrið og veðurkerfi.

Listaskóli Rögnvaldar: Nám við skólann fæst metið sem val í 9. og 10. bekk.

Litla Act Alone bauð öllum nemendum skólans á sýningar. Yngsta stigið sá sýninguna Sól á Vestfjörðum og eldri nemendur Lalla töframanninn.

Tangi (fimm ára deild frá Sólborg): Grunnskólinn og leikskólinn hafa með sér samstarf sem miðar að því að viðhalda góðum tengslum og samvinnu á milli skólastiganna. Leikskólabörnum er boðið í skólaheimsóknir.

Melrakkasetrið í Súðavík: Tóku á móti 2. bekk og 9. bekk að vori

Menntaskólinn á Ísafirði: Mí býður 10. bekkingum í námskynningu.

Orkubú Vestfjarða: Tók á mót 8. bekkingum í Mjólka og nemendum í 7. bekk var boðið í heimsókn í Mjósund.

Rótarý – klúbbur Vestfjarða: Veitir nemendum í 8.-10. bekk viðurkenningar fyrir ástundun og framfarir.

Safn Jóns Sigurðssonar á Hrafnseyri: Tekur á móti 8. bekk á hverju ári.

Samtökin 78: Veittu nemendum í 7.-10. bekk hinsegin fræðslu sem og starfsfólki skólans.

Skíðasvæði Ísafjarðarbæjar: Gott samstarf er á milli skíðasvæðisins og skólans vegna skíðaferða nemenda.

Skólabúðirnar að Reykjum Hrútafirði: Nemendur í 7. bekk hafa farið í mörg undanfarin haust í skólabúðirnar.

Skóla- og tómstundasvið: Hefur rekstrarlegt og faglegt eftirlit með starfsemi skóla Ísafjarðarbæjar. Skóladeild veitir eftirfarandi sérfræðipjónustu; einstaklingsþjónusta - greining og úrræði. T.d. sálfræðileg og kennslufræðileg greining námsvandamála og greining samskipta og hegðunarvandamála. Sérkennsluráðgjöf og aðstoð við áætlanagerð. Handleiðsla og ráðgjöf til starfsfólks skóla og foreldra.

Slökkvilið Ísafjarðarbæjar: Slökkviliðsmenn heimsækja 3. bekkinga og eru með eldvarnafræðslu. Samstarf vegna rýmingaræfinga og starfskynninga. Sér um eldvarnareftirlit í skólanum

Snjóflóðasetrið á Ísafirði: Nemendur í útivist á unglingsstigi fengu heimsókn frá starfsmanni snjóflóðasetursins sem fræddi þau um snjóflóð og leyfði þeim að æfa sig í notkun snjóflóðayla.

Stöðin: Nemendur á unglingsstigi fóru í nokkra íþróttatíma.

Tónlistarskóli Ísafjarðar: Grunnskólinn fær mjög oft aðgang að Hömrum, sal tónlistarskólans. Dagur íslenskrar tungu er haldinn 16. nóvember þar sem allir nemendur koma saman í hópum. Lokakeppni stóru upplestrarkeppinnar í 7. bekk er haldinn í Hömrum. Tónlistarskólinn bauð nemendum 1. bekkjar upp á samsöng í allan vetur.

Þjóðminjasafn Íslands: Leikjakista í láni fyrir 2. bekk.

Vestfirskar ævintýraferðir: Sjá um áætlunarakstur og skólaakstur, ásamt akstri í ýmsar ferðir á vegum skólans.

Kristján Arnar Ingason, skólastjóri